

KITTÝ JOHANSEN

### Leið alltaf vel í Bryggjuhverfinu

Hús Fasteignir

allt í MIÐJU BLADSINS



BRITNEY OG KEVIN

### Sjá fram á erfiða tíma

Fræga fólkíð sýnir enga miskunn í skilnaðarmálum

FÓLK 32



JÓNAS JÓNASSON

### Þátturinn hefur mótað mig og agað

Hefur stjórnað Kvöldgestum í 25 ár

TÍMAMÓT 24



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. nóvember 2006 — 304. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## MÁNUDAGUR

### Sáttur við Craig



Pétur Ívarsson og aðrir íslenskir Bond-aðdáendur eru spennir fyrir Daniel Craig í hlutverki njónsara hennar hátignar.

FÓLK 42

### Í skugga sprengjunnar

Af kjarnorkubrygjum, almannavarnalúðrum og ótta.

TILVERAN 16

### Tjáir tilfinningar á netinu

Daði Sveinsson tjáir tilfinningar eftir pöntun á blogg-síðu sinni á netinu.

FÓLK 42




### Ragna sigraði í einliðaleik



Ragna Ingólfssdóttir sigraði í einliðaleik kvenna á alþjóðlegu badmintonmóti sem lauk hér á landi í gær.

ÍÞRÓTTIR 72

### VEÐRIÐ Í DAG



**VETUR** Í dag verður yfirleitt hvöss norðaustan átt en þó hægari sunnan til í fyrstu. Snjócoma en úrkomulítið syðra. Kólnandi veður og frýstir um allt þegar liður á daginn.

VEÐUR 4

## Framlög lækkuð til fíkniefnaforvarna

Framlög ríkisins til forvarna vegna áfengis- og vímuefnamála hafa lækkað frá árinu 2000 að raunvirði. Framsókn blekkti Íslendinga með fyrirheitum sínum um milljarð til baráttunnar gegn fíkniefnum, segir þingmaður Samfylkingar.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er augljóst að Framsóknarmilljarðurinn er týndur og tröllum gefinn. Framsóknarflokkurinn stendur nú frammi fyrir því að hafa blekkt þúsundir Íslendinga með fyrirheitum sínum,“ segir Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, um niðurstöðu athugunar Fréttablaðsins á framlagi stjórnvalda til forvarna í áfengis- og vímuefnamálum. Sú athugun leiddi í ljós að framlagið hefur dregist saman um 7,3 prósent á tímabilinu 2000-2006 ef miðað er við verðlag dagsins í dag.

Í aðdraganda alþingiskosninganna árið 1999 lofaði Framsóknar-

flokkurinn milljarði til baráttunnar gegn fíkniefnum og hafa talsmenn flokksins margt sagt hafa uppfyllt það loforð.

Bein framlög til forvarna í þessum málaflokki eru afgreidd í gegnum Forvarnasjóð, en hann heyrir undir Lýðheilsustöð. Núvirði framlagsins í sjóðinn árið 2000 er 93,3 milljónir króna en í fjárlögum ársins 2006 er það framlag 86,5 milljónir. Það þýðir að raunlækkun á framlagi í sjóðinn er 6,8 milljónir króna á tímabilinu.

Helmingurinn af því ráðstöfunarfé sem sjóðurinn hefur til umráða hvarju sinni er nýttur í innanhússverkefni hjá Lýðheilsustofnun

tengd áfengis- og vímuefnaforvörnum auk launagreiðslna og kostnaðar við rekstur sjóðsins. Afganginum er skipt milli grasrótarsamtaka og annarra aðila sem sækja um styrki úr sjóðnum. Í ár sóttu 82 aðilar um og fimmtíu þeirra fengu styrki. Þeim var gert að skipta 43,3 milljónum á milli sín. Meðalframlag til hvers og eins var því 866 þúsund krónur.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir það af þrönga nálgun að einblína á eitt atriði þegar forvarnir í þessum málaflokki séu skoðaðar og telur að forvörnum sé ágætlega sinnt hér á landi.

- þsj / sjá síðu 4



Á VETTvangi Draga þurfti þrjá bíla af vettvangi slyssins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Beltin björguðu tvíburum: Þrír slösuðust í hörðum árekstri

**SLYS** Tvíbúrar á leikskólaaldri og karlmaður á sextugsaldri slösuðust lítillaga í nokkuð hörðum fjögurra bíla árekstri á gatnamótum Reykjanesbrautar og Arnarnesvegur. Áreksturinn varð um klukkan hálf sjö í gærkvöldi. Að sögn lögreglu vildi það börnunum til happs að þau voru í bílstólum.

Tildrög slyssins eru óljós. Grunur leikur þó á að einhver hafi ekið gegn rauðu ljósi. „Það eru umferðarljós á gatnamótunum þannig að það er kannski hægt að leggja saman tvo og tvo,“ sagði varðstjóri lögreglunnar í Kópavogi. Draga þurfti þrjá bíla af vettvangi.

- sh

### Molnaðir peningaseðlar: Evrurnar tól til fíkniefnaneyslu

**ÞÝSKALAND** Vísindamenn í Þýskalandi telja sig hafa fundið ástæðu þess að um 1.500 evruseðlar af mismunandi verðgildi molnuðu í sundur í höndum eigenda sinna skömmu eftir að þeir voru teknir úr hraðbönkum víða um landið.

Efnagreining leiddi í ljós að á flestum seðlunum voru örsmáir amfetamínkrystallar og þar talið benda til þess að fíkniefnaneytendur hafi rúllað þeim upp í vafning og notað til að sjúga amfetamín upp í nef sér. Þegar efni sem eru í amfetamíni blandast við svita myndast sýrur sem vísindamenn telja að hafi leyst seðlana upp.

- sh



**HEIMSMEISTARI** Kópavogströllið Auðunn Jónsson, nýkrýndur heimsmeistari í kraftlyftingum, fagnar hér með Tönju Líf, fjögurra ára dóttur sinni, við komuna til landsins í gær. Auðunn bar sigurof af keppinautum sínum í 125 kílógramma flokki á mótinu sem fram fór í Stavangri í Noregi. Athygli vakti að Auðunn, sem var með alskegg við verðlaunaafhendinguna í Noregi, kom nýrakaður á Frónið. „Ég ákvað að láta það fjúka á tímamótunum,“ sagði Auðunn. „Ef ég hefði tapað hefði ég kannski haldið því.“

MYND/MÍKURFRETIR

Arabarákin vilja efna til friðarráðstefnu um Ísraelsdeiluna:

## Palestínუმენн hafa fallist á að taka þátt í friðarráðstefnu

**KAIRÓ, AP** Mahmoud Zahar, utanríkisráðherra Palestínustjórnar, féllst í gær á tillögu frá arabarárikjum um að haldin verði friðarráðstefna í Egyptalandi þar sem reynt verði að finna lausn á deilunni við Ísraelsríki.

Zahar er meðlimur í Hamas-samtökunum, en þetta er í fyrsta sinn sem þau ljá máls á því að semja um frið við Ísrael. Samtökin hafa jafnan neitað að viðurkenna tilveru Ísraelsríkis, en þau hafa á hinn bóginn verið til í að semja um vopnahlé til langs tíma.

Mark Regev, utanríkisráðherra Ísraels, sagði aftur á móti í gær að Ísraelar gætu ekki átt nokkrar viðræður við Hamas fyrr en samtökin

hefðu viðurkennt tilveru Ísraels og hafnað því að beita ofbeldi gegn Ísrael.

Zahar sótti í gær, í fyrsta sinn frá því Hamas-samtökin náðu meirihluta í Palestínu á síðasta ári, fund utanríkisráðherra arabarárikjanna, sem haldinn var í Kairó í gær.

Ráðherrarnir samþykktu að efna til friðarráðstefnu með þátttöku arabarárikja, Ísraels og fastfulltrúum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna til þess að semja um frið í deilu Ísraels og araba, sem reistur yrði á grundvelli ályktana Sameinuðu þjóðanna og því meginatriði að Ísraelsríki afhendi hertekin svæði í skiptum fyrir frið.

- gb



**MAHMOUD ZAHAR, UTANRÍKISRÁÐHERRA PALESTÍNUSTJÓRNAR** Myndin er tekin á neyðarfundum utanríkisráðherra arabarárikjanna í höfuðstöðvum Arababandalagsins í Kairó í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FORSALAN Á NÝJU JAMES BOND MYNDINA ER HAFIN Á MIDI.IS/BIO**

**CASINO ROYALE**

HEIMSFRUMSÝND 17.11.2006

**midi.is**  
www.midi.is/bio

**Náttúruvernd og nýting náttúruauðlinda**

**Er sátt í sjónmáli?**

Opinn framhaldsfundur SI um nýja skýrslu auðlindanefndar á Grand Hótel þriðjudaginn 21. nóv. nk.

Sjá dagskrá á [www.si.is](http://www.si.is)

**SI** Samtök iðnaðarins





Do you speak English, Niels?

Yes I do, a little. Og get þjargað mér þokkalega í veitingahúsum á erlendri grund.

Niels S. Olgeirsson, formaður Matvæla- og veitingafélags Íslands, sagði í Fréttablaðinu í gær að veitingahúsgestir kvarti undan erlendu starfsfólki sem tali ekki einu sinni ensku.

Grunur um hraðbankasvik: Tveir Rúmenar í gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Tveir Rúmenar um þrítugt sem grunaðir eru um stórfelld fjárvik í kjölfar þess að kortalestursbúnaður fannst á tveimur hraðbönkum á höfu-borgarsvæðinu voru í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 24. nóvember.

Búnaðurinn sem um ræðir afritar upplýsingar greiðslu-korta og pin-númer viðskipta-vina hraðbankanna. Hann getur litið út fyrir að vera eðlilegur hluti af bönkunum og er oft á tíðum komið fyrir við kortarauf þeirra eða fyrir ofan lykllaboró-ið. Lögreglan varðist allra fréttu af málinu í gær og sagði rannsókn þess á viðkvæmu stigi. - þsj

Innflytjendur í Danmörku: Börnin endast skemur í skóla

**DANMÖRK** Rúmlega fjórutíu prósent barna innflytjenda í Danmörku hætta námi eftir að skólaskyldu lýkur. Þetta gerist þrátt fyrir að afkomendurnir séu fæddir og uppaldir í landinu.

Til samanburðar þá er hlutfallið helmingi lægra meðal barna með danskan bakgrunn, eða einn á móti fimm. Þetta er niðurstaða könnunar sem Samstök atvinnurekenda í Danmörku gerðu og greint er frá í Berlingske tidende í gær. - ks

## SAMGÖNGUR

Storfoss bætist í flotann

Nýtt frystiskip bætist í flota Eimskips á laugardag. Skipið fékk nafnið Storfoss, sem er í samræmi við þá hefð fyrirtækisins að nefna öll skip sín eftir fossum. Storfoss er blanda af frysti- og gámaskipi, 80 metra langt og 16 metra breitt. Burðargeta skipsins verður 2.500 tonn.

## BÍLL DAGSINS

### SUZUKI GRAND VITARA V6

Nýskr. 06.03 - Sjálfsskiptur - Ekinn 1þús. km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Karlmaður lést eftir að bifreið sem hann var farþegi í skall á steiptum vegg:

# Banaslys á Reykjanesbraut

**UMFERÐARMÁL** Pólskur karlmaður á þrítugsaldri lést á laugardagskvöld þegar bifreið sem hann var farþegi í skall á steiptum vegg við Reykjanesbraut skammt frá nýrri verslun IKEA í Garðabæ. Tveir landar hans voru með honum í bílnum en þeir sluppu báðir með minniháttar meiðsl.

Töluverðar vegaframkvæmdir standa yfir á þeim slóðum sem slysið varð og er talið að ófullnægjandi merkingar á svæðinu hafi haft áhrif á það að ökumaður bifreiðarinnar missti stjórn á henni. Veglýsing er auk þess lítil á þessu svæði Reykjanesbrautarinnar.

Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, sagði í kvöldfréttum NFS í gær að mjög skýrar reglur gildi um hvernig haga bæri merkingum við framkvæmdir. Reglunum virðist hins vegar ekki fylgt eftir og greinilegt sé að eftirliti sé ábótavant. Hann sagði bæði Vegagerðina og lögreglu sinna eftirliti af þessu tagi og að þeir aðilar verði að svara fyrir það af hverju eftirfylgnin er ekki meiri.

Einar sagði að mjög víða megi finna dæmi um óviðunandi merkingar nálægt umferð og nefndi sem dæmi á Sundabraut og við Kalkofnsveg í Reykjavík. Ólíðandi



**IKEA VIÐ REYKJANESBRAUT** Merkingum við vegaframkvæmdir á svæðinu er ábótavant auk þess sem veglýsing er lítil.

se að ekkert sé aðhafst í þessum málum. - þsj

# Bush mun fallast á breytingar í Írak

Í dag og næstu daga skýrist nokkuð hversu stefnubreytinga er að vænta af hálfu Bandaríkstjórnar varðandi stríðið í Írak. Bush ætlar að hitta Íraksnefndina í dag.

**WASHINGTON, AP** „Enginn getur verið ánægður með ástandið í Írak núna,“ sagði Josh Bolton, starfsmannastjóri Hvíta hússins og æðsti ráðgjafi George W. Bush Bandaríkjaforseta. „Allir hafa lagt hart að sér, en það sem við höfum verið að gera hefur ekki virkað nógu vel eða nógu hratt. Þannig að greinilega er kominn tími til að líta á vandann öðrum augum,“ sagði hann í gær.

Eftir sigur demókrata í þingkosningunum á þriðjudaginn og brotthvarf Donalds Rumsfeld úr embætti varnarmálaráðherra þykir fullvíst að Bush muni fallast á töluverðar breytingar á áherslum í stríðinu, þótt enn sé ekki ljóst í hverju þær breytingar verða fólgnar og ekki víst að þær verði mjög róttækar.

Í dag ætla Bush og aðrir helstu ráðamenn öryggis- og hernaðarmála í Bandaríkjunum að setjast niður með Íraksnefndinni, sem hefur frá því í haust farið ofan í saumana á því sem úrskæiðis hefur farið í stríðinu í Írak og leit að leiða til þess að bæta þar úr.

Formenn nefndarinnar eru repúblíkaninn James A. Baker, fyrrverandi utanríkisráðherra, og demókratinn Lee Hamilton, fyrrverandi þingmaður.

Nefndin sagðist í haust ætla að birta niðurstöður sínar opinberlega eftir að þingkosningar hefðu farið fram, en þær fóru fram í síðustu viku. Fyrir kosningarnar höfðu fjölmiðlum þó borist til eyrna eitthvað af því sem komið hefur til tals á fundum nefndarinnar, þar á meðal að nefndin telji nauðsynlegt annað hvort að gera áætlunum um brotthvarf banda-



**Í STUÐI MEÐ DÁTUNUM** Verðandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna brá á leik með kadettum úr hernum á íþróttaleikvangi í Texas um helgina, þar sem lið Texas A&M háskólans, þar sem Robert Gates er rektor, keppti við lið frá Nebraska. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ríska hersins frá Írak eða fá bæði írönsk og sýrlensk stjórnvöld til samstarfs.

Einn af nefndarmönnum er Robert Gates, verðandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og það eitt þykir benda til þess að tillögur nefndarinnar slái tóninn um það hvaða stefnubreytinga er að vænta af hálfu Bandaríkstjórnar varðandi stríðið í Írak.

Carl Levin, öldungardeildarþingmaður fyrir Demókrataflokk-

inn, sagðist í gær telja nauðsynlegt að byrjað verði að flytja bandaríska hermenn heim frá Írak innan hálfis árs. Levin verður að öllum líkindum formaður hermálanefndar deildarinnar þegar nýtt þing tekur til starfa í byrjun næsta árs, þannig að væntanlega gefa orð hans til kynna hvað demókratar leggja áherslu á, nú þegar þeir verða í meirihluta í báðum deildum Bandaríkjaþings.

gudsteinn@frettabladid.is

Slys á olíuflutningaskipi:

# TF-LÍF sótti fót-brotinn Rússa

**BJÖRGUN** TF-LÍF, þýrla Landhelgisgæslunnar, sótti í gær slasaðan rússneskan sjómann á olíuflutningaskip sem státt var um 210 sjómílum suðvestur af landinu. Maðurinn, sem hlaut opið fótbrott, var fluttur á Landspítalann í Fossvogi og kom þangað rúmlega fimm síðdegis.

Nýja þýrlan, sömu tegundar og TF-LÍF, var einnig send af stað til öryggis vegna þess hversu löng flugleiðin var. Skyggni var gott og vel gekk að síga að sögn Gæslunnar, enda skipið með sérútbúnum palli sem auðveldaði lendingu. Það var á leið til New York með 25.000 tonn af olíu. - sh

Bandarískir embættismenn:

# Telja Kastró vera dauðvona

**WASHINGTON, AP** Bandarískir embættismenn og lækmar á vegum þeirra hafa fylgst grannt með



FIDEL KASTRÓ

fréttum og myndbirtingum af Fidel Kastró Kúbuleiðtoga. Þeir telja fullvíst að hann sé með krabba-mein og lifi vart út árið 2007.

„Þetta er mál sem ég vil ekki vera með neinar vangaveltur um,“ sagði Felipe Perez Roque, utanríkisráðherra Kúbu, í viðtali við AP fréttastofuna í síðustu viku.

Þessi orð hans urðu einungis til þess að styrkja grun þeirra, sem telja Kastró alvarlega veikan. - gb

Samfylkingin í suðvestri:

# Gleymdu 87 atkvæðaseðlum

**PRÓFKJÖR** Tæplega hundrað atkvæði voru ekki talin í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi á dögunum. Kjörstjórn sendi í gærkvöldi frá sér yfirlýsingu þar sem fram kom að 87 atkvæði hefðu gleymst. Í yfirlýsinguinni kemur fram að kjörstjórnin hafi yfirfarið þessa kjörseðla vandlega og komist að því að þeir breyti engu um röð manna á listanum. Kjörstjórnin biðst velvirðingar á mistökunum. Mjött var á mununum milli Gunnars Svavarssonar og Þórunnar Sveinbjarnardóttur í fyrsta sæti listans. - sh

## ÖRNEFNANEFND

Biskup er á Geirólfsfnúpi

Örnefnanefnd hefur leyst úr ágreiningsmáli sem var uppi og úrskurðað að örnefnið Biskup eigi við klettdrang yst á Geirólfsfnúpi. Þetta kom fram á fundi bæjarráðs ísafjarðar sem fagnar úrskurðinum.

Prófkjör sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi:

# Fjórir af sex efstu eru nýliðar

**STJÓRNMÁL** Prófkjör sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi á laugardag einkenndist af mikilli óvissu meðan á talningu stóð um það hver myndi hljóta 4. sæti.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra bauð sig ein fram í 1. sæti listans og fékk stuðning 81 prósentas þátttakenda í prófkjörinu í það sæti.

Alls höfðu 11.700 manns atkvæðisrétt og af þeim greiddu 6.174 gild atkvæði.

Bjarni Benediktsson alþingismaður var sá eini sem sóttist eftir 2. sæti og fékk það með stuðningi 88 prósentas þátttakenda.

Ármann Kr. Ólafsson bæjarfulltrúi fékk örugga kosningu í 3. sæti með 42 prósentas stuðningi í þrjú efstu sætin.

Þau Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri og Jón Gunnarsson



**VAKTASKEIPI** Sigurros Þorgrímsdóttir alþingismaður náði ekki bindandi kosningu í prófkjörinu en Ármann Kr. Ólafsson er næsta öruggur með þingmannstól eftir slag helgarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

framkvæmdastjóri, sem föluðust eftir 3. sætinu eins og Ármann, háðu harða baráttu allt til loka

## ÚRSLIT PRÓFKJÖRS Sjálfstæðisflokks í suðvesturkjördæmi

1. Þorgerður K. Gunnarsdóttir	5002
2. Bjarni Benediktsson	5432
3. Ármann Kr. Ólafsson	2595
4. Jón Gunnarsson	2425
5. Ragnheiður Elín Árnadóttir	3303
6. Ragnheiður Ríkharðsdóttir	3513
- Alls atkvæði	6409

talningarinnar um 4. sætið. Svo fór að lokum að Jón hafði betur. Ragnheiður fékk 38 atkvæðum minna en Jón í 4. sætið og hlaut 6. sætið.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarkona Geirs Haarde forsætisráðherra, náði 5. sætinu.

Ekkí voru gefin upp fleiri sæti en áðurnefnd sex efstu sem eru bindandi. - gar



# SVIK OG TRYGGÐ

LÆVÍSLEGAR GRUNSEMDIR

## DJÚP EINSEMD

SÁRAR AFHJÚPANIR ÁSTRÍÐUFULL ÞRÁ  
LEIKUR AÐ ELDI



Áhrifamiklar  
sögur um ástina  
eftir eitt vinsælasta  
sagnaskáld  
þjóðarinnar.

Bókin kemur út  
samtímis á Íslandi  
og í Bandaríkjunum.



Aldingarðurinn er áhrifamikið bókmenntaverk sem fjallar um dýpstu þrá hversrar manneskju; þrána eftir ást, en jafnframt margrætt eðli ástarinnar og sannra tilvinninga. Sjaldan hefur Ólafi Jóhanni tekist eins vel upp og í þessari bók.



HVITA HÖSIB / STA

  
Edda  
edda.is



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	67,29	67,61
Sterlingspund	129,05	129,67
Evra	86,66	87,14
Dönsk króna	11,618	11,686
Norsk króna	10,567	10,629
Sænsk króna	9,550	9,606
Japanskt jen	0,5732	0,5766

SDR	100,22	100,82
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

119,5097

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



SUÐURGATA Háskólinn vill vernda gangandi fólk með göngum undir Suðurgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Gangandi háskólafolk: Rautt ljós á undirgöng

**SKIPULAGSMÁL** Útlit er fyrir að Háskóli Íslands fái ekki umbeðin göng undir Suðurgötu. Háskólinn vildi samvinna við borgina um að grafa göngin sem yrðu undir Suðurgötu sunnan Brynjólfsgötu og myndu tryggja betur öryggi gangandi vegfarenda.

Framkvæmdasvið borgarinnar segir að þótt lengi hafi verið gert ráð fyrir þessum undirgöngum hafi nú verið gerðar ýmsar úrbætur á Suðurgötu, eins og gangbrautarljós við Guðbrands götu og umferðarljós við Brynjólfsgötu. Þess utan sé rétt að bíða þess að áætlanir háskólans um uppbyggingu vestan Suðurgötu liggi fyrir.

- gar

## HÚSAVÍK

### Þrjár milljónir í lögmenn

Bygðaráð Norðurlands hefur samþykkt aukafjárveitingu upp á þrjár milljónir króna vegna lögræðikostnaðar vegna fyrrihugaðrar stóriðju í landi Bakka við Húsavík.

## GRENIVÍK

### Vilja ekki friðlýstan skaga

Sveitarstjórn Grenivíkur segist ekki mæla með friðlýsingu Gjögursskaga og leggst því gegn frekari undirbúningi friðlýsingar að svo stöddu.

CAPACENT KYNNIR

## NÆSTU NÁMSKEIÐ Á DÖFINNI

Capacent Ráðgjöf býður uppá fjölbreytt tímasett námskeið fyrir stjórnendur, sérfræðinga og starfsfólk fyrirtækja og stofnana.

- Starfsþróun
- Að stjórna jafningjum
- Starfsmannasamtöl
- Að taka á erfiðum starfsmönnum
- Framkoma og ræðumennska
- Traust ráðgefandi sala
- Viðtalstækni, ráðgjöf og starfslok

Skráning og nánari upplýsingar  
Sigrún Árnadóttir í síma 540 1000, namskeid@capacent.is  
og á www.capacent.is/namskeid

Dýravinir leggja hart að Bandaríkjaþingi:

# Hrossum ekki slátrað til manneldis

**BANDARÍKIN** Nú í haust samþykkti fulltrúadeild Bandaríkjaþings bann við því að slátra hrossum til manneldis. Öldungadeildin hefur ekki enn tekið afstöðu til frumvarpsins, en það var lagt fram í öldungadeildinni 25. október síðastliðinn.

Í frumvarpinu er bannað meðal annars rökstutt með því að „ólíkt kúm, svínum og mörgum öðrum dýrum þá eru hestar og önnur dýr hestaættar ekki ræktuð í þeim tilgangi að láta slátra þeim til manneldis“, enda séu „hestar og önnur dýr hestaættar húsdýr sem einkum eru notuð til afþreyingar, ánægju og í íþróttum“.

Einnig er því haldið fram að flutningur hesta í slátruhús fari ekki fram með nógu mannúðlegum hætti og sama megi segja um framkvæmd slátrunarinnar sjálfar.

Lögin voru samþykkt í fulltrúadeildinni þann 7. september með 263 atkvæðum gegn 146. Óvíst er hvort málið verði tekið fyrir í öldungadeildinni, en dýravinir í Bandaríkjunum berjat hart fyrir því.

Bandarískir bændur óttast reyndar að þeir dýravinir, sem barist hafa hvað harðast fyrir því að þingið samþykki bann við slátrun á hestum, leggi næst til atlögu við slátrun annarra dýra, svo sem nauta, svína og kjúklinga,



HESTAR Í BANDARÍKJUNUM Neysla hrossakjöts tókast ekki í Bandaríkjunum, en þar er um 100.000 hrossum slátrað árlega og kjötið selt til útlanda.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á hverju ári er um það bil 100.000 hrossum slátrað í Bandaríkjunum og kjötið selt til neyslu, en nánast ekkert af því er keypt innanlands heldur flutt út til annarra landa. - gb

Útgáfa nýrra atvinnuleyfa:

## Þreföld aukning milli ára

**VINNUMARKAÐUR** Þrefalt fleiri ný atvinnuleyfi voru gefin út á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2006 en á sama tíma í fyrra, alls 2.350 atvinnuleyfi.

Um 64 prósent þessara leyfa eru vegna starfa í byggingariðnaði og að stærstum hluta vegna verkafélks og iðnaðarmanna. Meirihluti fólksins er frá hinum nýju ríkjum Evrópusambandsins, einkum Pólverjar og eru karlmenn 85 prósent þeirra sem hafa fengið ný atvinnuleyfi. Frá 1. maí hafa ríkisborgarar hinna nýju ríkja ESB ekki þurft atvinnuleyfi hér og hefur útgefnum atvinnuleyfum fækkað í kjölfarið. - sdg

# Framlög til forvarna hafa dregist saman síðustu ár

Framlög ríkissjóðs til vímuvarna hafa lækkað um 7,3 prósent frá árinu 2000 ef miðað er við verðlag dagsins í dag. Framsóknarflokkurinn lofaði milljarði í baráttuna gegn fíkniefnum fyrir kosningar árið 1999.

**HEILBRIGÐISMÁL** Framlag ríkissjóðs til forvarnarstarfa vegna áfengis- og vímuvarna hefur lækkað um 6,8 milljónir frá árinu 2000 ef miðað er við verðlag ársins 2006. Framlög

heilbrigðisráðuneytisins til þessa málaflökks eru afgreidd í gegnum Forvarnasjóð sem heyrir undir undir Lýðheilsustöð.

Núvirði framlags ráðuneytisins í sjóðinn árið 2000 er 93,3 milljónir króna. Í fjárlögum ársins 2006 var það framlag 86,5 milljónir króna, eða tæplega sjö milljónum króna lægra. Raunlækkun framlagsins er því 7,3 prósent á þessu tímabili.

Samkvæmt starfslýsingu Forvarnasjóðs er hann stofnun þar sem ríkisstjórnin rekur sitt forvarnarskipti í áfengis- og vímuefnamálum. Hlutverk hans er að styrkja verkefni í þessum málaflökki í samræmi við stefnu og forgangsröðun ríkisstjórnarinnar hverju sinni. Ráðstöfunarfé sjóðsins skiptist þannig að helmingurinn fer í innanhússverkefni tengd áfengis- og vímuefnaforvörnum hjá Lýðheilsustöð auk launagreiðslna og kostnaðar við rekstur sjóðsins. Hinn helmingurinn, sem í ár var 43,3 milljónir, skiptist á milli þeirra aðila sem sækja um styrki úr sjóðnum.

Í ár sóttu 82 aðilar um framlög að upphæð 121,2 milljónir króna. Rúmlega einum þriðja af þeirri upphæð var deilt út. Alls skiptu 50 aðilar með sér þessum 43,3 milljónum.

Meðalframlag til hvers aðila sem vildi stuðla að forvörnum var því 866 þúsund krónur.

Í drögum að fjárlögum fyrir árið 2007 er stefnt að því að framlög til Forvarnasjóðs hækki um 2,3 milljónir, án þess að tekið sé tillit til mögulegrar verðbólgu. Helgi Már Arthursson, upplýsingafultrúi heilbrigðisráðuneytisins, segir að ráðuneytið úthluti einnig mörgum styrkjum til smærri

stofnana af svokölluðu ráðstöfunarfé ráðherra. Á fjárlögum síðustu tveggja ára og í fjárlagsdrögum næsta árs er sú upphæð sem ætluð er sem „ráðstöfunarfé ráðherra“ 8 milljónir króna.

Í aðdraganda þingkosninga árið 1999 lofaði Framsóknarflokkurinn að verja milljarði króna í baráttuna gegn fíkniefnum. Flokkurinn hefur farið með bæði heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið síðan. Í samtaktinni „Verkin tala“ sem Framsóknarflokkurinn gaf út í apríl 2003, er fjallað um verkefni sem stjórnarflokkarnir urðu ásáttir um að takast á við á því kjörtímabili sem þá var að ljúka og hverjar efnidir þeirra verkefna væru. Þar segir meðal annars um efnidir heilbrigðisráðuneytisins að „rúmum milljarði króna hefur verið varið til vímuvarna og vímuefnamála“. Árið 2003 voru framlög í Forvarnasjóð 78,6 milljónir en miðað við verðlag sama árs var framlagið 1999 rúmlega 65 milljónir. Það hækkaði því um 13,6 milljónir á kjörtímabilinu.

thorur@frettabladid.is

## FRAMLÖG TIL FORVARNARSJÓÐS SAMKVÆMT FJÁRLÖGUM 2000-2006

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Visitala neysluverðs	201,5	217,7	224,1	229,0	237,4	248,4	266,2
Framlög til Forvarnasjóðs í milljónum króna	70,6	80,3	79,3	78,6	82	85,8	86,5
Framlög í milljónum króna miðað við verðlag ársins 2006	93,3	98,2	94,2	91,9	91,9	86,5	-
Prósentshlutfall milli ára	-5,25%	-4%	-2,4%	0%	-5,9%	-	-

Við útreikningana er miðað við vísitölu neysluverðs í októbermánuði hvers árs.

## Erfitt að tilgreina upphæðir

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir það of þrönga nálgun að einblína á eitt atriði þegar framlög til forvarna í áfengis- og fíkniefnamálum eru metin. Í þessum áfengis- og vímuefnamálum eru metin. Í þessum áfengis- og vímuefnamálum eru metin. Í þessum áfengis- og vímuefnamálum eru metin.



Forvarnir hafa líka skilað sér mjög vel. Það er nýbúið að kynna niðurstöður HBSC-könnunarinnar sem nær til allra barna í landinu á ákveðnu aldursbili. Hún sýnir að hjá tíunda bekk dregur umtalsvert úr áfengisneyslu. Þannig að það eru mjög góðar vísendingar um að forvarnir hafi skilað góðum árangri.


## Áfellsdómur yfir Framsókn



Björgvin G. Sigurðsson þingmaður lagði fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um forvarnir til fíkniefna í þinginu á miðvikudag en fékk að eigin sögn engin ný svör. „Við erum að bregðast í þessum málaflökki. Forvarnirnar eru allt of litlar og ómarkvissar þó að margt sé að sjálfsgöðu vel gert. Þetta er pólitískt áfall fyrir forystu Framsóknarflokksins sem gerði forvarnarmál og baráttuna gegn fíkniefnum að pólitísku flaggi fyrir nokkrum árum. Það er augljóst að Framsóknarmilljarðurinn er týndur og tröllum gefinn. Framsóknarflokkurinn stendur nú frammi fyrir því að hafa blekkt þúsundir Íslendinga með fyrirheitum sínum. Það harma ég og skora á ríkisstjórnina að taka þessi mál til gagnræmra endurskoðunar og um leið stóruka framlög til forvarna og endurskoða stefnuna í þessum málaflökki. Sú holskefna fíkniefna sem flæðir yfir samfélagið er mikil og út af henni er ákveðinn samfélagsbrestur í þjóðfélaginu.“

## VEÐURSPÁ

### um hádegis




### um hádegis

Kaupmannahöfn	9°C rigning	London	15°C skúrir
Þórshöfn	8°C skúrir	Paris	14°C skúrir
Norðaustan 8-18 m/s	0°C hálfskýjað	Frankfurt	10°C rigning
hvasst síðdegis.	3°C hálfskýjað	Friedrichshafen	7°C skúrir
Úrkomulítið. Kólnandi	8°C skúrir	Berlín	7°C skúrir

### » á morgun



### » miðvikudagur



Alicante	22°C hálfskýjað
Barcelona	18°C hálfskýjað
Algarve	21°C heiðskirt
Krit	20°C alskýjað
Las Palmas	26°C hálfskýjað

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.capacent.is

capacent RÁÐGJÖF





# Tala meira. Borga minna.

**0,00** kr./mín.

Hringt í SKO GSM síma.

**14,90** kr./mín.

Hringt í aðra GSM og heimasíma.

**SMS 4,90** kr.

í alla GSM síma á Íslandi.

**www.sko.is**

SKO býður jafngóða GSM þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð! Það kostar EKKERT að færa GSM símanúmerið til SKO. Þú skráir þig í þjónustuna á [www.sko.is](http://www.sko.is).

**SKO**

ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ



## KJÖRKASSINN



Ertu farin(n) að hlakka til jóllanna?

Já 60%  
Nei 40%

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Ert ánægð(ur) með að Árni Johnsen sé á leið á þing á ný?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Um 30 prósent vildu Ingibjörgu ekki í fyrsta sætið í prófkjöri Samfylkingarinnar:

## Lítill endurnýjun á listanum

**PRÓFKJÖR** 4842 kusu í sameiginlegu prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavíkarkjördæmunum tveimur á laugardag. 7400 Reykvíkingar eru skráðir í Samfylkinguna og miðað við þá tölu var kjörsókn rúmlega 65 prósent. Hins vegar gátu óflokksbundnir einnig kosið ef þeir skrifuðu undir stuðningsyfirlýsingu við framboðið. Sigurður Ásbjörnsson, formaður kjörstjórnar, segir tölur um það hversu hátt hlutfall þeirra sem kusu voru óflokksbundnir ekki liggja fyrir að svo stöddu. Kosning í þrjú efstu sætin er bindandi.

Jóhanna Sigurðardóttir, sem sóttist eftir 2. til 3. sætinu eins og Össur Skarphéðinsson, hlaut einungis 1272 atkvæði í 1. til 2. sætið, á móti 2854 atkvæðum Össurar. Össur lenti í öðru sæti og mun því leiða listann í hinu kjördæminu. Hann hlaut næstflest atkvæði í fyrsta sætið, eða

767, sem eru um tuttugu prósent af heildar-atkvæðafjölda hans.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður flokksins, hlaut 3326 atkvæði í efsta sætið, sem eru um 70 prósent gilda atkvæða. Hún fékk 265 atkvæði í annað sætið. Gild atkvæði voru 4759 sem þýðir að 1168 kjósendur vildu ekki að hún leiddi annan hvorn listann. 680 vildu formanninn hvergi á listann. Þá hlaut Ágúst Ólafur Ágústsson, sem sóttist eftir fjórða sæti, 1212 atkvæði í 2. og 3. sætið, sem eru nánast fjórtíu prósent af heildaratkvæðafjölda hans.

Næstur í prófkjörinu varð Glúmur Baldvins-son, en nafn hans var einungis að finna á 1024 kjörseðlum, sem eru tæp 22 prósent af gildum seðlum. Ingibjörg, Össur, Jóhanna og Ágúst voru þau einu sem náðu settu marki, en Ellert B. Schram sóttist eftir hvaða sæti sem var.

### ÚRSLIT PRÓFKJÖRS Samfylkingar í Reykjavík

1. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir	3326*	4079**
2. Össur Skarphéðinsson	2854	3927
3. Jóhanna Sigurðardóttir	2514	3499
4. Ágúst Ólafur Ágústsson	1807	3167
5. Helgi Hjörvar	2084	3272
6. Ásta Ragnheiður Jóhannesd.	1936	2682
7. Mördur Arnason	2149	2533
8. Steinunn Valdís Óskarsdóttir	2477	2477
9. Kristrún Heimisdóttir	-	2354
10. Valgerður Bjarnadóttir	-	2209
11. Guðrún Ögmundsdóttir	-	2124
12. Ellert B. Schram	-	1921
13. Bryndís Ísfold Hlööversdóttir	-	1583
14. Þórhildur Þorleifsdóttir	-	1219
15. Glúmur Baldvinsson	-	1024

\*atkvæði í sætið  
\*\*heildarfjöldi atkvæða

## Aðalfundur NSS-Hollvinasamtaka

Aðalfundur NSS- Hollvinasamtaka Háskólans á Bifröst verður haldinn mánudaginn 27. nóvember 2006 kl. 20:30 á Grand Hótel í Reykjavík.

### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum samtakanna.
2. Breytingar á félagslögum.
3. Kosning fulltrúa í stjórn Háskólans á Bifröst.
4. Kynning á starfsemi Háskólans á Bifröst.

Stjórn NSS-Hollvinasamtaka

www.bifrost.is 311 Borgarnes | Sími 433 3000

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

## BOÐEIND.IS

Í 19 ár - Þar sem verð og gæði fara saman  
Fáðu faglega ráðgjöf og kaupðu vandaða fartölvu á góðu verði

Asus A6V-Q



Almennt verð kr. 109.900,-  
Staðgreiðsluverð

kr. 94.900,-

Ef vinnsluminnið í  
tölvunni er stækkað upp í  
1GB DDR 2 kostar hún

kr. 99.900,- stgr.

Skjár: 15.4" WXGA (Glare type)  
Örgjörvi: Intel Mobile Pentium 1.7GHz  
Skjákort: Nvidia Geforce Go 7300 256MB  
Vinnsluminni: 512MB DDR2 / mest 2GB  
Harður diskur: 100GB  
Netkort: LAN 10/100/1000  
Þráðlaust netkort: 802.11a/b/g  
Geisladrif: 8x dual layer DVD brennari  
Vefmyndavél: 1.3Mega Pixla m.hljóðnema  
Stýrikerfi: Windows XP Professional  
Rafhlaða: 8 Cells - Allt að 3,5 klst. ending  
Abyrgð: 2ja ára alþjóðleg ábyrgð

Fartölvutaska & optical USB mús fylgir frítt  
með ásamt öflugum hugbúnaðarpakka.

Allar fartölvur frá Boðeind koma með Microsoft  
XP Professional stýrikerfi og eru Microsoft Vista tilbúnar.

Boðeind ehf. - Mörkin 6 - 108 RVK - S: 588 2061  
Opíó alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 - sala@boðeind.is  
Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðisþjónustu - thjonusta@boðeind.is



FRÁ HRAFNIÐU Leiguíbúðirnar eru hinar glæsilegustu og þar er veitt ýmis þjónusta auk tækifæra til fjölbreytts félagsstarfs. Nálægðin við Hrafnistu eykur mjög öryggi leigjendanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Afnotaréttur leigu- íbúðar tíu milljónir

Hrafnista í Hafnarfirði býður leiguíbúðir til eldra fólks þar sem afnotaréttur er á bilinu fimm til tíu milljónir eftir stærð. Bið eftir íbúð er allt að fimm ár. Félag eldri borgara í Hafnarfirði er ánægt með fyrirkomulagið.

**ÖLDRUNARMÁL** Hrafnista í Hafnarfirði hefur byggt tvö fjölbýlishús með 64 leiguíbúðum fyrir einstaklinga 60 ára og eldri. Tíu milljóna króna afnotarétt þarf að greiða fyrir stærstu íbúðirnar auk þjónusturýmis. Mánaðarleiga slíkrar íbúðar er tæpar 160 þúsund krónur með hússjóði á efstu hæð. Fyrir minni íbúðir þarf að greiða á bilinu 5,5 til sjö milljóna króna fyrir afnotarétt og leiga er í kringum hundrað þúsund krónur. Afnotarétturinn er verðtryggður og er endurgreiddur við flutning, að frádregnu tveggja prósentu árlegru fyrningu.

Leiguíbúðirnar eru mjög eftirsóttar. Bið eftir stærri þriggja herbergja íbúðum er þrjú til fimm ár og sex til átján mánuðir eftir minni íbúðunum sem eru tveggja herbergja. Ásgeir Ingvason, fram-

kvæmdastjóri sjómannaþingsráðs, sem er eigandi Hrafnistuheimilanna, segir að afnotaréttarfyrirkomulagið sé notað til að halda niðri leiguverði sem tekst með lægri fjármagnskostnaði. Með greiðslu á afnotarétti þurfti Hrafnista aðeins að fjármagna um 70 prósent byggingakostnaðar með lánunum en afnotaréttargreiðsla íbúa brúaði bilið. Ásgeir telur byggingarkostnað fjölbýlishúsanna um ellefu hundruð milljónir.

Húsin standa nálægt Hrafnistu og njóta íbúarnir því öryggis frá heimilinu, auk þess sem hægt er að fá keypta þaðan ýmiss konar þjónustu. Aðspurður hvort nokkrir aðrir en efnað fólk eigi kost á að komast inn í leiguíbúðirnar svarar Ásgeir að það sé ekki hlutverk Hrafnistu að leysa félagslegan vanda. „Það er sveitarfélaganna

og ríkisins að gera það. En fyrir þá sem eiga til dæmis íbúðir er vanda- laust að selja. Margir þeirra, sem eru 60 ára og eldri, greiða há fasteignagjöld, tryggingar, hita, eignaskatta, viðhald og loks afborganir og vexti af fasteignalánunum og geta lækkað þennan kostnað hjá sér umtalsvert með því að leigja húsnæði hjá okkur. Þeir sem eru eignalausir þurfa önnur úrræði og þetta leiguform hentar að sjálf- sögðu fólki misjafnlega vel.“

Sigurður Hallgrímsson, formaður Félags eldri borgara í Hafnarfirði, segir eldri borgara jákvæða á þetta fyrirkomulag. Hann þekkir dæmi um fólk sem hefur selt íbúðir sínar til að komast inn í leiguíbúðir hjá Hrafnistu. „Þetta fólk á síðan talsverða upphæð eftir sem það getur notað til að njóta lífsins.“ svavar@frettabladid.is

Guðrún Ögmundsdóttir ósátt við auglýsingakostnað meðframbjóðenda:

## Félagarnir fylgdu ekki reglum

**STJÓRNARMÁL** „Þetta er bara orðið tómt rugl,“ segir Guðrún Ögmundsdóttir, alþingismaður Samfylkingar, um auglýsinga- kostnað frambjóðenda í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Guðrún telur suma frambjóð- endurna ekki hafa tekið mið af reglum um kostnað.

„Það var talað um leiðbeinandi kostnað upp á milljón en þetta hleypur pottþétt á einhverjum milljónum. Fólk er með húsnæði á leigu og starfsfólk. Þetta segir sig sjálf,“ segir Guðrún sem í gær upplýsti að hún hefði varið 1.060.004 krónum í auglýsingar og kynningar. Peningana hafi hún aflað með yfirdrætti í bankanum og frá stuðningsfólki og fjöl-



GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR Segir suma frambjóðendur ekki hafa fylgt reglum flokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

skyldu. Guðrún hlaut aðeins 11. sætið í prófkjörinu.

„Til hvers að setja reglur? Það er fullt af spurningum og það er flokksmanna að svara þeim. Það verður að fara að setja eitthvað

„system í galskabet“,“ segir Guðrún.

Skúli Helgason, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, segir ekki rétt að miðað hafi verið við eina milljón króna í hámarks- kostnað.

„Þetta er upphæð sem kom inn í umræðuna á fyrri stigum þegar menn voru að setja saman reglurnar en niðurstaðan var sú að það var ekki samþykkt nein tiltekin regla. En það voru tilmæli um að menn sýndu háttvísi og stilltu kostnaði í hóf. Síðan er reglan sú að menn skili inn til flokksins upp- gjöri,“ segir Skúli.

„Það verður spennandi að sjá þau uppgjör,“ segir Guðrún Ögmundsdóttir.

- gar





# L

# Lægð yfir Kletthálsi

## ALLRA VERÐA VON!


Verðhorfur næstu daga: Gert er ráð fyrir krappri lægð yfir Kletthálsi næstu daga með allt að **100% fjármögnun** á völdum bílaleigubílum, **3,8% vöxtum** og **ókeypis vetrardekkjum**. Fólk er beðið að sýna aðgát og hafa augun opin fyrir **góðum kauptækifærum**.



**Skoda Octavia** árg. 2005  
Verð 1.425.000 kr.  
**19.200 kr. á mánuði\***



**KIA Cerato** sjálfskiptur árg. 2005  
Verð 1.060.000 kr.  
**13.900 kr. á mánuði\***



**MMC Lancer** árg. 2005  
Verð 1.330.000 kr.  
**17.800 kr. á mánuði\***



**VW Polo** árg. 2005  
Verð 1.085.000 kr.  
**14.400 kr. á mánuði\***

\*M.v. blandaða myntkörfu SP til 84 mánaða

Opið í dag kl. 10–18 á Kletthálsi 11



www.bilathing.is  
bilathing@hekla.is  
Sími 590 5760

## BÍLAPING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum





1 Hver var eini nýliðinn í hópi átta efstu manna á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík?

2 Söngkonan Kristín Anna Valtýsdóttir hætti í hljómsveit fyrir um það bil ári. Hvað heitir hljómsveitin?

3 Hver er stoltur af því að vera Breiðihyltingur?

SVÖRIN ERU Á BLS. 42

Um 1400 rúmmetra steypuplata steypst rúmum metra undir sjávarmáli:

## Jafnast á við 30 einbýlishús

**HAFNARFJÖRÐUR** Risavaxin steypuplata var steypst á Norðurbakkanum í Hafnarfirði á laugardaginn. Verið er að steypa bílakjallara fyrir íbúðarblokk sem er auk þess rúman metra undir sjávarmáli.

Hermann Ragnarsson, framkvæmdastjóri Flotmúrs ehf. sem sér um verkið, segir að þetta sé líklega stærsta steypa sem steypst hafi verið á jafn skömmum tíma hér á landi. „Það fóru 1400 rúmmetrar af steypu í þetta, sem samsvarar steypumagni í um þrjátíu einbýlishús. Auk þess þurftum við að gera þetta á sjö klukkutímum á meðan háfjara var af því að gólfhlöturinn er 130 sentimetrum undir sjávarmáli. Annars hefði bara verið sjór þarna.“

Í gær voru svo dælur í fullum gangi við að halda sjónum frá á meðan verið var að vélslípa gólfið.

Hermann segir þetta líklega í fyrsta sinn sem slíkar slípivélar hafi sést hér á landi. „Þessar



UNNIÐ HRATT Um 1400 rúmmetrar af steypu fóru í plötuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

slípivélar sem við erum með eru tiltölulega nýjar hérna. Við erum með fjórar til fimm slípivélar sem ekið er eftir plötunni. Þeim eldri þurfti að ýta fram og aftur.“

- þsj

Hjúkrunarheimilið Sóltún:

## Ríkið ekki með í stækkun

**STJÓRNMÁL** Heilbrigðisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, hefur ekki í hyggju að veita opinberu fé til stækkunar hjúkrunarheimilisins Sóltúns.

Ásta Möller Sjálfstæðisflokki innti Siv Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra svara á Alþingi í síðustu í viku um hvort hún hygðist beita sér fyrir viðræðum um viðbyggingu Sóltúns.

Kvað heilbrigðisráðherra það ekki standa til þar sem búið væri að ráðstafa til annarra verkefna þeim peningum ríkisins sem ætlaðir væru til uppbyggingar hjúkrunarrýma á næstu árum.

- bþs

# BUBBI

## 06.06.06



## Nýtt tilboð til allra áskrifenda í Og1

Afmælistónleikar Bubba Morthens á DVD. Upplifðu þessa mögnuðu tónleika, aftur og aftur.

Viðskiptavinir í **Og1** fá þennan frábæra tónleikadisk með rúmlega **40% afslætti** eða á aðeins **1.690 kr.** í stað 2.990 kr.

Þetta er aðeins einn af mörgum ávinningum þess að skrá sig í **Og1**.

Verið velkomin í næstu verslun. Vodafone



gríptu augnablikið og lifðu núna

vodafone

Álfheiður Ólafsdóttir galleríseigandi lenti í klónum á svikahrappi:

## Reyndi að kaupa málverk og átta farsíma með illa fengnum kortum

**SVIK** „Fyrir um mánuði hafði kona sem kallar sig Jude Crane samband við mig og hafði áhuga á að kaupa þrjú málverk,“ segir Álfheiður Ólafsdóttir sem lenti í klónum á erlendum kreditkortasvikara.

„Þegar ég nefndi upphæðina ákvað Jude að hætta við kaup á tveimur verkanna en vildi samt kaupa eitt verk að verðmæti 550 þúsund krónur,“ segir Álfheiður sem rekur listagallerí við Skólavörðustíginn.

Álfheiður segist hafa það sem reglu að fá símanúmer viðskiptavina sinna áður en hún taki við greiðslu frá þeim í gegnum netið.

„Jude kvaðst ekki geta gefið upp símanúmer en gaf mér strax upp tvö kortanúmer og vildi skipta greiðslunni á þau. Þegar ég stimplaði kortanúmerin í posann var báðum hafnað. Hún gaf mér um hæl upp tvö önnur greiðslukortanúmer en þau virkuðu ekki heldur og þá hafði ég samband við VISA,“ segir Álfheiður.

Hjá kortafyrirtækinu fengust þær upplýsingar að kortin virkuðu ekki en þeir gátu ekki gefið mér upplýsingar um hvort kortin væru stolin eða á svörtum lista.“

Samskipti Álfheiðar og Jude stóðu í um mánuð og allan tímann hélt hún Álfheiði volgri um að hún hygðist kaupa af henni málverk.

„Nú síðast þegar ég heyrði frá henni í tölvubréfi bað hún mig um að kaupa fyrir sig fimm Nokia-farsíma og senda þá með málverkinu. Ég sagði henni að símarnir og verkið kostuðu um milljón króna og henni fannst það ekkert mál. Að auki vildi hún greiða mér 500 dollara fyrir viðvik. Til að greiða fyrir vörurnar gaf hún mér upp sex Mastercard númer sem mér fannst mjög grunsamlegt.“

Þegar hér var komið við sögu ákvað eiginmaður Álfheiðar að fletta nafni Jude upp á netinu. Hún segir þau þá hafa orðið þess áskynja að konan er þekktur svikahrappur.

„Héðan í frá verð ég mun varkárari þegar ég sel hluti í gegnum netið og mun stemma heimilisfang við

**GREIÐSLUKORT** Kvartanir frá kaupmönnum vegna kortasvika eru fátíð.



ÁLFHEIÐUR ÓLAFSDÓTTIR Eftir að hafa fengið uppgjefin tíu kortanúmer frá Jade sem virkuðu ekki fletti maður Álfheiðar konunni upp á netinu og komst þá að því að hún er þekktur svikahrappur.

viðkomandi kortanúmer til að vera viss í minni sök.“

Andri Hrólfsson, sviðsstjóri fyrirtækjasviðs VISA, segir kvartanir frá kaupmönnum vegna kortasvika fátíðar. Hann segir að fólk sem selji dýrari vörur geti haft samband við fyrirtækið og látið kanna hvort heimilisfangið á bak við kortanúmerið sé það sama og heimilisfangið sem senda á vörurnar á.

- hs

**VÖ XT UR**  
FYRIRTÆKI

**Láttu fyrirtæki þitt njóta Vaxtar**

Vöxtur færir fyrirtæki þínu umtalsverðan ávinning og getur sparað því töluverðar fjárhæðir árlega. Vöxtur er alhliða fjármála-, öryggis- og tryggingaþjónusta sem auðveldar yfirsýn, eykur þægindi og lækkar kostnað. Nýttu þér frábær Vaxtarkjör fyrirtæki þínu til hagsbóta.

Er þitt fyrirtæki ekki örugglega í **Vexti**?

Fáðu upplýsingar um Vöxt hjá fyrirtækjafulltrúa í næsta útibúi KB banka eða á þjónustuskrifstofum Vís. Nánari upplýsingar í síma 444 7000, 560 5000 eða á [www.voxtur.is](http://www.voxtur.is).

KB BANKI VÖXTUR



# 8 sinnum meiri hraði fyrir sama pening

**Hive Lite 3.990 kr.** á mánuði

Með Hive Lite færðu 8Mb nettengingu og 4 GB af erlendu niðrhali fyrir aðeins 3.990 krónur á mánuði. Fyrir sama pening færðu 1Mb tengingu hjá Símanum eða Og Vodafone. Það er óneitanlega ekkert gaman að borga sama verð fyrir átta sinnum hægari tengingu. Enda er það algjör óþarfi – sérstaklega þegar það er ekkert mál að skipta. **Hringdu í 414-1616 og fáðu meira fyrir peninginn.**

**Hive**





#### MIKLIR ÞURRKAR Í KÍNA

Stúlkur að leik í Guangxi héraði í sunnanverðu í Kína, þar sem 2,4 milljónir skortir nú drykkjarvatn vegna mikilla þurrka síðustu vikunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samkeppniseftirlitið vísar kvörtun Tax Free yfir Global Refund frá með fyrirvara:

## Skoðar fjárstuðning nánar

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur ákvarðað að ekki sé ástæða til íhlutunar vegna kvörtunar Tax Free á Íslandi vegna Global Refund á Íslandi en hyggst óska eftir upplýsingum um fjármögnun fyrirtækisins. Fyrirtækin starfa bæði í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna.

Í lok ársins 2003 kvartaði Tax Free yfir meintri misnotkun Global Refund á stöðu sinni á markaði þar sem langvarandi taprekstur Global Refund væri fjármagnaður með auknu hlutafé frá móður-fyrirtækinu sem er öflugt alþjóðlegt fyrirtæki. Væri þetta fallið

til að útrýma samkeppni á íslenskum markaði.

Samkeppniseftirlitið telur Global Refund ekki hafa verið ráðandi á markaði árið 2003 sem þetta mál tekur til. Þó geti fyrirtækið hugsanlega, í krafti fjárhagslegra tengsla við móðurfyrirtækið, styrkt stöðu sína á skömmum tíma svo það teljist ráðandi á markaðnum. Þá kunní málefni fyrirtækisins að koma til frekari skoðunar Samkeppniseftirlitsins. Mun eftirlitið snúa sér til fyrirtækisins og óska eftir því að það verði upplýst um frekari fjárstuðning af hálfu móðurfélagsins.

-sdg



**VIÐSKIPTI ÁN VIRÐISAUKA** Tax Free á Íslandi kvartaði yfir að taprekstur Global Refund væri fjármagnaður af öflugum móðurfyrirtæki þess.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Tilraun til þjófnaðar:

## Sjöundi dómurinn á tíu árum

**DÓMSMÁL** Rúmlega þrítugur karlmaður var á föstudag dæmdur í fimm mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur, þar af eru þrjú mánuðir skilorðsbundnir.

Maðurinn braust inn í bíl í apríl á þessu ári og reyndi að stela hljómtækjum en lögregla kom að honum. Hann rauf þannig skilorð dóms sem hann hlaut tæpum tveimur mánuðum áður fyrir þjófnað og fíkniefnabrot.

Dómurinn nú er sjöundi dómur mannsins vegna þjófnaðar og fíkniefnabrota frá árinu 1996. Samtals hefur hann á þeim tíma hlotið 20 mánaða fangelsisdóma, að miklu leyti skilorðsbundna. -sh

Fiat Grande Punto  
Númer 1 í Evrópu



Þú gætir unnið  
ævintýraferð til Veróna



Þeir sem koma og reynsluaka Fiat Punto í nóvember geta átt von á því að vinna flugferð fyrir tvo til ævintýraborgarinnar Veróna á Ítalíu með Úrvali Útsýn.



#### Mest seldi bíllinn í Evrópu 2006\*

- **Stíll.** Hannaður í anda Maserati af Giorgetto Giugiaro.
- **Eyðsla.** Aðeins 6 lítrar á hverja 100 km í blönduðum akstri.
- **Öryggi.** 5 stjörnur í Euro Ncap. 6 loftþúðar.
- **Eiginleikar.** Hlaut Gullna stýrið 2005.



#### Bílaumboðið Saga

Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík  
Sími 570 9900 • www.fiat.is

\*Opinber skráning bifreiða fyrir janúar – apríl 2006 í 15 löndum: Belgíu, Finnlandi, Þýskalandi, Bretlandi, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg, Noregi, Portúgal, Spáni og Svíþjóð.



**HEILSUGÆSLUSTÖÐ** Margir vilja halda í sama heimilislækni en núverandi kerfi gerir ráð fyrir að fólk skipti um lækni ef það flyst á milli hverfa.

## Fimm þúsund eru án læknis

Mikil eftirspurn er eftir heimilislæknum á höfuðborgarsvæðinu. Lækningaforstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins segir stöðuna hvað versta í Árbæ, Grafarvogi, Garðabæ og Mosfellsbæ.

**HEILBRIGÐISMÁL** Lúðvík Ólafsson, lækningaforstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir mismarga biða eftir því að fá heimilislækni eftir hverfum en staðan sé verst í vaxandi hverfum eins og Árbæ, Grafarvogi, Garðabæ og Mosfellsbæ. „Hluti vandans stafar af því að fólk sem flytur á milli hverfa er búið að skrá sig í nýja heilsugæslustöð án þess að afskrá sig í gamla hverfinu og því varla hægt að þessi hópur sé án heimilislæknis.“

Lúðvík segir að þrátt fyrir skort á heimilislæknum á höfuðborgarsvæðinu hafi þeim fjölgað þó nokkuð á milli árána 2000-2004.

Lúðvík segir eftirspurn eftir heimilislæknum á höfuðborgarsvæðinu mikla og telur góðan efnahag eina af ástæðum þessarar miklu ásóknar. „Víða erlendis er miðað við einn heimilislækni á hverja 1.500 íbúa en hér er hlutfallið líklega á bilinu 1.800-1.900 íbúar á hvern lækni.“

Þegar Lúðvík er spurður um hvort starfsemi Læknavaktarinnar komi að einhverju leyti til móts við skort á heimilislæknum segir hann að fólk leiti frekar þangað með einföld vandamál en þegar um sé að ræða krónísk vandamál kjósi fólk fremur að fara til síns heimilislæknis.

„Margir vilja halda í sama heimilislækni en núverandi kerfi gerir ráð fyrir að fólk skipti um lækni ef það flyst á milli hverfa. Þó má segja að heilsugæslan starfi innan tveggja kerfa því tólf lækningar á höfuðborgarsvæðinu vinna eftir gamla kerfinu og halda í sína sjúklinga óháð búsetu þeirra.“

Lúðvík segir nokkuð álag á heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu og að ætlast sé til að þeir sinni ákveðinni yfirvinnuskyldu sem skiptist í vaktir eftir hefðbundinn opunartíma heilsugæslu-



„Víða erlendis er miðað við einn heimilislækni á hverja 1.500 íbúa en hér er hlutfallið líklega á bilinu 1.800-1.900 íbúar á hvern lækni.“

**LÚÐVÍK ÓLAFSSON**  
LÆKNINGAFORSTJÓRI HEILSUGÆSLU  
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

unnar og frágang læknisvottorða. „Með öllu er ekki fráleitt að álykta að vinnuskylda heimilislækna geti orðið um fimmtíu tímar á viku með öllu þótt sumir ráði sig upp á styttri vinnuviku.“

Nú er í gangi biðtímakönnun hjá heilsugæslustöðvunum og samkvæmt þeim niðurstöðum sem liggja fyrir er bið eftir tíma hjá heimilislæknum almennt stuttur. Þegar bladmáður pantaði tíma hjá heimilislækni bauðst honum tími á öðrum virka degi frá pöntun.

Lúðvík segir heilsugæslu mikilvæga grunneiningu í heilbrigðisþjónustunni og vill sjá meira sjálfstæði stöðvanna til að velja sínar eigin leiðir til að mæta þörfum íbúanna.

hugrun@frettabladid.is

AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000  
FRÉTTABLAÐIÐ





Ákærði rauf skilorð:

## Var með fíkniefni og hnífa

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri var dæmdur í nfu mánaða fangelsi fyrir fíkniefna- og vopnagabrot í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag. Þar af voru sex mánuðir skilorðsbundnir.

Maðurinn var dæmdur fyrir að vera með rúm þrjátíu grömm af hassi og tæp þrjú grömm af marijúana í fórum sínum auk tveggja hnífa sem sýnt þótti að voru ekki ætlaðir til notkunar við heimilishald eða atvinnu.

Með brotinu rauf maðurinn skilorðsbundinn dóm fyrir fíkniefnagabrot frá árinu 2005.

Fíkniefni mannsins voru gerð upptæk og var honum gert að greiða sakarkostnað í málinu. - ifv



**SIGURÐUR ATLASON** Forvígismaður Galdrasýningarinnar sem slær í gegn.

Ísraelskt ferðatímarit:

## Strandagaldur á heimsmælikvarða

**FERÐAMÁL** Galdrasýningin á Ströndum er á lista yfir tíu söfn í heiminum sem ísraelska ferðaskrifstofan Masa Acher telur ómaksins vert að heimsækja á næsta ári. Þetta kemur fram á strandir.is. Segir þar enn fremur að þessi listi muni birtast í næsta tölublaði tímarits sem ísraelska ferðaskrifstofan gefur út mánaðarlega.

„Galdrasýning á Ströndum mun fá sinn sess í næsta tölublaði tímaritsins með texta og ljósmyndum. Tímaritið fjallar um m. a. sérstaka staði, fólk, menningu, trúarbrögð, náttúruundur, ferðalög, landafræði og ævintýraferðir,“ segir á strandir.is. - gar



**Á GÓÐRI STUNDU** Frá bæjarhátíðinni í Grundarfirði.

Listamaðurinn Örn Ingi:

## Bíómynd um Grundarfjörð

**GRUNDAFJÖRÐUR** Listamaðurinn Örn Ingi vill samstarf við Grundarfjarðarbæ um gerð leikinnar myndar sem tengist bæjarhátíðinni Á góðri stundu. Á síðasta fundi menningarmálanefndar Grundarfjarðar kom fram að Örn Ingi væri væntanlegur til bæjarins til að kynna mynddisk sem hann hefur unnið um bæjarhátíðina. Hann hefði einnig fengið þá hugmynd að gera kvikmynd sem tengist hátíðinni.

„Um er að ræða möguleika á leikinni kvikmynd sem gerist að miklu leyti erlendis,“ segir í fundargerð menningarmálanefndarinnar sem sagðist gjarnan vilja kynnast hugmynd Arnar Inga frekar. - gar

Sjóvá hefur uppi hugmyndir um tvöföldun Suðurlandsvegar í einkaframkvæmd:

# Tvöföldun kostar um sjö milljarða króna

**SAMGÖNGUR** Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvá, segir kostnað við tvöföldun Suðurlandsvegar fara eftir því á hve löngum vegarkafli vegurinn yrði tvöfaldaður og hvernig vegatengingunum yrði háttáð.

Á fundi sem haldinn var á Sel-fossi í liðinni viku kynnti Sjóvá hugmyndir fyrirtækisins um einkaframkvæmd á tvöföldun Suðurlandsvegar frá Reykjavík að Þjórsárbrú.

„Ég myndi þó ráðgera að kostnaður framkvæmdanna yrði um sjö milljarðar sem myndu án efa skila sér í fækkan umferðarslys. Árlegt tjón á Suðurlandsvegi af völdum umferðarslys-

nemur hátt í milljarð króna og þar af er hlutur tryggingafélaganna um 500-600 milljónir.“

Þór segir tvöföldun Suðurlandsvegar mega flokkast undir nýja tegund forvarna og æskilegt væri að tvöfalda bæði Suðurlands- og Vesturlandsveg á næstu sex til átta árum. Hann segir enn fremur að með því að setja vegafremkvæmdir í hendur einkaaðila sé hægt að flýta þeim um tíu ár.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra sagðist á fundinum vera fylgjandi því að einkaaðilar tækju að sér uppbyggingu og rekstur samgöngumannvirkja.

- hs



**FRAMTÍÐARSÝN Í VEGAMÁLUM** Framtíðarsýn Sjóvá í vegamálum gerir ráð fyrir tvöföldun vegar frá höfuðborgarsvæðinu og austur að Markarfljóti annars vegar og norður í Hrítafjörð hins vegar.



## 33" BREYTING SAMA VERÐ

Það hefur aldrei verið hagstæðara að kaupa sér alvöru jeppa. Nú geturðu fengið Nissan Pathfinder með 33" breytingu frá Arctic Trucks\* á frábæru verði.

Nissan Pathfinder hefur slegið eftirminnilega í gegn og blandar hann skemmtilega saman krafti fjallajappa eins og þeir gerast albestir og lipurð flottustu götubíla. Með 33" sérhönnuðum breytingum eru gæði þessa afburða jeppa einfaldlega orðin enn meiri: Hann er áfram jafn þægilegur í akstri, bara skemmtilegri!

**Breytingar sem skipta máli!**



33" Arctic Trucks breyting: stærri dekk (33"), krómgrind, stigbretti, húddhlið og dráttarbeisli.

\*Þessi breytingar pakki er innifalinn í verði á öllum Nissan Pathfinder bílunum.

Nissan Pathfinder

Verð frá **4.170.000 kr.**

Pathfinder, alvöru jeppi á almennilegu verði!

NISSAN PATHFINDER



Bill á mynd er með 35" breytingu. Verð: 5.350.000 kr.

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Akranesi 431 1376

Akureyri 464 7940

Höfn í Hornafirði 478 1990

Njarðvík 421 8808

Reykjavík 474 1453





**FALLINNA HERMANNA MINNST**  
Elisabet Bretadrottning lagði þennan blómsveig til minningar um fallna hermenn í London í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Átök á ferju Silja Line: Vildu halda drykkju áfram

**FINNLAND** Eigendur eistneska Tallink skipafélagsins, sem keyptu nýlega finnska ferjufyrirtækið Silja Line, verða kærðir af finnsku sjómannasamtökunum fyrir ofbeldi og ósæmilega hegðun gagnvart starfsmönnum. Atvikið átti sér stað þegar nýir eigendur héldu upp á kaupin á Silja Line.

Mikil ölvun var um borð í einni af ferjum fyrirtækisins og að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat, og neitaði hópurinn að ganga til klefa þegar bar var lokað um nóttina. Barþjónn var sleginn í átökum og brotnuðu gleraugu hans. Þá var starfsfólki hótad brottrekstri þegar það reyndi að fara að reglum ferjunnar og koma í veg fyrir sjálfsafgreiðslu á bar og kaffiteríum.

- ghs



**HAMBORGARABÚLLA TÓMASAR** Fær áfram vínveitingaleyfi.

## Minnihlutarödd í bæjarráði: Á móti víni á skyndibitastað

**HAFNARFJÖRÐUR** Deilt var í bæjarráði Hafnarfjarðar í síðustu viku um framlengingu vínveitingaleyfis Hamborgarabúllu Tómasar. „Ég er í grundvallaratriðum andvígur því að skyndibitastaðir og veitingastaðir sem gera má ráð fyrir að séu sóttir af ungmönnum á eigin vegum, hafi vínveitingaleyfi,“ sagði Guðmundur Rúnar Arnason úr meirihluta Samfylkingar.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, VG, tók undir: „Ég tel að ekki fari saman áfengi og skyndibitastaður fyrir alla fjölskylduna.“ Bæjarráðið mælti með að leyfið yrði veitt.

- gar

Hannes G. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulíffsins:

## Frekar með vaxtalækkun

**EFNAHAGSMÁL** Ólafur Darri Andra-son, hagfræðingur ASÍ, segir að ræða Davíðs Oddssonar seðla- bankastjóra nýverið hafi verið í takt við nýjustu Peningamál en þar hafi komið fram gagnrýni á ríkisfjármálin og að verðbólgu- horfur séu ekki ásættanlegar.

Ólafur Darri segir að sýn Seðla- bankans og fjármálaráðuneytisins sé gjörólik og hafi verið lengi. „Það eitt og sér er verulegt áhyggju- efni,“ segir hann. „Þó að flestir eigi von á að hægi á næstu mánuð- um og misserum þá myndi ég segja að það væri áhyggjuefni að Seðla- bankinn virðist vera einn á verð- bólguvaktinni og ríkisstjórnin sé



ÓLAFUR DARRI ANDRASON

HANNES G. SIGURÐSSON

frekar í því að kynda undir óstöðug- leika en að slá á hann.“  
Hannes G. Sigurðsson, aðstoðar-

framkvæmdastjóri SA, telur að stýrivextir séu of háir og virkni peningastefnu hafi einkum verið í þá veru að halda uppi háu gengi krónunnar.

„Við teljum að það hafi verið óheppilegt að gengið skyldi hækka á ný eftir að það fór nær jafnvægis- gildi sínu á árinu og teljum mikið óráð að hugleiða frekari vaxta- hækkunir. Við mælum frekar með því að vextir lækki í ljósi þess að framundan er fyrirsjáanlegur lítill eða enginn hagvöxtur á næsta ári.“

Seðlabankastjóri sagði í gær- morgun að stefnt gæti í hækkun stýrivaxta í desember.

- ghs

Ekki verið minna í sex ár:

## Atvinnuleysi eitt prósent

**ATVINNA** Atvinnuleysi var eitt prósent á landinu í október samkvæmt tölum Vinnuálfstofnu- nar. Atvinnuleysi hefur ekki verið lægra síðan í október árið 2000.

Alls voru 360.180 atvinnuleysis- dagar skráðir á landinu öllu sem jafngilda því að 1.645 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysis- skrá í mánuðinum. Áætlaður mann- afli á vinnumarkaði er 159.726 manns.

Atvinnuástand versnar yfirleitt milli október og nóvember. Er gert ráð fyrir að atvinnuleysi í nóvem- ber aukist lítilsháttar og verði á bilinu 1 til 1,3 prósent vegna árstíðarsveiflna.

- sdg

# Árni himinlifandi með endurkomuna

Mikil umskipti hjá Sjálfstæðisflokknum í Suðurkjördæmi. Árni Mathiesen hlaut undir fimmtíu prósentu kosningu í fyrsta sæti listans. Árni Johnsen er á leiðinni aftur á þing. Þrír sitjandi þingmenn náðu ekki kjöri í líkleg þingsæti.

**PRÓFKJÖR** Árni Mathiesen fjármála- ráðherra mun leiða lista Sjálfstæðis- flokksins í Suðurkjördæmi eftir prófkjör flokksins þar á laugardag. Þá snýr Árni Johnsen líklegast aftur í þinglið sjálfstæðismanna eftir að hafa hlotið nokkuð örugga kosningu í annað sæti listans. Drífa Hjartardóttir, Guðjón Hjörleifsson og Gunnar Örlygsson sem voru öll sitjandi þingmenn lentu mun neðar á listanum en þau stefndu að og náðu hvorki kjöri í öruggt né lík- legt þingsæti. Eini sitjandi þing- maður flokksins sem hélt stöðu sinni er Kjartan Ólafsson sem náði þriðja sætinu, en flokkurinn hefur þrjá þingmenn í kjördæminu sem stendur.

Árni Mathiesen hlaut 2.656 af 5.461 greiddum atkvæðum í fyrsta sæti listans, eða tæp 49 prósent. Hann var samt sem áður ánægður með prófkjörið og sinn hlut. „Mér sýnist þetta vera nokkuð öruggur og afgerandi sigur í fyrsta sætið. Síðan var þátttakan mjög góð og ég efast um að það finnist dæmi um jafn góða þátttöku í flokks- bundnu prófkjöri. Það er sérstak- lega gaman að bera þetta saman við opið prófkjör Samfylkingar- innar í Reykjavík þar sem það er miklu meiri þátttaka hjá okkur en þeim.“ Árni segir nafna sinn John- sen greinilega njóta þess enn að hafa verið fyrsti þingmaður Suðurlands á sínum tíma og að margir vilji enn styðja hann.

### ÚRSLIT PRÓFKJÖRS Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi

1. Árni Mathiesen	2.656
2. Árni Johnsen	2.302
3. Kjartan Ólafsson	1.578
4. Björk Guðjónsdóttir	2.112
5. Unnur Brá Konráðsdóttir	2.592
6. Drífa Hjartardóttir	2.965

Alls voru greidd  
5.461 gild atkvæði



**SIGURINN LJÓS** Árni Johnsen hlaut örugga kosningu í 2. sæti á lista sjálfstæðis- manna í Suðurkjördæmi. Árni spár hér í fyrstu tölur ásamt eiginkonu sinni, Halldóru Filippusdóttur. Þau voru í góðra vina hópi á heimili sínu, Höfðabólí í Eyjum.

MYND/ÓSKAR

Sjálfur segist Árni Johnsen vera himinlifandi með útkomu prófkjörsins. „Þetta er öflug niður- staða og mjög öflugt fyrir mig. Ég er þakklátur fyrir þennan víðtæka stuðning sem ég hef fengið.“ Hann er ánægður með að vera kominn aftur í stjórn málin. „Að því var stefnt og það er komið á siglingu.“

Drífa Hjartardóttir segir niður- stöðuna vissulega vera vonbrigði fyrir sig enda hafi hún stefnt á annað sætið. „En lífið er ekki all- af sólskin og ég tek þessu bara. Það er þannig þegar margir þing- menn eru að keppa um sama sætið þá þarf alltaf einhver að detta út. Ég kem af mjög fámennu svæði en mitt fólk stóð heilshugar á bak við mig þannig að ég er afskaplega þakklát.“

Gunnar Örlygsson sagði að vissulega mætti líta á niðurstöð- una sem ákveðin vonbrigði fyrir sig, en hann endaði í tíunda sæti. „Ég vissi samt að ég átti á bratt- ann að sækja. Ég skipti um flokk í fyrri og um kjördæmi núna. Svo fylgir fortíðin manni. Það er eitt- hvað sem ég geri mér grein fyrir að enginn getur losað sig við.“

Hann segir það þó mikið gleði- efni hversu margir hafi tekið þátt í prófkjörinu og hefði sjálfur aldrei viljað missa af þeirri reynslu að taka þátt í því. „En ég mun taka sæti á listanum og leggja mig fram við það að tryggja sjálf- stæðismönnum góðan sigur á kom- andi vori.“

Ekki náðist í Guðjón Hjörleifs- son í gær þrátt fyrir ítrekaðar til- raunir.

thordur@frettabladid.is



**SPJÖLDUM VAR VEIFAÐ** Palestínurmenn komu saman í gær í Gaza-borg.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Þúsundir minntust Arafats: Meiddust þegar sviðið hrundi

**GAZABORG, AP** Fjórðán manns slösuðust lítilliga þegar sviðspall- ur hrundi í Gaza-borg í gær, þar sem þúsundir Palestínurmannanna komu saman til að minnast þess að tvö ár eru liðin frá dauða Jassers Arafat.

Mannfjöldinn veifaði gulum fánum Fatah-hreyfingarinnar, stjórn málaafis Arafats. Margir skutu af byssum upp í loftið og sungu voru palestínskir söngvar. Stutt hlé varð á söngnum þegar sviðið hrundi, en fljótlega var haldið áfram á ný.

Arafat lést 11. nóvember árið 2004 eftir að heilsu hans hrakaði snögglega.

- gb

Rannsóknir á matfiski:

## Lítið af óæski- legum efnum

**SJÁVARÚTVEGUR** Skýrsla Rann- sóknastofnunar fiskiðnaðarins um niðurstöður vöktunar á óæskilegum efnum í sjávarafurð- um árið 2005 er nýkomin út. Líkt og fyrri ár sýna niðurstöður að ætilegur hluti fiskis sem veiddur er á Íslandsmiðum inniheldur mjög lítið af óæskilegum efnum. Sá fiskur sem veiddur er hér við land og ætlaður er til mænlis inniheldur mjög lítið magn af díoxíni, díoxínílkum PCB-efnum, skordýraeitri og plöntueitri. Þetta er þriðja skýrslan um aðskotaefni í íslensku sjávarfangi, en áður eru komnar út skýrslur vöktunar árána 2003 og 2004. Allar sýna þær sömu niðurstöðu.

- shá

GLITNIR

### Þrískiptur sparnaður Glitnis

#### VARASPARNAÐUR

- til að mæta ófyrirséðum fjárufláttum og grípa óvænt tækifæri.

#### NEYSLUSPARNAÐUR

- til að safna fyrir öllu því sem hugurinn gírnist.

#### LANGTÍMASPARNAÐUR

- til að byggja upp fjárhagslega velgengi í framtíðinni.

# ... Í SPARNNAÐI

Ný aðferð til að ná betri árangri í sparnaði.  
Farðu í næsta útibú eða á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is) og kláraðu málið!



# fiskur og kartöflur

*nettó býður betur*

ódýrt



**799**  
kr/kg

Lúða

frábært  
verð



**399**  
kr/kg

Lausfryst línuýsa

2 kg.



**29**  
kr/pk

Kartöflur 2 kg.

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildistími 13. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahlverfi Kópavogi

netto





**SETIÐ AÐ TAFLI Í AFGANISTAN**  
Þessi kanadíski hermaður sat í þungum þönkum yfir heimatilbúnu taflborði í Kandahar-héraði í Afganistan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Vinaleið Þjóðkirkjunnar fer illa í Ásatrúarfólk:

## Mótmæla skólatrúboði

**TRÚARBRÖÐ** Í ýmsum skólum er börnum boðið upp á að ganga til djákna Þjóðkirkjunnar í „sál-gæslu-viðtöl“. Á heimasíðu Þjóðkirkjunnar segir að Vinaleiðin sé opin öllum börnum: „Það þarf ekki leyfi foreldra til að nemandi komi í sál-gæsluviðtal og allir nemendur skólans geta nýtt sér þessa þjónustu að vild.“

Ásatrúarfélagið hefur mótmælt þessu fyrirkomulagi og Jóhanna Harðardóttir Kjalnesingagoði minnir á trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Jóhanna segist hafa orðið vör við töluverða óánægju vegna Vinaleiðarinnar hjá foreldrum. „Börn sem ekki eru alin upp í

kristni finna sig utangátta og þetta getur orðið tilefni til eineltis. Þetta á ekki heima í skólum því andlegur og félagslegur stuðningur á að vera í höndum fagmanna, en ekki trúboða.“

Viktor Guðlaugsson, skólastjóri Varmárskóla, segist ekki hafa orðið var við óánægju í sínum skóla. „Við höfum verið með þessa þjónustu síðan 1999. Yfirleitt er hún einungis fyrir þau börn sem hafa átt í erfiðleikum. Það er enginn skikkaður til að fara í Vinaleiðina og þetta er einungis einn af þeim möguleikum sem börnin hafa, því hér eru einnig námsráðgjafar og sálfræðingur.“ - kóp



**NEMENDUR Í VARMÁRSKÓLA** Jóhanna Harðardóttir segist hafa orðið vör við talsverða óánægju hjá foreldrum vegna Vinaleiðar Þjóðkirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Hlutur Eimskips í HGCS:

## Bætir við sig 31 prósent

**VIÐSKIPTI** Eimskip hefur bætt við hlut sinn í fyrirtækinu Harbour Grace CS Inc á Nýfundnalandi. Félagið sér um frystigeymslu- og losunarþjónustu við togara í bænum Harbour Grace við Conception Bay á Nýfundnalandi. Þar að auki er það með dreifingu um allan heim en stærstu markaðir eru Evrópa, Austurlönd fjær og Ameríka.

Eimskip hefur átt 25 prósent í Harbour Grace frá því árið 2000. Eimskip hefur nú aukið hlut sinn í félaginu í 51 prósent til að styrkja enn stöðu sína á Nýfundnalandi með heildarlausnir fyrir viðskiptavinum sínum á sjávarútvegi. - hhs



**UMFERÐ** Aftanákeyrslur má oftast rekja til þess að of stutt bíl er á milli bíla.

## Umferðaróhöpp í Reykjavík: Oftast bakkað á aðra bifreið

**SAMGÖNGUR** Flest umferðartjón í Reykjavík verða þegar bakkað er á annan bíl. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýútkominni skýrslu Sjóvá forvarnarhúss um algengstu tjónin í Reykjavík árið 2005.

Flestir slasast hins vegar við aftanákeyrslur eða tæplega fjögur hundruð manns á síðasta ári en það er um 43 prósent slasaðra í Reykjavík. Tryggingafélögin greiddu út yfir milljarð króna í ábyrgðartryggingu vegna þessara tjóna. Aftanákeyrslur má oftast rekja til þess að of stutt bíl er á milli bíla og því að bílstjórar eru ekki að fylgjast með umferðinni á undan. - hs

### ÍSÁFJÖRÐUR

#### Lögreglan taki óskráð búfé

Þrátt fyrir æ lengri frest hafa ekki allir eigenda búfjár á Ísafirði sinnt því að sækja um leyfi fyrir dýrunum. Landbúnaðarnefnd bæjarins minnir á að ef búfé er haldið í Ísafjarðarbæ án leyfis sé bæjarstjórn heimilt að krefjast þess að lögreglustjóri taki viðkomandi skepnur úr vörslu eigendanna.

# Auðkennislyklar stórauka öryggi heimabanka

Fólk á að varast að fara inn í heimabanka í tölvum sem það veit engin deili á. Auðkennislyklar stórauka öryggi gegn þjófum, en lyklunum verður dreift í byrjun næsta árs. Lögreglan rannsakar fjögur þjófnaðarmál.

**ÖRYGGISMÁL** Tilkoma svokallaðra auðkennislykla mun stórauka öryggi við notkun heimabanka, að sögn Sigmars Jónssonar hjá Fjölgreiðslumiðlun.

Vel á annan tug milljóna var nýlega stolið á einu bretti úr heimabanka, eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni. Þrjú önnur þjófnaðarmál eru í lögreglu-rannsókn. Lögreglan í Reykjavík hefur ítrekað bent fólki á að fara varlega gagnvart gylliboðum á netinu, uppfæra reglulega stýribúnað á tölvum sínum og nota veiruvarnarforrit.

Sigmar segir öryggi tölvubúnaðar vera meðal annars undir því komið hvort notandi heimsæki



**AUÐKENNISLYKILL** Verður fljótlega dreift til einstaklinga.

vafasamar netsíður. Sjá þurfi til þess að vírusvarnir tölvunnar séu í lagi og að í henni sé búnaður sem skynji hvort einhverjir aðskotalutir séu komnir inn á hana til að hlera upplýsingar eða vinna skemmdarverk.

„Það er erfitt að segja hvað fólk á að varast og hvað ekki,“ segir Sigmar. „En fólk verður að vera meðvitað um hvernig það notar tölvuna og hvað það er að sækja af netinu. Einnig hvaða öryggi er í tölvunni.“

Hvað varðar öryggisatriði heimabanka bendir Sigmar á að fólk skuli varast að fara inn í heimabanka frá tölvum sem það veit ekkert um. Þá sé gild varúðarráðstöfun að skipta reglulega um lykilorð í heimabankanum, ekki síst hafi reikningseigandi farið inn á reikning sinn í tölvu, sem honum þykir eftir á að hyggja eitt-hvað vafasöm.

„Nú er byrjað að dreifa öryggislyklum til fyrirtækja“ segir Sigmar enn fremur. Fram hefur komið að í byrjun næsta árs verður hafin úthlutun þessara lykila til einstaklinga.



**HEIMABANKAÞJÓFNAÐIR** Lögreglan rannsakar að minnsta kosti fjögur þjófnaðarmál, þar af einn stórfelldan þjófnað, úr heimabönkum. Hún varar fólk við gylliboðum á netinu.

Sigmar segir að til þess að nota auðkennislykilinn þurfi að virkja hann í heimabankanum og sé hann þá tengdur við þann notanda. Í hvert skipti sem auðkennislykillinn sé notaður gefi hann nýtt númer.

„Öryggislykillinn virkar þannig að þegar eigandi skráir sig í

heimabankann sinn þarf hann að gefa upp notandanafn, lykilorð og auðkennisnúmer sem hann fær úr auðkennislyklinum. Þó svo eigandi tapi lykli sínum er ekki hægt að misnota hann þar sem notandanafn og lykilorð þarf líka til þess að komast í heimabankann.“

jss@frettabladid.is

## Pegar gæðin skipta máli Lotus Professional borðpappírsvörur

### Til hátíðabrigða

Í verslun RV að Réttarhálsi eru nú á tilboði Lotus LinStyle dúkar og servíettur í mörgum litum. Einnig eru á tilboði ýmsar gerðir af servíettum, diskamottum og „löberum“ með jólamynstri.

Takmarkað magn er í boði af sumum jólavörningi. Fyrstur kemur fyrstur fær.

**Halldór Sigdórsson**  
aðstoðarverslunarstjóri hjá RV



Á tilboði  
í nóvember 2006  
Lotus LinStyle servíettur,  
diskamottur, „löberar“  
og dúkar

### Rekstrarvörur

- vinna með þér  
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



**SIGURREIFIR** Nick Griffin, til hægri, fagnar niðurstöðu dómsins ásamt flokksbróður sínum Mark Collett. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

## Nick Griffin sýknaður af ákæru um kynþáttahatur: Sagði múslima illa og grimma

**LEEDS, AP** Nick Griffin, leiðtogi breska Þjóðarflokksins, var á föstudaginn sýknaður af ákæru um að hafa kynt undir kynþáttahatri í landinu. Flokksbróðir hans, Mark Collett, var einnig sýknaður af sams konar ákæru.

Kveikjan að ákærinni var ræða sem Griffin flutti á lokuðum fundi flokksins þar sem hann sagði múslima hafa breytt Bretlandi í „kynþáttablandað helvíti“ og hélt því fram að gengi asískra múslima færu um og nauðuguðum ungum hvítum stúlkum. „Þessi illa og grimma trú hefur á 1300 árum breiðst út frá smáum hópi skapstirðra geðsjúklinga og hertekur nú þjóð eftir þjóð um heim allan,“ sagði Griffin einnig í ræðunni. Uppataka af ræðunni var síðar

spiluð í breska ríkisútvarpinu og olli miklu fjadrafoki.

Breski Þjóðarflokkurinn, sem berst gegn innflytjendum, á nokkra tugi sæta í smærri ráðum víðs vegar um England en er þó enn jafnarflokkur og hefur ekkert þingsæti. Flokkurinn hafði áður á sér ímynd eins konar bófaflökks en hefur reynt að mýkja ímyndina síðustu ár með Griffin í fararbroddi, en hann er lögfræðingur frá Cambridge-háskóla.

Andstæðingar flokksins mótmæltu fyrir utan dómhúsið og hrópuðu meðal annars: „Burt með nasistaúrþvættin!“

Gordon Brown fjármálaráðherra sagði í kjölfar sýkunnar að mögulega þyrfti að breyta lögum sem banna kynþáttahatur. - sh



## Félag framhaldsskólakennara: Áhyggjufullir yfir stöðu mála

**MENNTAMÁL** Fulltrúafundur Félags framhaldsskólakennara lýsir yfir áhyggjum af stöðu samstarfsverkefnis Kennarasambands Íslands og menntamálaráðuneytisins um stefnumörkun í menntakerfinu. Í ályktun frá félaginu kemur fram að vinnan hafi hingað til ekki skilað miklu. Benda kennarar á að neikvæð teikn séu á lofti um vilja stjórnvalda um málefni framhaldsskólans í nýju frumvarpi til fjárlaga.

Fulltrúafundurinn ítrekar þá skoðun félagsins að ekki sé sátt um styttingu námstíma til stúdentsprófs og skerðingu náms í framhaldsskóla en það séu áform menntamálaráðherra. - áþ



**MJÓDDIN** Innan skamms opnar Gullnáma í Mjóddinni. Íbúasamtök vilja vita hver veitti leyfi fyrir því.

Íbúasamtök í Breiðholti:

## Mótmæla opnun Gullnámu

**REYKJAVÍK** Tvö þúsund íbúar í Breiðholti hafa skrifað undir mótmæli gegn því að opnaður verði spilakassasalur í Mjóddinni. Um er að ræða Gullnámu sem Háskóli Íslands rekur.

Helgi Kristófersson hjá Íbúasamtökunum Betra Breiðholt segir að íbúarnir vilji ekki slíka ómenningu í hverfið.

„Það veit enginn hver hefur veitt leyfi fyrir þessu. Enginn hjá borginni veit neitt um þetta og dómsmálaráðuneytið ekki heldur. Ég skil ekki hvornig þetta getur farið í gegnum kerfið án þess að einhver viti hver veitti leyfið,“ segir Helgi. - ifv

Nefnd þriggja ráðuneyta:

## Eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti

**STJÓRNÝSLA** Sett hefur verið á fót nefnd þriggja ráðuneyta til að kanna hvaða aðili skuli hafa eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hér á landi.

Í tilmælum samtaka FATF (Financial Action Task Force) sem vinna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka er mælt fyrir um skyldu ríkja til að hafa virkt eftirlit með því að sérhver tilkynningaskyldur aðili starfi í samræmi við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Fjármálaeftirlitið annast nú eftirlit með fjármála fyrirtækjum en lögmenn, fasteignasalar og aðrir sem taka við háum greiðslum geta einnig orðið tilkynningaskyldir. - hs

## REYKJAVÍK

### 92 börn bíða

Enn bíða 92 börn eftir að komast að á frístundaheimilum í Reykjavík en 2.317 börn eru komin inn. Enn vantar 26 starfsmenn til starfa.

## GEYSIR Í HAUKADAL

### Fristundabyggð á flugvelli

Landeigendur í Haukadál II í Biskups-tungum ætla að skipuleggja frístunda-byggð á 35 hekturum lands þar sem áður var flugbraut austan Geysis. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur samþykkt að auglýsa breytingu á aðal-skipulagi til að koma megi þessu í kring.

Áherslur Frjálslynda flokksins í málefnum útlendinga falla mörgum í geð:

## Fólk flykkist í flokkinn

**STJÓRNMÁL** „Fólk flykkist í flokkinn og ég hef ekki undan að senda málefnastrána til nýrra félaga,“ segir Margrét Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins.

Tugir hafa gengið í flokkinn á degi hverjum síðustu daga og minnst Margrét ekki annars eins ann-ríkis á flokksskrifstofunni nema síðustu daga fyrir kosningar.

Margrét þakkar félagafjölgunina umræðum frjálslyndra um málefni útlendinga enda taki fólk það fram þegar það óskar skráningar í flokkinn. „Fólk er þakklátt okkur fyrir að opna þessa umræðu,“ segir Margrét.

Borið hefur á útlendingaandúð

í skráningum einstakra nýrra félaga en Margrét kveðst taka skýrt fram í samtölum við fólk að ekkert í þá veruna samræmist stefnu flokksins. Miklum mun fleiri hafi enda við skráningu tekið fram að þeir vilji ekki slíka stefnu á oddinum. Aðspurð segir Margrét að telja megi þá á fingrum annarrar handar sem hafi sagt sig úr Frjálslynda flokknum síðustu daga.

Um eitt þúsund félagar voru í Frjálslynda flokknum fyrir nokkrum vikum. - bps

**MARGRÉT SVERRISDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins.



Vandamál í Danmörku:

## Hefur flust til Svíþjóðar

**SVÍÞJÓÐ** Vandamálið með hjónabönd, sem konur hafa verið þvingaðar í, hefur flust frá Danmerkur til Svíþjóðar og orðið til þess að þrýstingurinn á kvennaathvörf á Skáni í Suður-Svíþjóð hefur aukist verulega. Lög sem eiga að koma í veg fyrir þessi hjónabönd voru sett í Danmörku 2002.

Í blaðinu Aftonbladet kemur fram að konur sem búa við þrælslegar aðstæður og hafa orðið fyrir ofbeldi sæki í auknum mæli í kvennaathvörf, til dæmis í Malmö. Konurnar eru yfirleitt frá löndum utan ESB og giftar dönskum ríkisborgurum en fjölskyldan flutt til Svíþjóðar vegna laganna. - ghs

WWW.SVAR.IS

# LÆKKAD VERÐ! PANASONIC MYNDGÆÐI

SKARPARI MYND  
EN ÁÐUR HEFUR SÉST!



**Panasonic 32" LCD 32LX60**

HD Ready  
1366x768 Upplausn  
1200:1 Skerpa  
500 cd/m2 birtustig  
8 ms Svartími  
2x Scart tengi, 2x HDMI tengi  
V-Real myndvél skilar betri mynd



Sparaðu  
50.000-

**TILBOÐ: 159.900-**

ALGENGT VERÐ: 209.900-

## 9. KYNSLÓÐ PANASONIC PLASMA SJÓNVARPA

ÞAÐ BESTA SEM VÖL ER Á



**Panasonic 42" PA60 PLASMA**

852x480 upplausn / 10.000:1 skerpa  
litafjöldi 29 milljarðar / Real-Black Drive System  
V-Real myndvél skilar betri mynd

**TILBOÐ: 219.900-**

FULLT VERÐ: 249.900-



**Panasonic 42" PV60 PLASMA**

1024x768 upplausn / 10.000:1 skerpa  
litafjöldi 29 milljarðar / Real-Black Drive System  
V-Real myndvél skilar betri mynd  
Fótur á mynd fylgir ekki

**TILBOÐ: 259.900-**

FULLT VERÐ: 319.900-



**Panasonic 42" PV600 PLASMA**

1024x768 upplausn / 10.000:1 skerpa  
litafjöldi 29 milljarðar / Real-Black Drive System  
V-Real myndvél skilar betri mynd / rauf fyrir SD minniskort sýnir ljósmyndir á sjónvarpinu  
Mynd í mynd / Fótur á mynd fylgir ekki

**TILBOÐ: 329.900-**

FULLT VERÐ: 429.900-



**Panasonic HT 855 HEIMABIÓKERFI**

850 RMS Wött / Heimabiókerfi með dvd spilara útvarps tuner og magnara / Dolby Pro Logic / DTS Decoder

**TILBOÐ: 64.900-Nýtt!**



**Panasonic HT 545W HEIMABIÓKERFI**

Þráðlausir bakhátalarar / 660 RMS Wött  
Heimabiókerfi með dvd spilara, útvarps tuner og magnara  
Dolby Pro Logic / DTS Decoder

**TILBOÐ: 64.900-Nýtt!**



**Panasonic DMR EH55 DVD**

Taktu upp sjónvarpsefni allt að 284 klst á 160GB harðan disk eða skrifaðu það á DVD disk

**TILBOÐ: 59.900-Nýtt!**

**svaR) tækni**

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000



## „ORÐRÉTT“

## Hinn gullni meðalvegur

„Ég hef ýmsa fjöruna sopið í prófkjörum, bæði unnið og tapað - þetta er svona mitt á milli.“

STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR VAR EKKI VISS HVORT HÚN VÆRI SÁTT VIÐ NIÐURSTÖÐUNA ÚR PRÓFKJÖRI SAMFYLKINGARINNAR Í REYKJAVÍK.

Fréttablaðið 12. nóvember.

## Aldrei?

„Þetta verður að minnsta kosti til þess að barnið fer ekki upp í rútu aftur.“

ÓLÍNA SVERRISDÓTTIR, AMMA DRENGS SEM SETTUR VAR ÚT ÚR RÚTU Á RÖNGUM STAÐ Á FÖSTUDAG, HEFUR FRAMTÍÐ PILTS Á KRISTALTÆRU.

Fréttablaðið 12. nóvember.

nær og fjær  
**tilveran**

## SJÓNARHÓLL

ÁRNI JOHNSEN AFTUR Á ÞING

## Árni búinn að afplána

„Ég var einmitt að koma frá Vestmannaeyjum, var þar um helgina og upplifði stemninguna svona á ská,“ segir blaðamaðurinn og ritstjórinn Reynir Traustason um endurkomu Árna Johnsen í stjórn málin. „Árni er búinn að afplána. Hann hefur tekið út sína refsingu þótt spurt sé um hvar iðrunarmörk hans liggja. En mér finnst að menn eigi að fá tækifæri aftur þegar búið er að hegna þeim. Sunnlendingar hafa greinilega verið á þeirri skoðun að Árni eigi erindi inn á Alþingi og þá er það þeirra mál fyrst og fremst. Svo getur maður aftur á móti velt því fyrir sér hvaða áhrif þetta muni hafa inn í Sjálfstæðisflokkinn og hvernig almenningur muni taka þessu framboði þegar komið er út í alvöruna. Það má allt eins búast við því að flokkurinn reyni að einangra hann þannig að hann fái ekki mikinn slagkraft við endurkomuna.“



REYNI TRAUSTASON

Þetta kom mér ekki á óvart, ég var búinn að spá þessu. Hann fékk fina auglýsingu með þennan fina leikara á stuðningsmannalistanum sínum. Það hefur kannski skilað einhverju.“

## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? BERGPÓR PÁLSSON SÖNGVARI

## Erum dálítið að elta skottið á okkur

Nóg er um að vera hjá Bergþóri Pálssyni söngvara um þessar mundir en hann var að fara að syngja á tveimur tónleikum þegar blaðamaður sló á þráðinn. „Svo fer ég eldsnemma í fyrramálið norður í land þar sem ég og tveir hljóðfæra-leikarar verðum með sex til átta tónleika fram á þriðjudag fyrir börn. Þetta er nokkurs konar Mozart-kynning þar sem ég kem fram í búningi og leik Mozart.“

Þótt Bergþór sé með mörg járn í eldinum stendur eitt upp úr sem aðalverkefnið. „Ég kominn vel á veg með að skrifa bók sem kemur út eftir ár vonandi. Hún fjallar um umgengisvenjur í starfi og leik hvort sem er á almannafæri, heima við eða í vinnunni. Ég tek minna að mér núna en venjulega út af þessu.“



En þetta er búið að vera lengi í sigtinu núna og ég hef verið að safna að mér efni.“

Þótt mikið sé að gera segir Bergþór mikilvægt að finna sér tíma til að slaka á. „Stundum skipast dagskráin svona þétt og maður getur ekkert að því gert. En mér finnst það alveg höfuðatriði að taka því rólega inn á milli til þess að njóta þess sem maður er að gera. Það er ekkert gaman að þessu ef þetta er stanslaust hlaup. Ég held að þetta sé svolítið algengt hjá Íslendingum að við erum dálítið að elta skottið á okkur. Þegar maður er spurður hvort nóg sé að gera er besta svarið að segja að það sé brjáláð að gera. En ef maður segir það ekki þá er eitthvað að, þá er maður ekki að lifa lífinu. Þetta er eitthvað innbyggt í þjóðarsálinu að það besta sem fyrir mann getur komið er ef það er brjáláð að gera.“

## HAFNARFJÖRÐUR: FJÁRÖFLUN AÐ HANDAN

Sumir baka kökur eða selja klósettpappír en slysa-vernadeildin Hraunprýði fer aðra leið til fjáröflunar. Í kvöld heldur deildin skyggniýsingafund með Skúla Lorenzsyni miðli og ætlar að safna fyrir nýrri björgunarmiðstöð. Þessi frumlega hugmynd kom fram á nefndarfundi nýlega. Fundurinn fer fram í húsi deildarinnar að Flatahrauni 14 (gamla rauða slökkvistöðin) í Hafnarfirði og hefst klukkan 20. Einnig verður selt kaffi og kleinur.



## Í skugga sprengjunnar

Kjarnorkuváin er liðin tíð. Kjarnorkubyrgi Almanna- varna í lögreglustöðinni við Hlemm verður bráðlega notað sem æfingaaðstaða fyrir lögregluna. Almanna- varnalúðarnir eru þagnaðir og símaskráin er löngu hætt að birta leiðbeiningar um rétt viðbrögð í kjarnorkuárás. Það er þó ekki langt síðan kjarnorkuógnin vofði yfir Íslendingum eins og öðrum íbúum jarðarinnar.

Áratugum saman ríkti ógnarjafnvægi, en það var viðkvæmt. Alltaf mátti eiga von á hamförum þegar sprengjan sprangi yfir Keflavíkurflugvelli. Fólk fékk martraðir um

borðalagða menn sem ýttu á rauða takka, kjarnorkusveppi yfir Keflavík og endalok mannskynsins. Í símaskránni mátti lesa sér til um réttu viðbrögðin kæmi til heimsenda, Bubbi Morthens æpti að við myndum öll deyja og hryllingsmyndir fjölluðu um ömurlegt líf afskræmdra manna- vera sem vöfrudu um í kjarnorku- ytrinum. Í kjallara lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu var stjórnstöð Almanna- varna. Þar var kjarnorku- byrgi sem stóð tilbúið ef til þess versta kæmi. Guðjón Petersen var framkvæmdastjóri Almanna- varna í 25 ár og vann í kjallaranum. „Lögreglustöðin var hönnuð og byggð snemma á 7. áratugnum þegar Kúbudeilan stóð sem hæst og heimurinn var á barmi kjarnorkustyrjalda,“ segir Guðjón. „Byrgið var því með mjög öflugum gas- og geislafilterum og átti að standast beina árás á lögreglustöðina. Byrgið var ætlað þeim sem áttu að stjórna samræmdum aðgerðum í hamförum, en möguleikinn á kjarnorkuárás plagaði okkur svo sem aldrei. Náttúra Íslands sá til þess að við höfðum um nóg annað að hugsa.“

Guðjón segir að miklar áætlanir hafi verið til um viðbrögð við kjarnorkuárás. „Gerðar voru módelárásir á Ísland og unnið út frá því að eins megatonna kjarnorkusprengja yrði sprengd yfir Keflavíkurflugvelli. Það var gerð ýtarleg könnun á því hvar væri hægt að hýsa fólk í kjarnorkuárás. Viðsvegar á höfuðborgarsvæðinu voru kjallarar og byrgi sem veittu hundrafalda skýlingu, en það var talið duga. Til var húsnæði sem nægt hefði áttatíu prósent af íbúum höfuðborgarsvæðisins. Hin tuttugu prósentin hefðu að öllum líkindum farist í sprengingunni.“

Ekki voru matvörur í byrginu á Hlemmi enda talið að nokkur aðdragandi yrði að árás og því tími til að sanka að sér vistum. Í byrginu var útvarpsendur svo hægt hefði verið að senda út upplýsingar á miðbylgju. „Geislun af úrfellinu dvínar hratt og því var ekki gert ráð fyrir að fólk hefði

hafst við lengur en 72 tíma í byrginu. Eftir það var talið óhætt að fara út í klukkutíma á dag án sérstaks hlífðarbúnaðar,“ segir Guðjón.

Eftir að lögreglan í Reykjavík tók yfir gömlu Almanna- varna- aðstöðuna stóð hún auð og óbreytt í nokkurn tíma en nú er verið að breyta byrginu í æfingaaðstöðu fyrir lögregluna. Í þessu rammgerða húsnæði á grunnþjálfun lögreglunnar að fara fram, handtökuefingar og því um líkt.

Guðjón Petersen segir að á sjöunda áratugnum hafi Almanna- varnir viljað dreifa vönduðum bækingi inn á öll heimili landsins um rétt viðbrögð í kjarnorkuárás en frá því hafi verið fallið. Talið var að svona bækingur myndi valda óþarfa ótta meðal landsmanna. Það kom þó ekki í veg fyrir að aftast í símaskránni var ár eftir ár ein blaðsíða tileinkuð „áhrifum kjarnavopna og vörnum gegn þeim“. Þar mátti lesa um rétt viðbrögð og meðal annars þetta: *Snúðu strax undan ljósinu til að verjast blindu. Þeir sem fá á sig geislavirkt úrfall á leið í skjól, eiga að bregða klút fyrir andlit sér. Áður en farið er inn í skýli verður að afklæðast menguðum fötum fyrir utan og dusta ryk úr höfði sér svo sem kostur er.*

Þá voru lúðrar Almanna- varna prófaðir ársfjórðungslega. „Fyrst voru þeir prófaðir í hádeginu á laugardögum, en því var hætt eftir að það hitti á nýjársdag. Menn voru lítt hrifnir af því að vera vaktir með þessum deskotans látum,“ segir Guðjón. Því var farið að prófa lúðrana á miðvikudögum. Þegar lúðarnir glumdu ársfjórðungslega átti fólk að fletta upp í símaskránni til að athuga hvað hvert hljóðmerki táknaði. Þau voru þrjú og táknuðu „áriðandi tilkynning í útvarpi“, „hætta yfirvofandi“ og „hætta liðin hjá“. Síðast voru lúðarnir þeyttir árið 1997 og nú er búið að aftengja þá alla. Símaskráin árið 1989 var sú síðasta sem kjarnorkusíðan birtist í. Berlínarmúrinn féll í nóvember 1989 og nú vofa aðrar og öðruvísi ógnir yfir jarðarbúum.

gunnarh@frettabladid.is



ÚR SÍMASKRÁNNI 1989

## Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna\* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

\*Gallup maí 2006

- Vel lesið



ALMANNAVARNAFLAUTUR Í REYKJAVÍK Prófaðar fjórum sinnum á ári, síðast 1997.

FRÉTTABLAÐIÐ/LOFTUR ÁSGEIRSSON



KOJUR Í BYRGINU Hér áttu menn að bíða af sér geislavirkt úrfelli.


FRÉTTABLAÐIÐ/LOFTUR ÁSGEIRSSON



GUÐJÓN PETERSEN Í BYRGINU 1976 Möguleikinn á kjarnorkuárás plagaði aldrei.

FRÉTTABLAÐIÐ/LOFTUR ÁSGEIRSSON





**RAGNHEDUR  
GRÖNDAL  
ÞJÓÐLÖG**

**NÝR GEISLADISKUR KEMUR  
Í VERSLANIR Í DAG**


**12 Tónar**

SKÓLAVÖRDUSTÍG 15 511 5656  
FIOLSTRÆDE 7 3336 5656  
WWW.12TONAR.IS / 12TONAR@12TONAR.IS



## Svona erum við

&gt; Stærð friðlýstra svæða á Íslandi í ferkílómetrum



## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL-GREINING: NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

## Nýleg stofnun á gömlum grunni

Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) er ríkisstofnun, heyrir undir umhverfisráðuneytið og starfar samkvæmt lögum frá 1992. Þótt stofnunin sjálf sé ung þá á hún rætur að rekja aftur til ársins 1889 þegar hið íslenska náttúrufræðifélag stofnaði Náttúrugripasafnið.

## Hvar er stofnunin staðsett?

Setur stofnunarinnar eru staðsett annars vegar í Reykjavík og hins vegar á Akureyri. Þar starfa á bilinu 50 til 55 manns við vöktun á náttúru landsins og margvíslegar rannsóknir. Þá sinnir stofnunin ýmsum ráðgjafar- og fræðslustörfum.

## Hlutverk stofnunarinnar?

Helsta hlutverk NÍ er að rannsaka náttúru Íslands og þá krafta sem ráða gerð og þróun

hennar. Stofnunin sér um að skrá þær tegundir plantna, dýra og örvera sem finnast á Íslandi og í hafinu umhverfis landið. Þá skráir hún hvaða steindir, bergtegundir og jarðmyndanir finnast á landinu. NÍ kannar einnig magn og útbreiðslu lífvera og jarðmyndana og varðveitir í vísindasöfnum auk þess sem að hún metur ástand hinna ýmsu dýra- og jurtastofna. Meðal annarra verkefna hennar má nefna merkingar á fuglum.



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN VIÐ HLEMM

**Hefur hún fræðsluhlutverk?**  
Ní leiðbeinir um landnotkun, vernd náttúruminja og hóflega nýtingu náttúruauðlinda. Stofnuninni ber að miðla fræðslu til skóla og almennings, aðstoða við gerð náttúrusýninga og sjá um útgáfu náttúrufræðisvæðinga.

## Hvað er varðveitt á NÍ?

Stofnunin rekur Náttúrugripasafn Íslands í Reykjavík auk þess sem þar er varðveitt gríðarlegt safn heimilda um náttúru Íslands og náttúrugripa.

## SPURT &amp; SVARAD

KLAUSTRIÐ Á SKRIÐU

## Klaustrið hafi mikil umsvif



SKÚLI BJÖRN GUNNARSSON

Forstöðumaður Gunnarsstofnunar að Skriðuklaustri.

Rannsóknir hafa nú staðið yfir í fimm ár á hinum forna stað klaustursins á Skriðu og nú er talið að um helmingur klausturbýgginganna hafi verið grafinn upp. Rannsóknir hefur einnig varpað nýju ljósi á hlutverk klaustursins en áætlað er að vinna við uppgröftinn standi næstu fimm árin.

## Hvenær var klaustrið stofnað og hvenær urðu endalok þess?

„Það bendir flest til þess að klaustrið hafi verið stofnað árið 1493 og að það hafi staðið til síðaskipta árið 1550.“

## Hvert var hlutverk klaustursins?

„Að vera miðstöð trúarlífs og menntunar á Austurlandi. Þá hafa fornleifarannsóknir tekið af öll tvímæli um það að þarna hafi fátækum og sjúkum verið sinnt og jurtir til lækninga verið ræktaðar á staðnum.“

## Hvað var merkilegast við klaustrið?

„Ég tel þau miklu umsvif sem klaustrið hafði afar merkileg en í þau sextíu ár sem það var starfandi eignaðist það tugi jarða á Austurlandi.“

## Meirihluti frjálsslyndra segir útlendinga mikið vandamál

Rúmlega helmingur þeirra sem sögðust styðja Frjálsslynda flokkinn í könnun Fréttablaðsins í síðustu viku segir fjölda útlendinga hér á landi vera mikið vandamál. Fæstir stuðningsmenn Framsóknarflokks og vinstri grænna segja fjölda útlendinga hér á landi vera mikið vandamál.

Um þriðjungur svarenda í könnun Fréttablaðsins sem gerð var 7. nóvember sagði fjölda útlendinga á Íslandi vera mikið vandamál. 43,6 prósent sögðu fjöldann vera lítið vandamál en 23,6 prósent sögðu vandann vera engan.

Ef svarendur eru greindir eftir því hvaða flokk þeir segjast myndu kjósa, væri bóðað til kosninga nú, kemur í ljós að áberandi margir stuðningsmenn Frjálsslynda flokksins segja fjölda útlendinga hér á landi vera mikið vandamál, eða sextíu prósent af öllum stuðningsmönnum Frjálsslynda flokksins segja fjölda útlendinga vera lítið vandamál en fjórtán prósent segja fjöldann vera ekkert vandamál. Með þessum hlutföllum skera stuðningsmenn Frjálsslynda flokksins sig frá stuðningsmönnum annarra flokka, sem ýtir undir þá kenningu að fylgisaukning flokksins samkvæmt þessari könnun sé vegna umræðu flokksmanna um innflytjendamál.

Stuðningsmenn eins annars flokks telja að fjöldi útlendinga sé í meira mæli en meðaltal bendir til. Það eru stuðningsmenn Samfylkingar en 38 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa flokkinn segja fjölda útlendinga vera orðinn mikið vandamál. 37,2 prósent telja vandamálið lítið og 24,8 prósent telja vandamálið ekkert, sem einnig er yfir meðaltali.

## Framsóknarfólk og vinstri grænir telja útlendinga ekkert vandamál

Framsóknarmenn og vinstri grænir skera sig úr hvað varðar hlutfall stuðningsmanna sem telja fjölda útlendinga vera ekkert vandamál. 41,9 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokks telja fjölda útlendinga vera ekkert vandamál. Sama hlutfall segir fjöldann vera lítið vandamál. Þá telur 16,1 prósent þeirra sem myndu kjósa Framsóknarflokkinn að fjöldi útlendinga sé mikið vandamál.

Af stuðningsmönnum vinstri grænna segja 36,2 prósent að fjöldi útlendinga hér á landi sé ekkert vandamál. 46,6 prósent telja að vandinn sé lítill, en 17,2 prósent telja að fjöldi útlendinga sé orðinn að miklu vandamáli.

## Meirihluti sjálfstæðismanna segir útlendinga lítið vandamál

Meirihluti sjálfstæðismanna, eða 51,4 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa flokkinn, segir að fjöldi útlendinga sé lítið vandamál

nú. 18,1 prósent þeirra telur vandamálið ekkert, en 30,5 prósent segja að fjöldi útlendinga sé nú mikið vandamál.

Af þeim sem ekki tóku afstöðu til stjórnmálaflokkanna eru svörin mjög svipuð heildartölunum. 23,5 prósent telja engan vanda nú vegna fjölda útlendinga á Íslandi. 44,4 prósent telja að vandinn sé lítill og 32,1 prósent segir vandann vera mikinn.

Hringt var í 800 kjósendur þriðjudaginn 7. nóvember og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurningarnar tvær voru: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga nú? og Er fjöldi útlendinga á Íslandi ekkert, lítið eða mikið vandamál?

91,3 prósent tóku afstöðu til að minnsta kosti annarrar spurningarinnar.

## Þjóðernishyggja og óánægja

Fylgisaukning Frjálsslynda flokksins, samkvæmt skoðanakönnun



BIRGIR HERMANNSSON STJÓRN MÁLA-FRÆÐINGUR

Fréttablaðsins, gæti annars vegar skýrt af lausu óánægjufylgi, en hins vegar legið í þjóðernishyggju, segir Birgir Hermannsson stjórnmálafræðingur.





Fylgi Frjálsslynda flokksins mælist nú ellefu prósent, samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Á sama tíma dalar fylgi annarra flokka, utan Samfylkingar. Sérstaklega dalar fylgi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um 5,6 prósentustig og Framsóknarflokks, um 3,9 prósentustig.

Á þessu geta verið tvær skýringar segir Birgir; „Annars vegar einhvers konar óánægjufylgi sem sé laust og hafi áður farið á vinstri græn, en sé ekki sérstaklega fast þar fyrir og fari nú til Frjálsslynda flokksins. Hinn hlutinn gæti legið í þjóðernishyggju, meðal þeirra sem eru óánægðir með þessa Evrópuvæðingu og þar af leiðandi á móti EES, en slíkur straumur finnst bæði hjá vinstri grænum og Framsóknarflokknum.“ Hann segir ekki langt stökk frá því að vera mikill andstæðingur Evrópusambandsins til þess að vera andstæðingur afleiðinga aðilar, líkt og óheftum innflytningi á fólk.

Þjóðarflokkur vex út öðrum flokki Birgir bendir á að í Danmörku, þar sem Danski Þjóðarflokkurinn hefur orðið að sterku stjórnmálaafli, hafi Þjóðarflokkurinn vaxið úr flokki Glistrup, þar sem jarðvegurinn hafi verið fyrir hendi. Jafnaðarmenn hafi jafnframt tapað fylgi til Þjóðarflokksins eftir að þeir reyndu að yfirbjóða Þjóðarflokkinn í innflytjendamálum.

„Sviar hafa hins vegar engan fyrirvara á vinnuafli en þjóðernisflokkar hafa ekki náð manni inn á

## ER FJÖLDI ÚTLENDINGA Á ÍSLANDI EKKERT, LÍTIÐ EÐA MIKIÐ VANDAMÁL, EFTIR FYLGI VIÐ FLOKKA



SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 7. NÓVEMBER 2006

þing, þrátt fyrir mikla umræðu. Umræðunni þar hefur verið haldið niðri af hinum flokkunum og þjóðernissinnar hafa verið forðæmdir og hinir flokkarnir hafa ekki viljað tala við þá.“

FRÉTTASKÝRING  
SVANBORG SIGMARSSON  
svanborg@frettabladid.is

allt  
matur  
Alla föstudaga



# PIXEL PLUS

TRYGGIR FRAMÚRSKARANDI MYNDGÆÐI




**Philips 42PF7621D**  
42" HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 myndtækni, Progressive Scan og Digital Natural Motion, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Dynamic Contrast og Active Control, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

**HD ready**

**TILBOÐ**

**299.995**

FULLT VERÐ 399.995



**Philips 42PF5331**  
42" HD Plasma BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1024x1080i punkta upplausn með Skerpu 3.000:1, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, Contrast Plus og Active Control, 2x30w Nicam Stereo hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

**TILBOÐ**

**199.995**

**HD ready**

FULLT VERÐ 249.995



**Philips 42PF5421**  
42" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 800:1skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

**TILBOÐ**

**239.995**

**HD ready**

FULLT VERÐ 299.995



**Philips 42PF9631D**  
42" Plasma Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1024x1080i punkta upplausn, 3.000:1 skerpu, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, Active Control og ljósskynjara, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2x30w Nicam stereó hljóðkerfi með wOOx bassa, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, Audio inn/út, PC tengingu gegnum HDMI (stýður XGA), textavarpi og fjarstýringu.



**TILBOÐ**

**329.995**

**HD ready**

FULLT VERÐ 299.995

**PHILIPS**

**LCD ALLAR STÆRÐIR**



PIXEL PLUS MYNDTÆKNI  
EYKUR LÍNUFJÓLDA OG SKERPU



**Heimilistæki**

[www.ht.is](http://www.ht.is)

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN  
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT



Hvað segja prófkjör helgarinnar?

## Litlar pólitískar vendingar

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Varla verður sagt að prófkjör helgarinnar gefi vísbendingar um miklar skyndilegar pólitískar vendingar. Sakir stærðar Samfylkingarinnar í Reykjavík hlýtur prófkjör flokksins þar að vera ágætis loftvog til að sjá fyrir hæðir og lægðir í pólitísku veðurfari.

En satt best að segja urðu engar þær breytingar á framboðslistum Samfylkingarinnar í Reykjavíkurborgardæmunum tveimur sem gefa vísbendingar um breytta stöðu flokksins á taflborði stjórnmálanna. Kosningaráttakan í prófkjöri sem opið var utanflokks mönnum verður þó tæplega talin til marks um sérstaka eða óvænta sókn til meiri áhrifa. Það er athyglivert eftir þriggja kjörtímabila fjarveru úr stjórnarráðinu.

Inn á við í þingflokksnum sýnist prófkjörið einkum mæla aukinn styrk tveggja þingmanna. Augljóst er að kornungur varaformaður færir nær þeirri stöðu á framboðslistanum sem eðlilega má telja og samræmist því hlutverki. Ágúst Ólafur Ágústsson getur nú fyrir þær sakir beitt sér með áhrifameiri hætti í krafti stöðu sinnar en fram til þessa.

Hin niðurstaðan sem lýtur að innri styrkleika einstakra þingmanna er örugg kosning Óssurar Skarphéðinssonar, nýkjörins þingflokksformanns, í efsta sæti á öðrum Reykjavíkurlistanum. Í síðustu kosningum varð hann fyrsti jafnaðarmaðurinn í þingsöggunni til þess að ná fyrsta þingsæti í Reykjavík frá Sjálfstæðisflokksnum. Þó að prófkjörið hafi styrkt þingflokksformanninn inn á við í flokksnum er þó óvíst að hann geti endurtekið þann leik frá því síðast.

Ugglaust hefur formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, vænst þess að fá herra atkvæðahlutfall með því að enginn atti kapp við hana um efsta sætið. Niðurstaðan verður þó ekki talin eitthvert sérstakt veikleikamerki. Staða formannsins hefur í raun réttir hvorki veikt né styrkt í þessu prófkjöri.

Suðvesturkjördæmið var öflugasta vígi Sjálfstæðisflokksins í síðustu kosningum. Varaformaðurinn Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fékk mjög afgerandi kosningu sem er skýr vottur um örugga stöðu hennar. Þá vekur athygli að þrjú nýir framboðendur koma í nokkuð örugg þingsæti. Það er óvenjulega mikil endurnýjun.

En mesti pólitíski viðburðurinn í prófkjörum helgarinnar felst þó án efa í kosningu Bjarna Benediktssonar í annað sæti listans. Hún kom að vísu ekki á óvart. En óvanalegt er að jafn ungur þingmaður án forystuhlutverks nái þeirri stöðu að enginn treystir sér til að keppa við hann um slíkt sæti.

Hitt er þó ef til vill vert meiri athygli að hann fær heldur betri kosningu en varaformaðurinn og jafn góða og formaður Sjálfstæðisflokksins fékk í Reykjavík á dögnum. Af þessu verður varla dregin önnur ályktun en sú að Bjarni Benediktsson hafi náð framúr öðrum almennum þingmönnum flokksins og byggt upp sterka áhrifastöðu næst flokksforystunni.

Að þessu leyti kunna úrslitin í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi að segja nokkuð til um framtíðina í íslenskum stjórnmálum. En ein og sér benda þau hins vegar ekki í bráð til óvæntrar þróunar af nokkru tagi. Það gera heldur ekki venju fremur miklar breytingar á stöðu sitjandi þingmanna Sjálfstæðisflokksins í Suðurstjórndæmi þó að þær þyki eðlilega nokkur tíðindi.

### Síðust, ekki síst

Þegar keppt er um hylli kjósenda lenda alltaf einhverjir í því að fá fæst atkvæði. Lögmál sem verður ekki flúið. Glúmur Baldvinsson var sá sem rak lestina í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík, þó hann hafi fengið rétt yfir þúsund atkvæði. Glúmur var beittur í baráttunni með pennann einan að vopni og hæfilegan skammt af húmor. Þannig fór líka fyrir Árna Þór Helgason í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. Í Suðurstjórndæmi skipaði Kári Sölmundarson neðsta sætið.



### Herdís í fjórða

Kjörnefnd kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi fundaði í Hrótafirði í fyrradag til að leggja lokahönd á tillögu um uppröðun framboðenda fyrir næstu alþingiskosningar. Þingmennirnir þrjú, Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson og Einar Oddur, raða sér í efstu sætin. Ásbjörn Óttarsson, formaður kjörnefndar, talaði fyrir því að Herdís Þórðardóttir, mágkona forsætisráðherra, hlyti fjórða sætið. Bauð hún sig fram eftir að ljóst var að Borgar Þór Einarsson, formaður SUS, naut ekki nægilegs stuðnings innan fulltrúaráðs sjálfstæðismanna á Skaganum.



### Leitað að rektor

Stjórnendur Háskólans í Reykjavík leita langandi ljósi að eftirmanni Guðfinnu Bjarnadóttur í stöðu rektors. Verður vandasamt að fylla í skarð Guðfinnu enda hefur hún verið afgerandi rektor og öflugur talsmaður skólans. Að minnsta kosti einn umsækjandi hefur gefið sig fram, Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent í heimspeki við HI, sem mætti á fund til að útlista kosti sína fyrir starfið. Það þykir samt ekki rétt að setja einstakling, sem hélt því fram í Silfri Egils um árið að græði einn í viðskiptum tapi annar, yfir háskóla sem kennir meðal annars viðskiptafræði.

bjorgvin@frettabladid.is

## Draumastaða í stjórnmálum

Stjórnmál snúast um völd og áhrif. Stjórn hefur völd, stjórnarandstaða áhrif. Þannig á það að vera. En þannig er það kannski ekki á Íslandi. Hér virðast alltaf sömu menn hafa völdin. Sama hvað gengur á. Ef „rangir“ menn komast í stjórn er þeim leyft að sitja nokkur ár og halda að þeir hafi völd. En tíu árum síðar er blekkingarhulunni svipt burt: Þeir voru hleraðir. Þeir voru UNDIR EFTIRLITI. Þeim var leyft að ráða UPP AÐ VISSU MARKI. Á bak við sátu þeir sem halda ÖLLUM ÞRÁÐUM Í HENDI SÉR.

Hlerunarmál hin síðustu eru enn eitt áfallið fyrir okkar litla þjóðfélag sem manni virðist stundum vera þjófafélag. Öryrkjama, Baugsmál, Íraskmál, eftirlaunamál, fjölmiðlafrumvarp og almenn valdfrekja með tilheyrandi almenningssóttu voru næg tilefni til þunglyndis en nú kemur eitt enn. Og Davíð beindi strax öllum grunsemdum að sér með því að hrópa „bull og vitleysa“. Og í Valhöll beindi forsætisráðherra allra augum að eyrum dómsmálaráðherra. Sá gjörningur Geirs H. Haarde var í raun „Ógeðfæld aðför að Birni Bjarnasyni“, svo vitnað sé í hann sjálfan, því fram að því hafði enginn sagt Björn hafa hlerað.

Hægrifylgjan átti rétt á sér á sínum tíma en nú hefur okkur rekið af leið. Of langt til hægri. Þetta skynja jafnvel hægri menn sjálfir og mæta bleikmálaðir til allra kosninga.

En bleika höndin er engu betri en sú bláa. Aðeins þremur dögum eftir að Gulli Þór felldi Björn hafði hann sjálfur breyst í þann „svartklíkumann“ sem menn hans vildu fella. (Annars er einföld skýring á því hvernig prófkjörið fór. Gulli hringdi í kjósendur en Björn hleraði.) Það er eins og menn þurfi



HALLGRÍMUR HELGASON Í DAG | Valdþreyta

að vera samviskulausir svindlarar til að komast hátt í Hlerunarflokksnum. Ef formaðurinn er einn heiðarlegur Geir, Hallgrímsson eða Haarde, logar allt í illeilum.

Sjálfstæðisflokkurinn þarf greinilega á harðstjóra að halda.

Brýnustu verkefni næstu stjórnar eru upptaka evrunnar og endurupptaka velferðar. Þó er brýnast af öllu það sem ég vil kalla karlhreinsun valdakerfisins. Burt með karlpungshátt liðinnar aldar. Burt með tveggja punga tal. Burt með við-förum-í-stríð-í-nafnlands-en-ekki-þjóðar. Burt með umræðulausar ráðherratilskipanir. Burt með áhrifalaust alþingi. Burt með þér-er-velkomið-að-snaða-með-mér-hádegisverð-a-skrifstofu-minni karlþóttu. Burt með klíkuskap og vinastöðuveitingar. Burt með ég-er-búinn-að-finna-nýjan-útvarpsstjóra-en-auglýstu-samt-stöðuna. Burt með teppið úr Stjórnarráðinu. Burt með ríkisrekið einelti. Burt með dómsmála-ráðherra sem lítur á dómskerfið sem deild í ráðuneytinu sem hann getur beitt gegn fólki og fyrirtækjum. Burt með dómsmálaráðherra sem situr á hlerunargögnum eins og ástarbréfum föður síns. Burt með ráðherra sem hefur lögregluna í vasanum. Burt með ríkislögreglustjóra sem starfar í vasa ráðherra. Burt með „heyrðu, kall, ég redda

þessu eftir helgi. Þú hefur bátinn kláran.“

Nýuppteknar hvalveiðar eru ekki hvalveiðar heldur atkvæðaveiðar. Markhópurinn er fimmtug/sextug mis-gildvaxin karldýr búseti langt utan höfuðborgarsvæðisins. Í nafni Kristjáns Loftssonar landar ráðherrann þeim í lengsta firði kjördæmis síns. (Meginástæðan fyrir því að sjálfstæðisflokkurinn svo hugfangnir af hvólum er samt sú að þeir eru þau dýr jarðarinnar sem heyrta hvað best. Hvalir geta hlerað samtali í tvö hundruð mílna fjarlægð. Hvalveiðarnar byggjast því á djúpsálarlegri afbrýðissemi.)

Það þarf AÐ HREINSA TIL á Íslandi. Það þarf að gera upp við tuttugustu öldina – hundrað ár af helmingaskiptum – með því að skera upp kerfi hennar og drauga, þéranir og hleranir, og skapa nýtt Ísland. Nýtt þjóðfélag, víðsýnt, gagnsætt, opið og SANNGJARNT.

Á þeirri leið er gott að minna sig á misgjörðir sitjandi herra. Auk þeirra sem áður eru taldar er sú versta ónefnd: Svartasti bletturinn í sögu lýðveldisins: Þegar núverandi ríkisstjórn óhlyðnaðist stjórnarskrá og lét hjá líða að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfar synjunar forseta Íslands á fjölmiðlafrumvarpinu.

Fólk sem ekki fer eftir stjórnarskrá á ekki skilið að fá að stjórna landinu.

Sjaldan hefur ríkisstjórn gengið til kosninga með svo marga bletti á bakinu. Sjaldan hefur meirihlutinn legið svo vel við höggi. Og nú er jafnvel sundrunin gengin í raðir hans. Á síðustu dögum hefur svo Frjálslyndi flokkurinn verið að söpa til sín fylginu sem fáir aðrir flokkar myndu þiggja. Staðan í íslenskum stjórnmálum er því sannkölulöð draumastaða fyrir þá sem vilja breytingar.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson. AÐSTOÐARRITSTJÓRNAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRNAR: Arnís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason. FULLTRÚAR RITSTJÓRNAR: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Auglýsingabann í prófkjörum

### UMRÆÐAN

Þekktir framboðendur og óþekktir

Hverjir skyldu hafa mesta hagsmuni af því að settar séu strangar reglur um auglýsingar og kynningar á framboðendum í prófkjöri og auglýsingar jafnvel bannaðar? Augljóslega þeir prófkjörþátttakendur sem þegar eru þekktir, annað hvort af verkum sínum sem sitjandi stjórnmálamenn eða vegna áberandi starfa sinna á öðrum vettvangi. Aðrir þátttakendur eiga allt undir því að koma sér á framfæri við kjósendur. Í þeim efnum dugar engin ein aðferð. Útgáfa bæklinga er oft nauðsynleg en sjaldan nægileg ein og sér til þess að ná athygli þeirra sem ekkert þekkjast til framboðandans. Símhringingar í kjósendur geta verið áhrifaríkar ef rétt er að þeim staðið. Ólíklegt er þó að þær væru látnar duga til þess að kynna nýjan framboðenda, einkum með hliðsjón af umfangi þeirra í stórum prófkjörum eins og á höfuðborgarsvæðinu. Auglýsingar, í prentmiðlum eða ljósvakamiðlum, eru eðli máls aldrei öðru vísi en stuttar og hnitmiðaðar, en er afar áhrifamikil leið til þess að koma nýjum framboðanda á framfæri. Óþekktir nýliðar sem vilja eygja einhverja von um árangur í prófkjöri geta þó tæplega reitt sig einungis á auglýsingar. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga við hverja att er kappi. Þeir nýliðar sem hafa t.d. verið daglegir gestir landsmanna á sjónvarps-



SIGRÍÐUR Á. ANDERSEN

skjánun, í fréttum, vegna þáttagerðar eða sem reglulegir gestir spjallþáttanna, hafa gríðarlegt forskot í prófkjörum. Auglýsingar eru þá tvímælaust besta leiðin sem óþekktur framboðandi hefur til þess að koma nafni sínu, andliti og málefnum á framfæri. Reyndar er það nú líka svo að a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu eru auglýsingar líka ódýrasta leiðin til þess arna. Þess vegna skýtur það skökku við að Samfylkingin bannaði framboðendum í prófkjöri sínu í Suðvesturkjördæmi að auglýsa. Þeir máttu hins vegar gefa út bækling

og dreifa í kjördæminu. Þá máttu þeir kosta eins miklu til og þeir vildu í úthringingar, heimasíðugerð og heimsknir til kjósenda. Þetta fyrirkomulag getur auðvitað verið heppilegt fyrir þá framboðendur sem eiga vini meðal grafískra hönnuða, tölvusnillinga og viljugra sjálfbodaliða. Aðrir framboðendur vita hins vegar að gerð og dreifing bæklinga í öll hús kjördæmisins er ekki kostnaðarlítill kosningabaráttu. Það má kaupa nokkrar heilsíðuauglýsingar í dagblöðunum fyrir þann pening sem bara dreifing kostar.

Málflutningur samfylkingarmanna, og annarra sem kalla eftir málfrælsisskerðingu prófkjörsframboðenda, er til þess fallinn að slá ryki í augu kjósenda og segir ekkert til um vilja manna til þess að halda kostnaði í lágmarki.

Höfundur er lögfræðingur.

Atvinna oskast

Smáauglýsing óskar eftir tímabundnu starfi við auglýsingar. Mikil reynsla og góð meðmæli. Uppl í síma. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá





Peugeot  
Speedfight LC  
Vespa

# 24 tíma leikur

## 10-11 OG ZÚÚBER!

Skelltu þér í eina af **24 tíma verslunum 10-11** og nældu þér í orkudrykkinn Burn á súpertilboði! Svaraðu einfaldri spurningu og þá kemstu í útdráttar-pott og getur unnið 50 þúsund króna úttekt í 10-11. Vinningshafar eru dregnir út í morgunþætti Zúúber á FM 957 á hverjum föstudagsmorgni í nóvember. 1. des verður aðalvinningurinn dreginn út.

Í aðalvinning er **Peugeot Speedfight LC Vespa!** Einnig hjálmur og alklæðnaður í vetraraksturinn frá 66° NORÐUR auk eldsneytis fyrir ökumanninn; kassa af Burn orkudrykknum.



Nú eru 10 verslanir 10-11 opnar allan sólarhringinn.

10-11 Engihjalla | 10-11 Langaríma | 10-11 Staðarbergi | 10-11 Lág múla | 10-11 Barónsstíg  
10-11 Garðabæ | 10-11 Hjarðarhaga | 10-11 Dalvegi | 10-11 Akureyri | 10-11 Keflavík





# Yfirlýsing frá Jóhannesi Jónssyni vegna skýrslutöku

## UMRÆÐAN

Baugsmálið

Lögmaður minn hefur tilkynnt mér að lögreglumaður hjá efnahagsbrotadeild RLS hafi haft samband við hann til að boða mig sem sakborning í skýrslutöku hjá embætti RLS vegna rannsóknar á meintum skattalagabrotum í rekstri Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf., en ég er stjórnarformaður félagsins. Skýrslutakan mun fara fram í dag. Fyrir liggur að yfirmaður efnahagsbrotadeildarinnar, Jón H.B. Snorrason, stýrir umræddri rannsókn á ábyrgð Haraldar Johannessen ríkislögrelustjóra.



JÓHANNES JÓNSSON

Í ágústmánuði árið 2002 var ég fyrst yfirheyrður með réttarstöðu sakborninga hjá RLS. Fram til loka júní 2005 var ég yfirheyrður samtals átta sinnum með stöðu sakborninga af starfsmönnum embættisins. Með ákæru ríkislögrelustjóra, sem var gefin út hinn 1. júlí 2005 var ég ákærður fyrir fjárdrátt og hlutdeild í fjárdrætti fyrir ríflega 40 milljónir, umboðssvik og hlutdeild í umboðssvikum að fjárhæð tæpar 1.200 milljónir og loks að hafa komið mér undan að standa skil á ríflega hálfri milljón til ríkissjóðs vegna innflutnings á bifreið frá Bandaríkjunum.

Eins og alkunna er var öllum

Ég mun mæta til yfirheyrslunnar eins og lög bjóða. Þar mun ég tjá mig um sakleysi mitt í málinu. Það breytir því hins vegar ekki, að traust mitt á þeim mönnum, sem stýra rannsókninni er ekkert, enda hefur framferði þeirra sl. rúm fjögur ár verið með þeim hætti.

Ákæruliðum nema þeim sem laut að innflutningi bifreiðarinnar vísað frá héraðsdómi með dómi Hæstaréttar Íslands, sem kveðinn var upp 10. október 2005. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur hinn 15. mars 2006 var ég sýknaður af ákæruliðnum, sem varðaði innflutning á bifreiðinni. Mat sérstaks ríkissaksóknara var að áfrýja ekki þeim þætti málsins til Hæstaréttar.

Með bréfi Sigurðar Tómasar Magnússonar setts ríkissaksóknara til mín, dagsett 29. júní sl., var mér tilkynnt að ekki yrði gefin út ákæra á hendur mér vegna þeirra sakarefna, sem ákæran 1. júlí 2005 laut að.

Nú þarf ég að láta bjóða mér það að verða kallaður fyrir sem sakborningur í rannsókn sem Jón H. B. Snorrason stýrir. Sá hinn sami gaf út ákæru á hendur mér vegna rangra en jafnframt alvarlegra sakargifta hinn 1. júlí 2005. Mat bæði héraðsdóms og Hæstaréttar var að sú ákæra væri ekki tæk til efnismeðferðar, þar sem ekki stóð steinn fyrir steini við gerð hennar.

Í tæp þrjú ár þurfti ég því að sitja undir því að vera sakborningur við rannsókn lögreglunnar og síðar ákærður maður vegna alvarlegra og jafnframt rangra sakargifta. Á því bera ábyrgð Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar RLS, og Haraldur Johannessen ríkislögrelustjóri, sem hafa að mínu mati gert sig seka um alvarleg afglöp í starfi, svo alvarleg að þeim báðum hefði átt að vera vikið úr starfi umsvifalaust þegar Hæstiréttur kvað upp dóm sinn 10. október 2005. Þeir bera ábyrgð á þeim röngu sakargiftum, sem ég mátti þola frá ágúst 2002 til og með 15. mars 2006. Þrátt fyrir það eru þeir enn að, þvert ofan í eigin yfirlýsingar í kjölfar dóms Hæstaréttar 10. október 2005, bæði gagnvart mér, börnum mínum og öðrum og sitja að því er best verður séð í öruggu skjóli Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra, sem öllum er kunnugt um hvaða hug ber til sonar míns og þeirra fyrirtækja, sem við fjölskyldan komum að.

Ég mun mæta til yfirheyrslunnar eins og lög bjóða. Þar mun ég tjá mig um sakleysi mitt í málinu. Það breytir því hins vegar ekki, að traust mitt á þeim mönnum, sem stýra rannsókninni er ekkert, enda hefur framferði þeirra sl. rúm fjögur ár verið með þeim hætti.

Ég fullyrði að engin rannsókn hér á landi hafi tekið annan eins tíma. Það hljóta að vera takmörk fyrir því hversu lengi er hægt að halda fólki í gíslingu rannsóknar og saksóknar.

Reykjavík 13. nóvember 2006  
Jóhannes Jónsson

# Gróska í kvikmyndun

## UMRÆÐAN

Kvikmyndir

Það hefur ekki farið framhjá neinum að í íslenskum kvikmyndaiðnaði er mikil gróska og bera íslensku kvikmyndirnar Mýrin og Börn þess merki en þær hafa báðar verið frumsýndar nú á haustdögum. Íslendingar framleiða þrisvar til fimm sinnum fleiri myndir en hin Norðurlöndin ef við tökum tillit til fólksfjölda. Einhverjum kann að koma þessi staðreynd á óvart en hún er enn eitt vitnið um gróskuna í þessari vaxandi atvinnugrein.



SÆUNN STEFÁNSDÓTTIR

Hin einstæða íslenska náttúra og sú staðreynd að við eigum mikið af velmenntuðum og reyndum kvikmyndagerðarmönnum á öllum sviðum framleiðslu kvikmynda gefur okkur ótal tækifæri. Stjórnvöld, með okkur Framsóknarmenn í broddi fylkingar, beittu sér fyrir löggjöf fyrst 1999 og svo 2001 sem hefur það að markmiði að efla íslenskan kvikmyndaiðnað. Öll kvikmyndaverkefni, framleidd á Íslandi, fá endurgreiðslu sem nemur tólf prósentum af þeim framleiðslukostnaði er fellur til á Íslandi. Þá er undanskilinn launakostnaður sem ekki er skattlagður hérlandis. Áhrif lagasetningarinnar hafa verið mikil eins og sést á íslenskum kvikmyndum haustsins og einnig hafa áhrifin orðið þau að hingað hafa erlendir aðilar leitað og tekið upp í samstarfi við íslenska aðila að fullu eða hluta sínar kvikmyndir. Nægir þar að nefna dæmi eins og Tomb Raider, Batman og nú síðast Flags of our Fathers sem mun vekja enn meiri athygli á Íslandi sem tökustað. Áhrifin hafa líka orðið á íslenska auglýsingaiðnaðinn en hér á landi eru teknar ótal erlendar auglýsingar af íslenskum aðilum eða í samstarfi við þá.

Fyrir þinginu liggur nú frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Höfundur er alþingismaður og ritari Framsóknarflokksins.

sem tryggir áframhald þessara aðgerða stjórnvalda en þær miða að því að styrkja enn frekar þennan mikilvæga iðnað sem kvikmyndaiðnaðurinn er. Ná þá fram að ganga tryggir það að verkefninu verður áframhaldið í fimm ár. Í umræðum má málið á þinginu lýsti ráðherra því yfir að mikilvægt væri að í meðförum þingsins yrði það rátt hvort hækkja ætti endurgreiðslu-

hlutfallið meir enda eru fleiri lönd farin að keppa við okkur. Ég tek undir það og tel að þingið eigi að stíga það skref. Fram hefur komið sú hugmynd að nýta aðstöðu sem finna má á Keflavíkurflugvelli sem alþjóðlegt kvikmyndaver.

Þar eru allir innviðir til staðar, húsnæði fyrir innitökur og íbúðir og þjónustuhúsnæði fyrir leikara og starfsfólk. Mér finnst að hugmyndin sé vel athugandi. Góð aðstaða til viðbótar við okkar stórbrotu náttúru gefur okkur færi á að laða enn fleiri kvikmyndaframleiðendur til landsins en hver ný mynd felur í sér milljarða króna, mörg störf og brýningu fyrir kvikmyndagerð. Það er í anda þeirrar atvinnustefnu sem stjórnvöld hafa lagt upp með á síðustu árum, þ.e. að auka fjölbreytni atvinnulífsins, með nýsköpun, frumkvöðlastarfi og skapandi atvinnugreinum. Mér finnst brýnt að halda til haga þeirri staðreynd að stjórnvöld hafa varið meiru fé til að laða að kvikmyndagerð á Íslandi heldur en framlög hins opinbera nema til stóriðju. Andstæðingar okkar vilja gleyma því. Kvikmyndaiðnaðurinn er skapandi atvinnugrein. Við eigum að efla starfsumhverfi hennar og vaxtar- möguleika enn frekar. Ég trúi því að hún gæti orðið okkar næsta stóriðja.

## VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



30%  
AFSLÁTTUR

**Alvöru amerískir**  
**GE kæliskáparnir eru öflugir,**  
**endingargóðir og glæsilega innréttaðir**



General Electric

ELECTRIC

GCE23YHTFSS með lúgu  
Stærð: h 176x b 90,9 x d 60,7 cm  
Verð áður kr. 313.500 stgr.

Verð nú kr. 219.450 stgr.

GCE21YETFSS  
Stærð: h 176x b 90,9 x d 60,7 cm  
Verð áður kr. 285.100 stgr.

Verð nú kr. 199.570 stgr.

**EIRVÍK** -háæðahæimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

# Konur og stríð

## UMRÆÐA

Þorvaldi svarað

Saga landsins verður að vera Strétt skráð, segir Þorvaldur Gylfason í grein sem birtist í Fréttablaðinu í október um hvalveiðar, hleranir og Falklandseyjastríðið. Það sama hlýtur þá að gilda um sögu heimsins alls. Í sömu grein lýsir Þorvaldur því jafnframt yfir að konur fari sjaldan í stríð.

Það er staðreynd að konur hafa í sögunni sjaldnar setið á valdastólum en karlar, óréttlæti sem því miður enn viðgengst á flestum stöðum. En þegar þær hafa komist til valda eru engar heimildir fyrir því að þær séu nokkuð friðsamari en karlpeningurinn.

Margret Thatcher, sem Þorvaldur minnst á í samnefndri grein, telst seint friðarsinni, hvort sem um er að ræða Falklandseyjastríðið, Kalda stríðið eða þátttöku hennar í árás Bandaríkjanna á Líbíu árið 1985. Ekki er heldur að sjá að Angela Merkel, líklega valdamesta kona heims, sé meiri friðarsinni en Gerhard Schröder. Schröder var á móti innrásinni í Írak en Merkel vinnur ótullega að því að bæta samskiptin við Bandaríkin sem versnuðu vegna afstöðu forvera hennar, og leggur þar með blessun sína yfir stríð þeirra. Og ekki er hægt að segja að Condoleezza Rice sé meiri friðarsinni en forveri hennar í embætti, Colin Powell.

Sömu sögu er að segja, sé farið aftur í tímann. Katrín mikla barði á Tyrkjum og gleypri Pólland,

Voltaire sagði af því tilefni að hún hefði grátið örlög Póllands, en því meira sem hún hefði, því meira hefði hún tekið.

Elisabet I fór í stríð við Frakka, Spánverja, Íra og Skota, og átti upphafið að þeim öllum. Forveri hennar og hálfystir fór í stríð við mótmælendur í eigin landi af svo miklu offorsi að hún hlaut titilinn Blód-María.

Boudica í Bretlandi og Jóhanna af Örku voru hermenn miklir, og allir sem hafa lesið Íslendingasögurnar vita að konur geta verið friðarspillar jafnt sem stillar, jafnvel þó þær beri ekki vopn. Í Fyrri heimsstyrjöld hvöttu konur menn út á vígvöllinn og létu þá fá hvíta rós til merki um heigulshátt ef þeir fóru ekki, og konur kusu Hitler í jafn miklum, ef ekki meiri mæli en karlar. Og þegar konur bera vopn eru þær ekki endilega betri en karlar, eins og mál Lynnðie England, sem tók þátt í

ad pynta menn í Abu Ghraib, er dæmi um.

Hér hefur ekki verið fjallað um ástæður þess að konur fari í stríð, eða hvort þær séu réttar eða rangar. Konur á valdastóli hafa sýnt af sér jafn mikla kænsku og skörungsskap og karlmennt þegar þær hafa fengið tækifæri til, en þær hafa einnig sýnt sig færar um árásgirni og grimmd. Þátttaka kvenna í stjórnmálum til jafns við karlmenn er réttlætismál og sjálf-sögð. En þær þurfa þá einnig að axla ábyrgðina. Að halda að þær muni stöðva öll heimsins stríð er líklega, og því miður, til of mikils mælst. Að minnsta kosti ætti sagan að vera rétt skráð.



VALUR GUNNARSSON



## KÓNGURINN SÓTTUR HEIM

Minjagripir um átrúnaðargoðið Elvis Presley skipa stóran sess í fallegri íbúð Friðriks Ómars.

HÚS 4



# allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

### FASTEIGNASÖLUR

Alhús	13
Ás	10-12
Árborgir	7
Atlas	23
Draumahús	14-15
Fasteignamarkaðurinn	17
FMG	26
Gimli	6
Húseign	18
Lundur	8 - 9
Lyngvík	19
Lögmenn Suðurlandi	20
Neteign	25
Spenska	28
Smárinn	6
Valhöll	27
Viðskiptahúsið	7

### GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn  
13. nóvember, 317. dagur  
ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegis	Sólarlag
Reykjavík	9.49	13.12
Akureyri	9.48	12.57

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími  
550 5000

Auglýsingasími Allt  
550 5880

Þú getur pantað  
smáauglýsingar á [visir.is](http://visir.is)



Kitty Johansen leið vel í Bryggjuhverfinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## Sjávarþorp í borg

Við Grafarvoginn fyrirfinnst hverfi sem er eins og lítið þorp í miðri borg. Þetta er Bryggjuhverfið.

Bryggjuhverfið er einstakt hverfi þar sem fá má smjörþefinn af stemningu sjávarþorpa. Húsin er einnig máluð í ýmsum litum sem eykur á smábæjarbrag hverfisins. Kitty Johansen er ein þeirra sem búið hefur í hverfinu en flytur sig nú um set.

Íbúð Kittyjar við Bäsbyggju 13 er til sölu en þetta er þriggja herbergja íbúð með sérinngangi og sérafnotafleti. „Það er ofsalega gott að búa í Bryggjuhverfinu,“ segir Kitty. „Hér er vedursælt, mjög rólegt og barnvænt því beint fyrir framan húsið er rólúvöllur og fótboltavöllur þannig að auðvelt er að fylgjast með börnunum.“

Íbúðin er í fjölbýlishúsi en Kitty segir að þetta fjölbýli sé sérstakt fyrir ýmsar sakir. „Það má segja að það sé pínulítið eins og

maður búi í einbýli. Það er sérinngangur og gengið beint inn af götu og bílastæðin eru beint fyrir utan. Svo er engin sameign að þrifa sem mér finnst rosalega mikill kostur.“

Þegar gengið er inn í íbúðina er komið inn í flísalagða forstofu með skáp. Þar inn af er rúmgóð og stór stofa og er útgengt í garðinn. Í eldhúsinu er mahóni-innrétting með uppþvottavél og mósaikflísar milli efri og neðri skápa. Á eldhúsgólfinu eru flísar. Badherbergið er flísalagt í hólf og gólf og er innréttingin úr mahóní. Í badherberginu er bæði sturtuklefi og baðkar.

Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi og á gólfum beggja er dökkt parket, það sama og í stofunni. Bæði svefnherbergin eru með mahónískápum. Innan íbúðarinnar er einnig geymsla og þvottahús. Íbúðinni fylgir garður. „Svo er líka sameiginlegur skrudgarður sem borgin heldur við og er hann í miklu uppáhaldi hjá mér,“ bætir Kitty við. -tg

## Debet með kredit

DMK ER NÝ ÞJÓNUSTA SEM SPRON HEFUR SETT Á LAGGIRNAR OG STENDUR FYRIR DEBET MEÐ KREDIT. MEÐ ÞESSARI NÝJU ÞJÓNUSTU ERU FJÁRMÁLAPARFIR UNGS FÓLKS SÉRSTAKLEGA HAFÐAR Í HUGA.

Debetkort þjónustunnar hefur tvöfalda eiginleika, bæði debet- og kredit. DMK debetkortið er með sérstakri kreditheimild sem er bæði vaxtalaus og án nokkurs kostnaðar.



SPRON býður uppá 90 prósent íbúðarlán.

Auk debetkortsins er fjöldi annarra þjónustubátta í DMK. Má þar sérstaklega nefna 90 prósent íbúðalán sem standa þeim til boða sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð og uppfylla útlánsskilyrði. Auk þess fylgja þessum lánum sérkjör á brunatryggingu húseignar en slík trygging er skylda samkvæmt lögum. -tg

Myntlán



## Gæti lán í erlendri mynt verið lausnin?

SPRON Myntlán eru veitt til kaupa, framkvæmda eða endurfjármögnunar á íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði. Unnt er að taka fullt SPRON Myntlán eða blandað lán þar sem helmingur lánsins er myntlán og hinn helmingurinn í íslenskum krónum.

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200, í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á [spron.is](http://spron.is)



**Myndir** eru veggprýði. Þó er ráð að hafa ávallt einhvern með sér þegar bísað er við að hengja upp mynd. Því betur sjá augu en auga hvort myndin sómir sér þar eður ei.




**GLÓFAXI HF.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

**4th floor hotel**  
Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is

**Vetrartilboð 1. nóvember - 1. maí**

1 manns herbergi	kr. 5.900
2ja manna herbergi	kr. 7.900
Hópar 10+	kr. 5.000 á mann
Helgarferð	kr. 14.000, 2 nætur í hjónaherbergi

Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð

Gæða hús handa þér

**Bjálkahús ehf**

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar  
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

**MABEF** Listalagerinn

Mikið úrval af listmálaravörum

**MAIMERI**  
dal 1923  
Made in Italy

**JARN&GLER**  
Járn og Gler ehf - Skútuvogur 1H  
Barkarvogsmegin - S: 5858900  
www.jarngler.is

**Handrið og stigasmíði**

Mikið úrval af handriðum inni sem úti. Stigar fáanlegir á lager - Gerum tilboð í sérsmiði.

Nýtt - glerpunkta-festingar 50mm

Q-Railing - Engin rafsuða - einfalt og snyrtilegt!  
Inni og úti handriða- og stigasmíði, 304 og 316 ryðfrítt stál

**ATLANTSKAUP**

Upplýsingar á www.atlantskaup.is  
Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,  
112 Reykjavík S:533-3700.

1 Bronslitað leður, 8.900 krónur í Habitat. 2 Bleikur með upphleyptri áferð, 4.500 krónur í Habitat. 3 Grátt brókaði með glitsteinum, 5.300 krónur í Lene Bjerre. 4 Flöskugrænt flauel, 3.900 krónur í Habitat. 5 Grábröndóttur loðpúði, 2.699 krónur í Eggi. 6 Svartur og silfurflitaður með fjöður, 2.199 krónur í Eggi. 7 Svart flauel með blágrænum yrmum, 5.300 krónur í Lene Bjerre. 8 Grár og ílangur, 1.950 krónur í Lene Bjerre.

**Púðar í stuði**

PEGAR KEMUR AÐ ÞVÍ AÐ SETJA SVIP Á STOFUNA ÞÁ GETUR FALLEGUR PÚÐI GERT GÆFUMUNINN.

Hvaða sófi sem er getur tekið algerum stakkaskiptum þegar í hann er laumað fallegum púða. Púðar eru til af öllum stærðum og gerðum og réttur púði á réttum stað getur fyllt stofuna lífi eða gert hana að rólegri vin í amstri dagsins. Allt eftir gerð og eðli púðans. Svo er ekkert mál að gerbreyta um stíl og stemningu með því að skipta um ver og þá er kominn glænýr blær á stofuna, svefnherbergið, barnaherbergið, sólskálann ... Púði eftir þínu höfði verður sannkallaður stuðpúði.

**Guðmundur Óli Scheving**  
SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

**Kanínur**  
(*Orgotolatus Sylvestris*) (*Leporidae*)

Kanínur eru af ættinni Leporidae. Kanínuna má flokka sem húsdýr, villt dýr og nýttadýr. Kanínur eru flestar taldar komnar af villtum kaninum á Spáni og í Frakklandi fyrir öldum. Allar ræktaðar kanínur eru afkomendur evrópsku kaninnunnar og teljast til því til sömu tegundar (*Orgotolatus sylvestris*).

Hér á landi lifa nokkrar tegundir og eru helstar feldkanínur (*Castor rex*) og loðkanínur (*Angora*) sem eru hreinræktaðar og nokkuð stórar eða um 4-5 kg. Villikanínan (*Oryctolagus cuniculus*) er talin hafi lifað í Evrópu og Norður-Afríku í byrjun jökulskeiðs og að lokum einangrast á ísaldartímabilunum á takmörkuðum svæðum í Evrópu eftir að eyðimörkin Sahara þornaði.

Kanínan er til villt um allan heim og hefur maðurinn séð til þess að flytja hana milli heimsálfa. Hún hefur geysilega aðlögunarhæfni og finnst jafnt á láglendi sem hálandi og allt upp í 1200 m hæð, í mýrlendi, við sjávarströndina svo fátt eitt sé nefnt. Hún hefur orðið að plágu sums staðar þar sem ekki hafa verið rándýr til að halda í við stofninn.

Kanínur sem lifa villtar hér á landi eins og í Öskjuhlíð í Reykjavík og í Heiðmörk í nágrenni Reykjavíkur virðast hafa fjölgað sér og var talin ástæða til að fá meindýraeyði til að fækka þeim í Öskjuhlíð. Í Vestmannaeyjum er veiðiáttak og voru 455 kanínur dreppnar þar á árinu 2003 og enn fleiri 2005 eða 744. Ekki liggja fyrir tölur um hvað margar kanínur hafa veiðst í ár en flestar hafa veiðst í Sæfelli í Vestmannaeyjum. Kanínur eru farnar að ógna lundabyggð sums staðar á eyjunum. Kanínur eru jurtaætur og á sumrin lifa þær nær eingöngu á grasi, blómum og nýlega gróðursettum gróðri. Á vetrum éta þær ber, rætur, trjágreinar og annað sem í boði er. Engar tölur eru til hjá veiðstjórnunarsviði Umhverfisstofnunar um stofnstærð kaninnunnar eða dreifingu hennar.

Sökum aðlögunarhæfni sinnar hafa kuldavetur engin áhrif á kanínuna. Það eina sem gæti haft áhrif á hana er skortur á fæðu. Þær tímgastratt og fljótt, eru orðnar kynþroska 2-4 mánaða og meðganga hjá þeim tekur 30 daga. Þær geta æxlast strax eftir got þannig að við bestu aðstæður gæti kanínukvendýr komið sér upp mjög mörgum afkvæmum á einu ári því þær eiga 2-12 afkvæmi í goti. Þau eru hárlaus, blind og heyrnalaus við fæðingu og opna augun eftir 8-10 daga.

Ekki má taka ungang frá móður fyrr en hann er orðinn 4 vikna gamall.

Karlarnir eru oft nefndir kanar og kerlingarnar kænur og eru ekki allir sáttir við þessi nöfn. Eg kalla karldýrið yli og kvendýrið böru. Sumir kalla kanínuunga kjána. Eg kalla ungang Búra.

Eins og málum er háttað í dag er kanínan aðskotadýr í íslensku vistkerfi og sama þróun virðist vera hér og annars staðar þar sem nýjar tegundir koma inn í vistkerfið. Þekktustu dæmin eru frá Nýja-Sjálandi og Hawaii-eyjum þar sem náttúruleg dýrafána hefur gjörbreyst.

Þetta er þegar farið að gerast í Vestmannaeyjum þar sem kanínan hrekr lundann úr holum sínum. En vistkerfið breytist ekki bara vegna þess að ný dýrategund nær yfirráðum yfir svæðum annarra heldur vegna sjúkdóma sem alltaf hafa fylgt í kjölfarið.

Við höfum dæmi um annað dýr sem hleypt var út í náttúruna fyrir áratugum, minkinn, og nú er svo komið að gera þarf áttak á næstu árum til að útrýma honum. Meindýraeyðar telja að villta kanínan sé nýtt meindýr í náttúrunni og í borg

og bæ og að það beri að meðhöndla hana samkvæmt því. Villta kanínan getur bitið og klórað og því skal hafa aðgát við meðhöndlun hennar, fóngun og förgun.

Foeldrar ættu að vara börn sín við því að reyna að handsama eða klappa villtum dýrum, menn reyna t.d. ekki að klappa geitungum.

Það eiga allir sem þurfa að meðhöndla villtar kanínur að vera með hanska og hafa grímur fyrir vitum, þú veist ekki hvaða óværu kanínan gæti verið með. Kanínur sem gæludýr geta orðið 8-10 ára og allt að 13 ára gamlar. Villtar kanínur lifa sjaldnast lengur en 3-5 ár.

Fleiri afbrigði eru af ræktaðum kaninum en villtum. Kanínufeldur er notaður sem ódýrari kostur í pelsa og í eftirlíkingar á dýrari pelsum. Árið 1981 hófst innflutningur á angórkaninum frá Vestur-Þýskalandi. Hugtakið villtar kanínur er notað þegar húsdýr/gæludýr tímgastr við kanínur sem þegar eru orðnar villtar. Villtar kanínur á Íslandi eru taldar vera af evrópsku kyni og af stofni gæludýra.

Útbreiðsla og stofnstærð kanína hefur ekki verið skráð en útbreiðsla hennar er allmikil þó ekki sé mikill fjöldi dýra á sama stað nema í Vestmannaeyjum. Kanínur lifa villtar í Borgarfirði, Reykjavík, Heiðmörk, Þrastarskógi, Kjarnaskógi við Akureyri, hún hefur sést við Laugarvatn og í Þjóðgarðinum á Þingvöllum, í Gilsfirði, á Héraði, í Vestmannaeyjum og kannski víðar. Kanínan er mjög félagslynd og lifir í fjölskylduhópi sem oftast samanstendur af einu karldýri, tveimur til þremur kvendýrum og afkvæmum þeirra.

Heimildir: Upplýsingar og fróðleikur um meindýr og varnir 2004.



## Fúkkalyktin leynist ekki

Að ýmsu þarf huga þegar gert er við rakaskemmdir.

Horn í blautrými verða ósjaldan fyrir rakaskemmdum, en allra verst úti verða þó samskeyti gólfs og veggjar. Það er vegna hreyfingar í efninu og það eina sem dugar er að nota fúgukítta sem þolir hreyfingarnar. Mikilvægt er að nota þaðherbergisslíkon og ekkert annað. Í því er sveppaeyðandi efni.

Rakaskemmdir er best að finna með því að nota nefið, fúkkalyktin leynir ekki á sér. Gúlpandi plötur eru vísbending um rakaskemmd en með því að stinga hnífsoddi í við er hægt að kanna hvort um fúa sé að ræða. Gæta skal að því að stinga ekki alla leið inn í gegnum rakavörn eða gúmmíhimnu. Best er að ráðgast við fagmann áður en ráðist er í að



Rakaskemmdir leyna sér ekki og frá þeim leggur óþef.

rífa skemmdirnar upp. Það er hreint ekki á allra færi að gera við rakaskemmdir. Örugast er að eftirláta fagmanni verkið.

(Heimild: Verk að vinna: Handbók um viðgerðir, viðhald og smíðar)



Hér sést verslunarstjóri MAX, Einar Ólafur Speight.

### Glæsilegt vöruúrval

RAFTÆKJAVERSLUNIN MAX VAR OPNUÐ NÝLEGA VIÐ KAUPTÚN 1 Í GARÐABÆ.

Í MAX er hægt að fá allt frá bandarískum ísskápum til flat-skjáa. Þá er vöruverð lægra en almennt tíðkast hérlendis og því viðbúið að samkeppni á íslenskum raftækjemarkaði aukist.

Ítalskir hönnuðir voru fengnir til að skapa MAX flotta umgjörð.

Í tilefni af opnun MAX verða tilboð í versluninni sem tilvalið er að kynna sér.

### Pantaðu jólamyndatökuna tímanlega.



### MYND

Hafnarfirði S: 565 4207

[www.ljosmynd.is](http://www.ljosmynd.is)

**ALNO®**



**ALNO®**



**KAUPAUKI**



32" DiBOSS LCD sjónvarp fylgir öllum ALNO eldhúsinnréttingum sem staðfestar eru í nóvember 2006

## PANORAMA

ELDHÚS • TÆKI • BAD • FATASKÁPAR

... miðstöð innréttinga

Síðumúla 30 • 108 Reykjavík

s. 553 6400 • f. 553 6403 • [panorama@panorama.is](mailto:panorama@panorama.is) • [www.panorama.is](http://www.panorama.is)

# Jólagjafir sem láta þér og þínum líða betur



Tempur inniskór



Tempurakon hitajöfnunarsængin



Tempur heilsukoddar

**Betra  
BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



**Vantar stiga eða handrið?**  
 Við höfum lausn fyrir þig, mælum, teiknum, smíðum og setjum upp  
 Enn betra verð, sömu gæði  
**Stigar á lager**  
**Beinir stigar**  
**Loftastigar**

Mex - byggingavörur  
 Sími 567 1300 og 848 3215  
 www.byggingavorur.com

**Handklæðaofnar**  
**BESTA VERÐIÐ?**

- Úrval
- Gæði
- Útlit
- Frábær verð

**OFNASMIÐJA REYKJAVÍKUR** Vagnhöfða 11 110 Reykjavík  
 Sími 577 5177 fax. 577 5178

**pgv**

**GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...**

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTING

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is



Fríðrik gaf nýverið út sína fyrstu sólóplötu, Annan dag, og heldur útgáfutónleika á Nasa þann 22. nóvember ásamt stórhljómsveit og einvalaliði söngvara, Reginu Ósk, Páli Óskari og Heiðu Ólafsdóttur.

# Kóngurinn sóttur heim

**Fríðrik Ómar Hjörleifsson** söngvari býr í fallega innréttaðri íbúð í Kópavogi, þar sem minjagripir um átrúnaðargoðið **Elvis Presley skipa stóran sess.**

„Guðrún Gunnarsdóttir söngkona lokkaði mig eiginlega hingað,“ segir Fríðrik, sem flutti á efri hæð hússins hennar fyrir ári og bætir við að hann sjái ekki eftir ákvörðuninni því í Kópavoginum sé einkar fríðsælt og notalegt að búa. Auk þess sé stutt í allt.

Fríðrik hefur orð á því að búskapurinn sé í raun eðlilegt framhald þeirra sterku vinatengsla sem þau Guðrún hafi náð að mynda eftir að þau kynntust í skemmtana-



Fríðrik er mikill Elvis-áddáandi og hefur heimsótt Graceland. Hann tók einnig þátt í Elvis-sýningu sem vakti mikla lukku.

bransanum fyrir nokkrum árum síðan. En eins og kunnugt er hefur samstarf þeirra verið einstaklega farsælt og hefur skilað sér meðal annars í útgáfu tveggja vinsælla geisladiska á síðastliðnu ári.

Tónlistin skipar stóran sess í lífi Fríðriks og ber heimili hans þess greinileg merki. Í einu herbergjanna hefur hann komið sér upp litlu hljóðveri þar sem hann fær

útrás fyrir sköpunarþörfina og víða eru minjagripir um söngvarann Elvis Presley, sem hefur verið í sérstöku uppáhaldi hjá húsráðanda síðan á unglingsárunum, meðal annars vegna flotrtrar og öruggar sviðsframkomu.

„Svo mikill Elvis-áddáandi er ég að ég heimsótti Graceland, þar sem ég festi kaup á sumum hlutumum hérna, til að mynda eftirlíkingu af bílnúmeraplötu Elvis, boli og slatta af myndefni,“ segir Fríðrik léttur í lung og bætir við að það hafi verið einstök lífsreynsla fyrir áddáanda eins og sig að koma á búgarð kóngsins.

Elvis Presley-hlutirnir eiga svo sinn þátt í að ljá íbúð Fríðriks skemmtilega persónulegan blæ. Sjálfur segist hann þó enn vera að koma sér fyrir. Aðeins vanti upp á svo allt sé eins og best verði á kosið. „Það má þó ekki skiljast sem svo að það trufli mig, þar sem mér líður afskaplega vel hérna,“ segir hann. „Enda fylgir húsnæðinu góður andi.“

roald@rettabladid.is

Largmesta úrval landsins í f. veggfóð

**TEPPABÚÐIN LITAVEÐ**  
 Grensásvegi 18 s. 581 2444



Fríðrik er búinn að koma upp litlu hljóðveri heima hjá sér.





leðursófar

DeCoro

leðurstólar



LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is



Utan vinnutíma finnst Friðrik gott að slappa af við lestur.



Eldhúsið er lítið og hlýlegt.



Svefnherbergið er, eins og íbúðin öll, undir súð.



# Heimsfrumsýning!

Þú sefur betur en nokkru sinni fyrr með nýjum og einstökum fjaðurbúnaði frá Hästens.

Reyndu að halda þér vakandi í Hästens rúmi.



Superia

180x200 með BJ yfirdýnu

Hafðu sambandi við næsta söluaðila

Hästens til að fá nánari upplýsingar.

## Hästens verslunin í Reykjavík

108 Reykjavík  
sími 581 1006

## Grensásvegi 3

www.hastens.is



GRENSÁSVEGI 13, 2. HÆÐ - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 570 4800  
KIRKJUBRAUT 5 - AKRANESI - SÍMI 570 4824

FASTEIGNASALAN  
**GIMLI GIMLI**  
Akranesi - 570 4824

Hákon Svavarsson löggiltur fasteignasali, Sveinbjörn Halldórsson sölustjóri, Grétar Kjartansson, Ellert Bragi Sigbósson, Kristinn G. Kristjánsson löggiltur fasteignasali, Katrín Gísladóttir, og Árni Stefánsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali.

## TVÍBURATURNARNIR VIÐ HAGAFLOT 9 OG 11 AKRANESI

Hagaflöt 9 og 11 eru falleg 5 hæða lyftuhúsnæði, 20 íbúðir í hvoru húsi. Sérinnangangur og sérþvottahús innan íbúða. Fallegar innréttingar og tæki frá bræðrunum Ormsson, hurðir flisar og hreinlætistöki frá Harðviðarvali. Afhending 15. apríl og 1. ágúst 2007. Öllum íbúðum fylgir inneignarbréf frá Harðviðarvali frá kr. 550.000 - kr. 750.000



Greiðslufyrirkomulag sem er nýtt á íslenskum húsnæðismarkaði:

- 5% staðfestingargjald við undirritun kaupsamnings.
- 90% við afhendingu íbúðar
- 5% við fullnaðarfágang samkvæmt skilalýsingu

Nánari upplýsingar á [hagaflot.is](http://hagaflot.is) og [Gimli.is](http://Gimli.is) eða Hákon í sínum 570 4824 eða 898 9396



**VALLARBRAUT - LAUS STRAX** Nýtt á skrá falleg og rúmgóð 2ja herb. 72 fm íbúð á 2. hæð. Rúmgott svefnh. og stór stofa sem nýttist einnig sem borðstofa. Suðursvalir og sérþvottahús innan íbúðar. Parket á öllum gólfum nema baði og þvottahúsi. Verð 11,9 millj.



**VESTURGATA - EINBÝLI** Nýtt á skrá vel viðhaldið 253 fm einbýli á 2 hæðum með innb. 22 fm bílskúr. 5 svefnh., stór stofa og sólstofa. Endurnýjað baðh. Falleg innrétting í eldhúsi. Parket á gólfum. Verð 30,8 millj. áhv. 10,8 millj. Húsi getur verið laust fjótlega.



**AKURGERÐI - SÉRINNGANGUR** Nýtt á skrá 94 fm 3-4ra herb. íbúð á 1. hæð (beint inn). Þrjú svefnh. Baðherbergi endurnýjað. Sérþvottahús. Verð 13,4 millj. áhv. 10,3 millj.



**BJARKARGRUNÐ - EINBÝLI Á EINNI HÆÐ.** Nýtt á skrá 178 fm einbýli, þ.a. er bílskúr 22,8 fm. 4 svefnh., samliggjandi stofur. Endurnýjað baðh. og eldhús. Parket og flisar á gólfum. Verð 33,4 millj.



**JÖRÐ Í MELASVEIT** Jörðin Ás er í Leirár og Melahreppi. Jörðin er staðsett mitt á milli Akranesi og Borgarness í um 22 km frá Akranesi, jörðin er 110 hk. Á jörðinni er 139,6 fm einbýli sem er hæð og ris. Hlaða, fjár- og hesthús. Jörðin liggur niður að sjó, glæsilegt útsýni yfir Flóann og fjallahringinn. Jörðin liggur frá austri í vestur niður að sjó. Tilvalið tækifæri fyrir fjárfesta eða þá sem vilja búa í aðeins 50 mín. fjarlægð frá Reykjavík. Verð 150 millj.



**ÁSABRAUT - GLÆSIEIGN** Stórglæsilegt og vel staðsett 200 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 34 fm bílskúr. Fjögur rúmgóð svefnherbergi, öll með fataskápum. Glæsilegt baðherbergi með innréttingu, baðkari og sturtuklefa. Upptekin loft í eldhúsi, stofu, borðstofu og sjónvarpshöli. Fallegt gegnheilt eikarparket á öllum gólfum nema baði, forstofu og eldhúsi, þar eru flisar og hiti á gólfum. Fjölskyldu og barnvænt umhverfi í næsta nágrenni við golfvöllinn. Verð 42,9 millj.



**JÖRUNDARHOLT** Sérlega vel staðsett 170,2 fm einbýli ásamt tvöf. 52,2 fm bílsk. með gryfju alls 222,4 fm. Húsið er hæð og ris, staðsett í efsta botnlanga með fallegu útsýni. Allar notaðingar í húsinu eru sérlega rúmgóðar. 4 svefnh., stofa og borðstofa. Suðursólpallur m. heitum potti. Verð 34,9 millj.



**JÖRUNDARHOLT - EINBÝLISHÚS** Nýtt á skrá sérlega fallegt 141 fm einbýlishús á einni hæð auk 38 fm bílskúr eða alls um 179 fm. Innan hússins eru þrjú svefnherbergi, hjónaherbergi með sérbaðherbergi, flisalagt í hölf og gólf, innrétting og sturtuklefi. Stofa, eldhús og borðstofa í einu alrými með fallegum arni í miðju rými. Sólstofa inn af borðstofu. Aðalbaðherbergið flisalagt, hornbaðkar og innrétting. Fallegt hús á eftirsóttum stað í næsta nágrenni við golfvöllinn. Verð 32,9 millj.



**SKARÐSBRAUT** Nýtt á skrá falleg og rúmgóð 113,4 fm íbúð á 2. hæð með stórum suðursvölum. Þrjú svefnherbergi, stofa og borðstofa. Endurnýjað eldhús. Mikið skápláss parket og flisar á gólfum. Járn á þaki endurn. ásamt anddyri. Verð 17,9 millj.



**SKÓLABRAUT** Nýtt á skrá 280,2 fm. húsnæði sem er í dag nýtt undir veitingahús (Cafe Mörk). Húsið skiptist í stóran sal með bar, snyrtingar, eldhús og stóra geymslu með kælum. Húsnæðið er innréttað fyrir kráar/veitingahúsarekstur. Húsaleigusamningur við rekstaraðila til 10 ára (7,5 ár eftir af samningi) Verð 36,5 millj. áhv. 25 millj.



**STILLHOLT - NÝJI MIÐBÆRINN-SÉRINNGANGUR OG BÍLSKÚR** Nýtt á skrá 161 fm sérhæð auk 24,2 fm bílskúr. Íbúðin er með stórum flisalögðum suðursvölum. Þrjú stór svefnherbergi. Stór og rúmgóð stofa. Endurnýjað eldhús. Parket á gólfum. Sérþvottahús. Hús klætt að utan, gluggar og gler endurn. Frábær staðsetning við nýja miðbæinn. Verð 28,9 millj.

Traust

þjónusta

í 20 ár -

Sími 570 4824

AKRANESI



Heilshugar um þinn hag

Vilhjálmur Bjarnason - lögg. fast.sali  
Helgi H. Jónsson - lögg. fast.sali

Suðurlandsbraut 50

Bláu húsin v/Faxafen

husid@husid.is

Sími 513 4300

[www.husid.is](http://www.husid.is)

## Þórðarsveigur 17 - 21



- Nýtt hús í grónu hverfi
- Glæsilegar 2ja, 3ja, 4ra og 5 herb íbúðir
- Stæði í bílageymslu
- Til afhendingar strax
- Þvottahús og geymslur innan flestra íbúða
- Mynddýrasími í öllum íbúðum
- Fullbúnað án gólfefna

## 3ja herbergja

## Lækjasmári - Kóp.



Góð 3ja herbergja 95,1 fm íbúð á 7. hæð í viðhaldslitlu lyftuhúsi, ásamt 11,5 fm stæði í lokuðu bílskylki.

Séð er um þrif í sameign hússins. Stutt í alla þjónustu í Smáranum.

Verð 27,9 m

Höfum ávallt mikið  
úrval eigna á skrá

[www.husid.is](http://www.husid.is)

## JS Fasteignir ehf. auglýsir:

Til sölu eða leigu:

180 m2. Húsnæði, þ.a. 60 m2 milliloft. Mjög góð staðsetning við höfnina í Hafnarfirði. Stórar innkeyrsludyr. Gott vinnupláss framan við hús.



Upplýsingar í síma 898-2069 eða 897-4707

## Borgar sig að nota löggiltan fasteignasala

FÉLAG FASTEIGNASALA ER FÉLAGSSKAPUR ALLRA LÖGGILTNA FASTEIGNASALA Á ÍSLANDI EN ENGUM ER HEIMILT AÐ KALLA SIG FASTEIGNASALA EÐA LÖGGILTAN FASTEIGNASALA NEMA HANN HAFI LOKIÐ NÁMI SEM FASTEIGNASALI OG HAFI NÆGILEGA REYNSLU.

Það hefur margsynt sig að það borgar sig að nota löggiltan fasteignasala þegar kaupa eða selja á húseign og/eða lóðir. Einnig getur í sumum tilfellum verið nauðsynlegt að leita ráða hjá lögfræðingum með sérþekkingu á fasteignasölu. Á heimasíðu félagsins eru greinagóðar upplýsingar um störf fasteignasala en líka um siðareglur, lánamál og upplýsingaskýldu seljenda svo einhver dæmi séu nefnd. Sjá nánari upplýsingar á: [www.ff.is](http://www.ff.is).



Góðar upplýsingar eru á [www.ff.is](http://www.ff.is)



# Viðskiptahúsið

FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÚTVEGUR



Félög fasteignasala

## TIL LEIGU

### Stórhöfði – 112 Reykjavík



Til leigu við Stórhöfða, 112 Reykjavík, á þriðju hæð um 430 fm skrifstofuhæð. Glæsilegt útsýni yfir Grafarvoginn. Rým-  
ið er dúklegt, snyrtilegt og lyfta í húsinu.

### Bæjarlind – 201 Kópavogi



Til leigu 600 fm skrifstofuhæð í nýlegu lyftuhúsi á góðum stað í Kópavogi. Um er að ræða alla efstu hæðina í þessu skemmtilega húsi. Möguleiki að aðlaga húsnæðið fyrir góðan leigutaka.

### Fiskislóð 14 - 101 Reykjavík



Til leigu er mjög vönduð og góð skrifstofuhæð, hæðinni fylgir lagerrými. Stærð allt að 600 fm. Hugsanlega má skipta hæðinni í tvennt.

### Fjarðargata – 220 Hafnarfirði



Á besta stað með frábæru útsýni, mjög gott skrifstofuhúsnæði á 5 hæð í lyftuhúsi í Miðbæ Hafnarfjarðar. Um er að ræða 6 góð skrifstofuherbergi og tvö góð opin vinnurými. Bilageymsla í kjallara. Einstaklega gott. Laust nú þegar. Stærð: 320,5 fm.

## TIL SÖLU EDA LEIGU

**Verslunar- og skrifstofuhúsnæði, um 3000 fm  
Á besta stað í Reykjavík.**

Frekari upplýsingar veittar hjá sölumönnum Viðskiptahússins

Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími: 566 8800 • E-mail: vidskiptahusid@vidskiptahusid.is • www.vidskiptahusid.is

## TIL SÖLU

### Víkurhvarf - Glæsileg nýbygging



Glæsilegt skrifstofu- og verslunarhúsnæði á 3 hæðum. Byggingin er samt. 7.273.7 fm og er fyrsta hæðin um 4.822 fm, þar af 3.600 fm rými sem t.d. er hægt að nota undir verslun eða sem sýningarsal. Önnur hæðin er 1.442 fm og 3ja hæðin er 1.010 fm. Um 230 bílastæði **Til afhendingar 1. feb. 2007.**

### Faxabraut - Akranesi



Húsnæði á besta útsýnistað við höfnina og í næsta nágrenni við miðbæ Akraness. Húsnæði sem býður uppá marga möguleika m.a. eru fyrirbyggjandi hugmyndir að hótélbyggingu. Húsið er 1555 fm að flatarmáli.

### Skipholt - Reykjavík



Gott skrifstofu- og verslunarhúsnæði, alls 323 fm á þremur hæðum. Stækkunar möguleikar. Húsið að hluta til í útleigu.

### Melabraut - Hafnarfirði



Gott lagerhúsnæði, 360 fm vel staðsett með góðri aðkomu.

### Félagasamtök - áttahagafélög- leikfélög



Höfum í einkasölu vel staðsett húsnæði í Firðinum. Húsnæðið er á annarri hæð. Bjartur salur, eldhús, geymslur ofl. Næg bílastæði. Stærð: 411 fm.



Jóhann Ólafsson  
Löggiltur FSS  
Gsm: 863 6323  
johann@vidskiptahusid.is



Jón S. Sigurjónsson  
Hdl. & Löggiltur FSS  
Gsm: 893 3003  
jon@vidskiptahusid.is



Þórhallur Björnsson  
Löggiltur leigumíðlari  
Gsm: 899 6520  
thorhallur@vidskiptahusid.is



Atli Viðar Jónsson  
Sölumaður  
Gsm: 898 2533  
atli@vidskiptahusid.is



Haraldur A. Haraldsson  
Viðskiptafræðingur  
Gsm: 690 3655  
haraldur@vidskiptahusid.is



www.arborgir.is



Birgir Ásgeir  
Kristjánsson  
sölumaður



Anna Dóra  
Jónsdóttir  
ritari/sölumaður



Þorsteinn  
Magnússon  
sölumaður




Guðjón Ægir  
Sigurjónsson hdl.



Óskar  
Sigurðsson hrl.

Austurvegi 38 – Sími 482 4800 – www.arborgir.is

## Selás - Lóð fyrir búgarð



Af sérstökum ástæðum er lóðin Selás 6 í Rangárfingi ytra til sölu. Lóðin er eignarlóð, 3 ha að stærð. Á svæðinu er aðgangur að köldu vatni og rafmagni. Á lóðinni má reisa stórt einbýlishús auk allt að 300 m<sup>2</sup> hesthúss. Vegur liggur að lóðarmörkum. Lóðin er vel staðsett með góðu útsýni til allra átta. Lóð sem vert er að skoða. **Verð 3.600.000**

## Lóurimi



Vandað einbýlishús á góðum stað á Selfossi. Húsið er 181,6m<sup>2</sup> og þar af er bílskúr 38,2m<sup>2</sup>. Eignin telur forstofu, rúmgott hol, stofu, sjónvarpshol, eldhús, 4 svefnherb., baðherb. og þvottahús. Gólfefni eru flísar og parket. Baðherb. er ný endurnýjað. Í eldhúsi er góð hvít/beiki innrétting með nýlegri eldavél og innbyggðum ísskáp. Inn af eldhúsi er búrgeymsla með góðum hillum. Bílskúrinn er fullbúinn með vatni og rafmagni. Garðurinn við húsið er gróinn og njög falllegur. Við húsið er ný, ca 40m<sup>2</sup>, skjólgóð timburverönd með heitum potti og lýsingu. **Verð 30.500.000**

## Hrafnhólar



Laus störf í sal og á grilli á American Style á Bíldshöfða. Frábært líð að vinna. Hæfniskröfur: 18 ára eða eldri, félagslyndi, dugnaður, snyrtimennska og að geta mætt á réttum tíma. Viltu vinna nokkrar kvöld- og helgarvaktir á mánuði? Þá er þetta rétta starfið fyrir þig. Umsóknir á [www.americanstyle.is](http://www.americanstyle.is) Umsóknir á [www.americanstyle.is](http://www.americanstyle.is)

### ÖRLAGALÍNAN

Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línunna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni. Vinsamlega sendið umsókn á [bjork@nt.is](mailto:bjork@nt.is) eða hringið í síma 863 8055.

**ITR**

**Frístundaheimili**  
Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á [www.itr.is](http://www.itr.is) og í síma 411 5000.

**Kökuhornið í Bæjarlind.**  
Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Uppl. í síma 897 0702, Sírrý & 861 4545 Guðni.

**Kaffihús, Bakarí**  
Bakarameistarinn, Smáratorgi, Austurvei, Suðurvei, Glæsibæ og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19 og 07-13 og 08.00 - 16.00. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði. Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsóknareyðublöð <http://www.bakarameistarinn.is>

**aktu taktu**

**Kvöld & helgar**  
Aktu Taktu leitast eftir fjöruðu og hressu fólki í kvöld og helgarvinnu. Tilvalið fyrir skólafólk sem og aðra sem vilja vinna á skemmtilegum vinnustað. Góð laun í boði. Ef þú hefur áhuga hikaðu þá ekki við að senda inn umsókn á [www.aktutaktu.is](http://www.aktutaktu.is)

**Jolli Hafnarfirði**  
Jolli óskar eftir fólki í fullt starf. Góð laun í boði. Upplýsingar gefur Líney í síma 565 4990 frá 8-16. Umsóknareyðublöð fast á staðnum.

**Hreingerningur/bónun**  
Ræstingabjónustan sý óskar eftir að ráða hrausta starfsmenn í framtíðarstörf við aðalhreingerningur og bóvvinnu. Mikil vinna framundan. Nánari upplýsingar gefur Jón í síma 821 5056, á skrifstofutíma.

**Veitingahúsið Lækjarbrekka**  
Lækjarbrekka veitingahús óskar eftir þjóni til starfa í fulla vaktavinnu. Einnig getum við bætt við okkur þjónanemum og vönu aðstoðarfólki í veitingasal. Upplýsingar fást á staðnum milli kl 14 17 alla daga eða í síma 551 4430. Tökum einnig á móti umsóknum í gegnum tölvupóstinn [info@laekjarbrekka.is](mailto:info@laekjarbrekka.is). Lækjarbrekka Alltaf Sígild Alltaf Ljúf

**MANVERK Í HÁVEGUM HAFI**  
**KORNIÐ**

**Afgreiðslufólk - Yfirmenn.**  
Óskast til starfa. Hentar fólki á öllum aldri. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Uppl í s. 864 1585 eða á [www.kornid.is](http://www.kornid.is)

**Mosfellsbakarí Háaleitisbraut**  
Vorur að opna nýtt og glæsilegt bakarí á Háaleitisbraut 58-60. Okkur vantar ábyrgt og skemmtilegt fólk til að starfa með okkur alla virka daga frá kl. 13 - 18.30 og 1 dag aðra hvora helgi. Æskilegur aldur 25 ára og eldri. Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 553 5280 & 660 2153

**Veitingahús**  
Starfskraftur óskast í 80% vinnu. 13 dagv. frá kl. 12-19, 7 morgunv. frá 7-14. 10 dagar frí á mánuði. Uppl. í s. 843 9950.

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

### Hvar í veröldinni sem er!!

Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á [www.peningar.com](http://www.peningar.com)

Heimilisástoð. Eldri hjón búsett í Hafnarfirði óska eftir aðstoð hálfan daginn. Þríf o.fl. Upplýsingar í síma 856 7404.

Bæjarins beztu Smáralind eru að leita eftir starfskrafti á besta aldri. Um er að ræða hlutastarf með sveigjanlegum vinnutíma. Góð laun í boði. Upplýsingar gefur Guðrún í síma 894-4515 á milli 15-18

### Aðstoðarmaður í Blíkksmiðju!

Aðstoðarmann vantar í blíkksmiðju. Helst smíðavanur. Uppl. í síma 896 5042.

### Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?

Tímantaútgáfan Birtingur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í kvöldsólu. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Hulð, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti [ingahuld@birtingur.is](mailto:ingahuld@birtingur.is)

Kaffihús - Bistro - Bar Vantar starfsfólk á endurnýjað kaffihús og bar með léttum mat í miðborg Rvk. + Þjónustufólk í sal, fullt starf og hlutastarf um helgar og á kvöldin. + Starfsfólk í eldhúsi til að elda léttan seðil frá 11-14 og 17 - 21 + Staff in kitchen, to cook an easy menu from 11-14 and 17 - 21 Vinsamlegast senduð lágmarks uppl. með mynd á [jsbo@hive.is](mailto:jsbo@hive.is) nánari uppl. veitir Jóhanna í síma 663 5900.

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagssst. Proskahétra. Góð sölulaun. S. 661 7768.

### Atvinna óskast

Íspólska ráðningarþjónustan, býður pólska starfsmenn. Uppl. í s. 894 7799 og +00 486 6958 7238 eða [ispolska@simnet.is](mailto:ispolska@simnet.is)

### TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið



Astkær vinur okkar Elvar hefur tapað sér í sambandsýki, endilega látið okkur vita ef þið heyrið í honum? Því við gerum það ekki! Kv, Í.G.I

### Ýmislegt

### Engar skuldir - Hæri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

### Einkamál

**SPJALL**  
SÖGUR OG DET

Karlar 515-8800  
Konur 515-8888  
ALLAR ÞJÓNUSTUR Í EINU NÚMARI  
905-2580

**TANTRA**  
EROTISK VERSLUN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORDNA OPID MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 ÖG LAUGARD. 12:00 - 18:00

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Exotic, Erotísk svört nuddstelpa. Uppl. í s. 659 9420.

Karlmann látið líða úr ykkur í notalegu nuddi. Nautn og vellíðan. S. 869 6397.

### Stórmarkaður í stofunni heima

ÞÓNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

### ATVINNA

## A. P. Þríf

Framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í þrífum á nýbyggingum óskar eftir starfsmönnum í fullt starf vegna mikilla umsvifa. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri. Upplýsingar gefur Steini í síma 821-9908.

### TILKYNNINGAR



**Reykjavíkurborg**  
Skipulags- og byggingarsvið

## Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Landnotkun á austursvæði Vatnsmýrar

Borgarráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 varðandi landnotkun í Vatnsmýri. Tillagan var auglýst og var til sýnis í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs og á vefsvæði sviðsins, frá 12. júní til 24. júlí sl. Athugasemdafrestur rann út þann 24. júlí sl. og bárust athugasemdir frá 40 aðilum. Borgarráð, að undangenginni afgreiðslu skipulagsráðs, hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína. Vegna athugasemdanna voru gerðar breytingar á tillögunni í þá veru að settir voru fyrirvarar við landnotkun næst flugbrautunum og færslu Hlíðarfótar og gangamunna Óskjuhlíðarganga. Breytingartillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu hennar. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu borgarráðs geta snúið sér til skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík Reykjavík, 13. nóvember 2006





## LÆKJARGATA 2

Lækjargata 2 er elsta hornhús Reykjavíkur, byggt árið 1852. Húsið var upphaflega aðeins ein hæð, en þegar Sigfús Eymundsson, ljósmyndari og bóksali (sem Eymundsson-verslanir eru kenndar við), keypti það árið 1871 lét hann byggja eina hæð ofan á það og rak bóksölu í því um árabíl. Ýmis starfsemi hefur verið rekin í húsnæðinu síðan þá, þar á meðal stjórnarskrifstofa Morgunblaðsins, mótuneyti stúdenta og nú veitingastaðurinn Kebab-húsið.

(Heimild: Reykjavík - Sögustaður við stund)



DRAUMAHÚSIÐ BRYNDÍS NIELSEN KYNNINGARSTJÓRI ÍSLENSKA DANSFLOKKSINS

## Fúnkíshús með fallega sál

Fréttablaðið náði tali af Bryndísi þar sem hún slappaði af eftir mikla törn enda nýbúið að frumsýna Fjölskyldu-sýningu Íslenka dansflokksins. Hún var meira en lítið til í að segja frá draumahúsinu sínu. „Draumahúsið mitt er fallett, tveggja hæða steinhús í fúnkísstíl, í Þingholtum eða í vesturbæ Reykjavíkur. Það er svolítið farið að koma til ára sinna og hefur fallega sál.“

Bryndís vill hafa húsið grátt á litinn, fallega grýtt að utan, og vel við haldið með hvítum gluggum og rauðu þaki. Garðurinn á að vera stór og vel gróinn og við húsið stendur bílskur sem hýsir þarfasta þjóninn, það er bílinn. Innviðir hússins eru ekki af verra taginu. „Innanhúss er hátt til lofts og


bjart, vitt til veggja og fallett parket á gólfinu. Herbergin eiga að vera mörg, til dæmis tónlistarherbergi til að leika sér í, vel útbúið bókaherbergi til að grúfa sig í, girnileg gestaherbergi fyrir vini og vandamenn, og stórt og hlýlegt eldhús til að elda í. Baðherbergið vil ég hafa stórt og rúmgott, með stóru baðkari og góðri sturtu.“

Draumahús Bryndisar er ekki draumahús í þeim skilningi að fólk sofni þar inni og láti sig dreyma. „Það verða reglulega haldnar skemmtilegar veislur fyrir dansflokkinn og aðra vini og auðvitað kræsileg matarboð,“ segir Bryndís og útskýrir að þess vegna þurfi hún öll herbergin sem hún minntist á áðan. Ekki er gott að segja hverjir koma til



með að búa með Bryndísi þarna í draumahöllinni. „Ætli ég verði ekki bara ein fyrst í stað og sanki svo að mér skemmtilegu fólk. En eitt er víst að öllum verður velkomið að búa til fullt af góðum minningum.“

## SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU\*



\*Þinglýstir kaupsamningar. Heimild: Fasteignamat ríkisins.



Vegna framkvæmda við grunnskólann á Ísafirði eru þrjár skólastofur án brunatútgangs.

## Brunavörnum ábótavant

*Brunaöryggi í grunnskóla Ísafjarðar er enn ábótavant eftir að framkvæmdir hófust á húsnæðinu.*

Þrjár skólastofur í Grunnskólanum á Ísafirði eru án neyðarútgangs vegna framkvæmda sem standa yfir og hafa staðið yfir frá því skólalagd hófst í haust.

Um er að ræða skólastofur nemenda í níunda og tíunda bekk ásamt tölvustofu sem allir nemendur skólans nýta. Brunatútgangur fyrir þessar stofur lá frá tölvustofunni út á þak tengibyggingar. Tengibyggingin hefur hins vegar verið rifin vegna framkvæmdanna og fór þá útgangurinn um leið. Beðið er eftir nýrri plötu sem á að steypa á nýju millibygginguna sem mun þá nýtast sem útgönguleið til bráðabirgða.


Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar tók málið fyrir á fundi fyrr í vikunni og beindi þeim til-mælum til byggingarnefndar að fyllsta öryggis yrði gætt meðan á framkvæmdum stendur.

Af síðunni bb.is.

**Yfir 150.000 gestir daglega**

**ÞÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS**

# ÍSLENDINGAR Á ALDRINUM 18-39 ÁRA VILJA HELST VEGGFÓÐUR Í SÍN HÚS OG HÍBÝLI



Lestur 18-39 ára.



## Við þökkum frábærar móttökur!

Veggfóður er nýtt og ferskt lífsstíls- og húsbúnaðarblað og hefur á tæpu ári náð miklum vinsældum hjá fólki á aldrinum 18-39 ára, en **19% fleiri lesa Veggfóður en Hús og híbýli** í þessum hópi\*. Veggfóður er því klárlega frábær kostur fyrir auglýsendur sem vilja ná til þeirra sem eru að skapa sitt fyrsta heimili og þeirra sem fylgjast með straumum í innanhúshönnun.

**VEGGFÓÐUR.**

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



# Hreinn Loftur og nagladekkinn

## UMRÆÐAN

### Umhverfismál

Það kostar borgarbúa tæpar 200 milljónir á hverju vori að endurnýja malbikið eftir slitið á nagladekkjum yfir veturinn á undan. Gróflega reiknað geta það því verið um fimm þúsund krónur sem hver bíll á nagladekkjum kostar borgarbúa. Það finnst kannski einhverjum lítið og öðrum mikið. Mér finnst það mikið því það er svo sannarlega hægt að nota tvö hundruð milljónir á ári í margt skemmtilegra en malbik. Það mætti t.d. efna til alþjóðlegrar stuttmyndasamkeppni, efla sjálfstæðu leikhúsin, greiða niður frístunda- og íþróttastarf eða byggja upp hjólastígakerfi borgarinnar.

### Ytri kostnaður

Kostnaður borgarinnar af nagladekkjanotkun er dæmi um óbeinan kostnað sem fellur ekki á notandann heldur á samfélagið. Alvarlegri óbeinn kostnaður af notkun nagladekkja er samt þáttur þeirra í svifryki sem er ógn við heilsu fólks. Malbiksagnir tætt upp af nagladekkjum eru langstærsti einstaki þátturinn í svifryki borgarinnar eða um fimmtíu til sextíu prósent þegar svifryk er mest. Á þessu ári hefur magn svifryks í andrúmslofti farið 24 sinnum yfir heilsuverndarmörk.

Í Svíþjóð hafa verið gerðar rannsóknir á loftgæðum og áhrifum svifryks á heilsu fólks. Niðurstaða þeirra er að jafnvel lítið magn svifryks í andrúmslofti hafi áhrif á heilsuna og að svifryksmengun fækkar lífdögum Stokkhólmsbúa meira en umferðarslys í borginni.

### Hröð þróun naglalausra dekkja

Í nýjasta blaði FÍB er ítarleg úttekt, og samanburður á óneglum vetrardekkjum, byggð á erlendum prófunum óháðra aðila. Þar er borinn saman fjöldi afbragðsgóðra dekkja en hin svokölluðu loftbóludekk sem margir þekkja eru í efsta sæti að mati þeirra sem framkvæmdu rannsóknirnar í ár. Betra grip, styttri hmlunarvegalengd og meiri stöðugleiki í beygjum eru dæmi um árlegar framfarir en þróun í hönnun naglalausra vetrardekkja hefur verið mjög hröð og bestu dekkinn í dag eru umtalsvert betri en bestu dekkinn fyrir fimm árum.

### Negldu dekkinn yfirleitt öruggari

Því miður hefur þróunin ekki orðið mikil í nagladekkjum af þeirri einföldu ástæðu að þau eru mjög víða

bönnuð og á flestum stöðum afar illa séð. Íslendingar hafa engu að síður lengi haft tröllatrú á negldum dekkjum og talið þau öruggari en ónegldekk. Staðreyndin er samt sú að um nokkurra ára bil hafa ónegldekk verið öruggari við langflestar vetraraðstæður. Einungis á sléttum og blautum ís hafa neglddekk betra grip en góð vetrardekk. Þetta eru aðstæður sem aðeins skapast örfáa daga á hverjum vetri. Við allar aðrar aðstæður eru nagladekk verri, hmlunarvegalengd lengri og grip í beygjum verra. Valið ætti því að vera auðvelt á milli aukins öryggis



DOFRI HERMANNSSON

flesta daga eða fáa daga.

### Akstur utan þéttbýlis

Sumir aka á nöglum allan veturinn af því að þeir þurfa af og til að fara út á land og telja hættu á að lenda í aðstæðum þar sem nagladekk veita meira öryggi en góð vetrardekk. Erfitt er að fullyrða að svo vetrardekk. Þetta er aðstæður sem einhverjum tilvikum en rétt að benda á að í langflestum vetraraðstæðum utan þéttbýlis veita góð vetrardekk betra grip en nagladekk. Áralöng reynsla FÍB af því að halda úti óneglum þjónustubíl um allt land

í öllum veðrum er sú að aldrei var þörf á nagladekkjum.

Fyrir þá sem vilja vera vel búnir í ófærð býður FÍB upp á dekkja-sokka, eins konar keðjur úr næloni sem auðvelt er að setja á dekkinn í ófærð. Þetta er skemmtileg nýjung og hlýtur að verða jólagjöfin í ár til þeirra sem vilja vera vel útbúnir í akstri utan þéttbýlisins.

*Einungis á sléttum og blautum ís hafa negld dekk betra grip en góð vetrardekk.*

### Hreinn Loftur

Í nýlegu umhverfisáttaki Umhverfissráðs Reykjavíkurborgar var hreint andrúmsloft persónugert í

ungum manni sem kallaður var Hreinn Loftur. Sjálfur er ég mikill aðdáandi hreins lofts en verð að viðurkenna að stundum hef ég efast um heilsubót mína af því að hjóla í vinnuna að vetrarlagi þegar negldir bílar í þúsundavís aka framhjá mér og spæna upp malbikið. Ég held því að ég tali bæði fyrir munn minn og Hreins Lofts þegar ég bið fólk að hugsa sig vandlega um áður en það setur undir bílinn nagladekk sem menga loftið og veita langflesta daga vetrarins minna öryggi í umferðinni en góð vetrardekk með betra grip.

*Höfundur er varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar og fulltrúi í umhverfisráði.*

FRÁ HÖFUÐI DA VINCI LYKLSINS

HRINGUR TANKADOS EFTIR DAN BROWN

**FRÁ HÖFUÐI DA VINCI LYKLSINS**

**DAN BROWN**

HRINGUR TANKADOS

SPENNUSAGA

ÓUMDEILDUR MEISTARI HINNAR UTHUGSUÐU SPENNUSÖGU

„Heimurinn sem Hringur Tankados lýsir er því miður ekki fjærri raunveruleikanum.“

- MacDonnell Ulsch, forstjóri Öngygráðs Bandaríkjanna

SELD Í MEIRA EN 1.000.000 EINTÖKUM

ÓSÝNILEGIR GLÆPIR EFTIR GUILLERMO MARTÍNES

**2, 4, 8, 16... 31**

Á METSÖLULISTUM UM ALLAN HEIM. PLANETA BOKMENNTAVERÐLAUNIN Í ARGENTINU.

„Stærðfræði og morögáta. Þú færð ekki betri kokkteil.“

- Guardian

BJARTUR

## AF NETINU

### Prófkjör og pólitískar höfuðskeljar

Össur Skarphéðinsson veltir fyrir sér úrlitum í prófkjöri Samfylkingarinnar.

Nú er lokið prófkjörлотu Samfylkingarinnar. Hún skilaði góðri blöndu reynslubolta, sterkari forystu, en umfram allt steig fram á sjónarsviðið ný forystukynslóð sem á eftir að hnykla vöðvana og þenja sig í pólitískum sprettum, takast á, frýsa og hneggja, þrjóna og slá einsog gæðingsefnum er tamt í hópi – en ég held að í þessari sveit sé Samfylkingin búin að eignast raunveruleg efni í mikla sigurvegara. Í minni ætt hafa allir sjötta sansinn, og sjá lengra en augu eygja og annað en fyrir þau ber. Gamall lappi sér langt inn í framtíðina – en ég hef ekki pólitískan kjark til að upplýsa hvað ég sé birtast í kristalskúlu huga míns um flokkinn og gæðingsefni framtíðarinnar.

Í öllu falli, mínir elskulegu lesendur, bestu þakkar til ykkar sem studduð mig, líka til ykkar sem fylgdust með mér af jákvæðum huga og hlýju, líka til ykkar sem ekki þolið í mér oflátungsháttinn og drambið sem ég dett stundum ofan í þegar ég skrifa um pólitíska andstæðinga, og líka til ykkar sem eruð búin að hugsa ykkur svo vel í gegnum hlutina að þið vitið af hverju þið eruð mér hjartanlega og einlæglega ósammála.

Af ossur.hexia.net.



ROBERT LOUIS STEVENSON FÆDDIST  
Á ÞESSUM DEGI 1850

Vín er skáldskapur á  
flöskum.

Höfundur Gulleyjunnar kunnir gott að  
meta.



# tímamót

tímamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 13. NÓVEMBER 1953

## Kommúnistaofsóknir á hendur Hróa hattar

Óttinn við kommúnista í Bandaríkjunum náði töluverðum hæðum þennan dag árið 1953 þegar frú Thomas J. White, sem átti sæti í námsgagnafélagi í Indiana-riki, krafðist þess að hvergi yrði minnst á Hróa hött í námsbókum.

Hún taldi slíkt vera hreinan kommúnistaáröður

„vegna þess að hann stal frá ríkum og gaf til fátækra. Það er einmitt stefna kommúnista“.

Viðbrögð ráðamanna í Indiana við þessari kröfu urðu reyndar frekar dræm. Ríkisstjórnin lét þetta mál sig engu varða, en yfirmaður menntamála hafði fyrir því að endurlesa bókina áður en hann komst að þeirri niðurstöðu að ekki þyrfti að banna hana. Þó

fannst honum að kommúnistar væru farnir að „vinna að því að snúa út úr merkingu sögunnar um Hróa hött.“

Í Sovétríkjunum skemmtu menn sér konunglega yfir þessari uppákomu, en þáverandi fógeti í bænum Nottingham gat ekki leynt hneykslan sinni: „Hrói höttur er enginn kommúnisti“, hrópaði hann.

Frú White svaraði hins vegar allri gagnrýni á hugmyndir sínar fullum hálsi: „Vegna þess að ég vil koma kommúniskum skrifum út úr kennslubókum er nafn mitt dregið í svaðið. Það er greinilegt að ég hef hitt á einhverja taug, því annars myndu þeir ekki gera svona mikið mál úr þessu.“



HRÓI HÖTTUR Var jafnan upp á kant við yfirvöld og það var meira að segja sótt að honum árið 1953.

MERKISATBURDIR

- 1956 Hæstiréttur Bandaríkjanna ógildir lög um aðskilnað kynþátta í almenningsvögnum.
- 1940 Frumsýnd er í New York teiknimyndin Fantasia, sem kom úr smíðju Walt Disney.
- 1961 Vladimir Jefimovitsj Semitsjastri tekur við sem yfirmaður sovésku leynipjónustunnar KGB.
- 1974 Karen Silkwood ferst í bílslysi í miðri baráttu sinni við að upplýsa geislamengun í kjarnorkuveri í Oklahoma.
- 1990 Bandaríski forritarinn Tim Berners-Lee skrifar fyrstu vefsíðuna.
- 1994 Kjósundur í Svíþjóð samþykkja inngöngu landsins í Evrópusambandið.

JÓNAS JÓNASSON: MEÐ KVÖLDGESTI Í 25 ÁR

## Það er saga í öllum

Jónas Jónasson útvarpsmaður hefur verið með þátt sinn Kvöldgestir á Rás 1 frá árinu 1981 og tekið þar á móti gestum úr öllum stigum þjóðfélagsins.

„Ég hafði verið með þátt að kvöldi þar sem ég lék tónlist og kynnti plötur en datt svo í hug að lifga aðeins upp á spjallið við hlustendur með því að bjóða til mín gestum,“ segir Jónas og bætir við: „Arni Egilsson, tónlistarmaður kom til mín í spjall frá Hollywood ásamt konu sinni, Dorette, sem var áhættuleikari.“ Jónas kallaði þennan þátt Kvöldgesti en hann var fluttur í júní árið 1981. „Það var bara þessi eini þáttur en síðan fór ég að tala um það við Guðmund Jónsson, framkvæmdastjóra Útvarps að mig langaði til að gera þátt með rabbi á rólegum nótum þar sem nógur tími væri og enginn ótti við þögn.“ Jónas ákvað því að hafa viðtöl við fólk og gefa því tíma til að svara. „Ekkert yfirborðshjal og kjaftæði um ekki neitt, sem er dálítið algengt í útvarpi í dag,“ segir Jónas, sem sagði framkvæmdastjóranum að hann vildi fá þátt klukkan ellefu um kvöld. „Hann spurði hvort ég væri galinn því þá myndi enginn hlusta. Þjóðin væri að detta í það á þessum tíma. Ég var samt alveg ákveðinn. Ég vildi hafa tvo gesti í þættinum sem ætti að standa í tvo klukkutíma því ég vildi fylgja gestunum mínum inn í nóttina.“

Jónas segir ákveðnar grundvallarspurningar vera þema þáttanna en þær eru: Hver ertu, hvað ertu og af hverju ertu það sem þú ert? Hvað gefur það þér og hvað tekur það frá þér?

„Þátturinn hefur agað mig og alið mig upp í 25 ár, þannig að hann hefur mótað mig meira en ég nokkurn tíma hann. Ég er búinn að átta mig á því á löngum tíma að það er saga í öllum,“ segir Jónas sem heldur ótrauður áfram við að bjóða til sín kvöldgestum þrátt fyrir að vera kominn á áttræðisaldur.

sigurdurh@frettabladid.is



EKKERT KJAFTÆÐI Jónas spjallar við fólk á rólegum nótum í þætti sínum Kvöldgestir og fylgir þeim inn í nóttina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

+

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, stjúpmóðir, amma, dóttir, systir, tengdadóttir og mágkona,  
**Anna Sigríður Þorsteinsdóttir (Anna Sigga)**  
Byggðarholti 1b, Mosfellsbæ,  
verður jarðsöngin þriðjudaginn 14. nóvember kl. 13.00 í Bústaðakirkju.  
Ólafur Haraldsson  
Tanja Íris Ólafsdóttir  
Benedikt K. Ólafsson  
Sandra Ólafsdóttir  
Sonja Ólafsdóttir  
Þorsteinn Jónsson  
systkini og aðrir aðstandendur.

+

Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,  
**Sigríður Gizurardóttir**  
lífeindafræðingur, Kvisthaga 29, Reykjavík,  
verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í dag 13. nóvember kl. 15.  
Lúðvík Gizurarson  
Bergsteinn Gizurarson  
Sigurður Gizurarson  
Dagmar Sigríður Lúðvíksdóttir  
Dóra Lúðvíksdóttir  
Einar Lúðvíksson  
Gizur Bergsteinnsson  
Dagmar Sigurðardóttir  
Magnús Sigurðsson  
Júlía Sigurðardóttir  
Gizur Sigurðsson  
Ólafur Sigurðsson  
Ingibjörg Sigurðardóttir  
Valgerður Guðrún Einarisdóttir  
Marta Bergman  
Guðrún Þóra Magnúsdóttir  
Einar Gunnarsson  
Georgina Anne Christie  
Bylgja Kærsted  
Baldur Snæland  
Arnar Loftsson

**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**  
Mikið úrval legsteina og fállegra fylgihluta.  
Ljósker, blómavasar, englar, stytur, kerti og margt fleira.  
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.  
**S:HELGASON**  
Skemmurvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

**LEGSTEINAR**  
Kynningarafsláttur á völdum tegundum  
Viðarhöfða 1 : 110 Reykjavík : Sími 566 7878 : Fax 566 8787  
rein@rein.is : www.rein.is

Fallegir legsteinar á góðu verði  
**Englasteinar**  
Hélluhrauni 10 Hafnarfjörð  
Sími: 565-2566  
www.englasteinar.is

+

Ástkær eiginkona mín, fösturmóðir, amma, systir og mágkona,  
**Birna Ingibjörg Egilsdóttir**  
Stórholti 6a, Akureyri,  
verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 16. nóvember kl. 13:30.  
Sigurður Sigmarsson  
Helgi Jónsson  
systkini og mágar.  
Nótt Magdalena Helgadóttir

Þegar andlát ber að  
Allhliða útfararþjónusta í 16 ár  
Símar: 567 9110 & 893 8638  
www.ulfaric.is - mfaric@ulfaric.is  
Útfararþjónustan ehf.  
Stofnað 1990

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið tímamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## Fagrir tónar styrktu Þuríði Örnú

Styrktartónleikar voru haldnir í Bústaðakirkju síðastliðinn miðvikudag til styrktar og heiðurs Þuríði Örnú Óskarsdóttur sem er með illkynja æxli í höfði.

Árið 2004 var Þuríður Arna greind með illvíga flogaveiki og í kjölfarið fannst æxli í höfði hennar sem var greint góðkynja. Ekki tókst að komast fyrir meinið og nú hefur æxlið verið skilgreint sem illkynja. Í dag lítur út fyrir að frekari meðferðarúrræði séu ekki fyrir hendi og því ákváðu aðstandendur fjölskyldunnar að leggjast á eitt og safna fjármunum til að hún og foreldrar hennar geti átt góðar stundir saman.

Tónleikarnir voru gríðarlega vel sóttir en meðal þeirra sem komu fram voru Stebbi og Eyfi, Regína Ósk, Signý Sæmundsdóttir, Jóhann Friðgeir og fleira gott fólk en kynnr kvöldsins var Anna Björk Birgisdóttir. Allt féð sem safnaðist á tónleikunum rennur óskert til Þuríðar Örnú og fjölskyldu hennar.



Í FANGI FÖÐUR SÍNS Þuríður Arna naut tónleikanna í fangi föður síns, Óskars Arnar en við hlið þeirra situr móðir Þuríðar, Áslog Ósk.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



# Jólatilboðin í fullum gangi



NÝTT RÚM  
**FRÁBÆR**  
HUGMYND



Tempur inniskór



Temprakon hitajöfnunarsængin



Tempur heilsukoddar

Jólagjafir sem láta  
þér og þínum líða betur

**Betra**  
**BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
Opð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16





# HVAR VERÐUR ÞÚ FÖSTUDAGINN 17. NÓV KL. 20:30?

X-Factor hefur göngu sína 17. nóvember á Stöð 2. Þetta er stærsti sjónvarpsviðburður vetrarins og verðugur arftaki Idolstjörnuleitar. Frábær fjölskylduskemmtun á hverju föstudagskvöldi.

# 4 DAGAR TIL STEFNU

Í SAMSTARFI VÍÐ



## STUÐ MILLI STRÍÐA Danskí kúrin

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTIR VILL FLYTJA INN DANSKA REIÐHJÓLAMENNINGU



Ég er á danska kúrnum. Þá er ég ekki að tala um megrunarkúrinn sem dásamaður er í saumaklúbbum landsins. Nei, minn kúr er allt öðruvísi og hefur það alls ekki að markmiði að tapa kílóum þótt vissulega sé það ánægjuleg aukaverkun.

Danski kúrin minn fólst í því að flytja til Kaupmannahafnar í nokkra mánuði, selja bílinn og kaupa reiðhjól að hætti innfæddra. Nú fer ég allra minna ferða á þessum járnfáki sem kostaði það sama og að fylla bensíntank einu sinni. Mér finnst það frábært. Það fylgir því ákveðin frelsis tilfinning að

þeysa um göturnar með vind í hárinu og ferðalagið frá heimili til skóla verður að ánægjulegri líkamsrækt.

Fyrir nokkrum mánuðum síðan sá ég viðtal við konu á Akureyri í sjónvarpinu. Það sem var svona merkilegt við þessa konu var það að hún átti ekki bíl en fór allra sinna ferða á reiðhjól, hvort sem það var til þess að kaupa í matinn eða sækja börnin á leikskólann. Þetta þótti fréttæmt á Íslandi.

Mér finnst myndi að hugsa um þetta viðtal núna, vitandi það að hér í Kaupmannahöfn og flestum öðrum stórborgum er það alls ekki sjálfsgæður hlutur að allir eigi bíl. Nei, hér þykir bara ósköp eðlilegt að hjóla með börnin í skólann og

labba heim úr súpermarkaðnum með þungu pokana þótt það sé langt. Á Íslandi fer fólk varla á milli húsa nema á bílnum og svo þjósnumst við áfram í umferðinni, eitt og eitt í bíl, pirruð og fúl af súrefnisskortri og hreyfingarleysi. Við hættum jafnvel við að fara í ræktina ef það er ekki laust bíla-stæði næst dyrunum.

Þannig virðumst við hafa ákveðið að það eigi að vera. Allt er skipulagt út frá einkabílnum og sjálf myndi ég varla hætta mér út í umferðina í Reykjavík á reiðhjól. Þess vegna er ég ansi hrædd um að bíll verði það fyrsta sem ég kaup þegar ég kem heim. Aukaklínin, pirringinn og umferðarstreituna fæ ég væntanlega í kaupbæti.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







Nýtt tákni um gæði

Sérstakt jólatilboð á Ford



**Jólapakkinn í ár**  
Verðmæti 300.000 krónur  
í formi afsláttar á sjálfskiptum,  
5 dyra C-MAX með kraftmikilli 2,0i vél.  
Einnig 50% afsláttur af gæða  
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.

Focus C-MAX fyrir rýmið og útsýnið

# Kauptu C-MAX á jólatilboði

Jólin nálgast - gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg



**Jólatilboð 2.290.000 kr.**  
Focus C-MAX Trend Plus 2,0i 5 dyra, sjálfskiptur.\*  
Bílasamningur 27.990 kr. Rekstrarleiga 38.600 kr.  
Verð án jólatilboðs 2.590.000 kr.

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn\*\*

► Jólin eru komin í Brimborg. Kynntu þér jólaverð á Ford Focus C-MAX. Kynntu þér góð kjör, líka á bílasamningi og rekstrarleigu. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Fáðu lægri vexti og lægra lántökugjald. Byrjaðu jólin í Brimborg – komdu í Brimborg.



**Focus C-MAX vill rými fyrir fólk og farangur**

Ford Focus C-MAX er fjölskyldubíll sem svarar kröfum um öryggi, meira rými og góða aksturseiginleika. Allir sitja hátt og njóta útsýnis. Veldu nýjustu tækni og öryggi frá Ford, sterka yfirbyggingu, mikla hljóðeinangrun og ótrúlegan staðalbúnað með öllu því besta og öruggasta. Skoðaðu staðalbúnað Focus C-MAX á ford.is. Veldu Ford á jólatilboði Brimborgar.



**Jólapakkinn í ár**  
Verðmæti 300.000 krónur  
í formi afsláttar á sjálfskiptum,  
5 dyra C-MAX með kraftmikilli 2,0i vél.  
Einnig 50% afsláttur af gæða  
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.

Jólatilboð Brimborgar

**JÓLIN NÁLGAST  
OFURJÓLATILBOÐ Á FORD  
KYNNTU ÞÉR GREIÐSLUKJÖRIN**



**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

\* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustutílitil samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km ákstur á tímabilinu. \*\* Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru áfellegur.



## Gagnrýni og stjörnugjöf



**Kl. 15.00**

Listakonurnar *Dagbjört Guðmundsdóttir, Guðrún Helga Kristjánsdóttir, Helga Jensdóttir, Helga Sigurðardóttir, Kristín Tryggvadóttir, Laufey Johansen, Maja Siska og Margrét Brynjólfsdóttir sýna verk sín á Skúlagötu 61. Sýningin ber yfirskriftina „40A 32D“ og verður hún opin daglega kl. 15-19 og um helgar kl. 13-18 fram til 18. nóvember.*

# menning

menning@frettabladid.is

Ritstjórn Fréttablaðsins hefur ákveðið að fram-

vegis verði veittar stjörnur í umfjöllun gagnrýnenda blaðsins á hinum ýmsu sviðum lista. Hafa naskir lesendur Fréttablaðsins veitt þeirri nýbreytni athygli síðustu daga. Gefnar eru stjörnur frá einni upp í fimm og bætast þær við niðurstöðu sem birt er með lengri umsögn um leiksýningar, tónleika, söngleiki og hljóðdíska, ritverk af ýmsu tagi, kvikmyndir og staka sjónvarpsþætti og myndlist í margbreytilegum birtingarmyndum. Er þessi viðbót hugsuð sem aukin þjónusta við lesendur.

Þá er þess skammt að biða að listgagnrýni

### Punnur þrettándi

Ferðasaga Andreu Róbertsdóttur er forvitnileg bók fyrir margra hluta sakir. Höfundurinn þakkaði saman og seldi efnislegar eigin sínar og lagði upp í ferð um framanndið. Andreu ferðabók ein til Indlands, Tílandis, Kambódíu og Laos. Sú ákvörðun hennar er virðingaverð og til eftirbreytni því ekki hafa allir hugrúki til þess að skora eigin ferðir á hölm og „viðra stig á róngum“ eins og hún kallar það.

Í bókinni lýsir Andreu upplifun sinni af stöðum og fólki. Þjófningarskandnar vísanir og hugdettur er að finna í henni og ljóst að þetta ferðabók hefur verið talsvert ævintýri fyrir hana en mér er til efs að það þýst vel yfir á bókarmáli.

Í fyrsta lagi er Andreu á ferð um fróðleiksgreindir slóðir, það er lítið um landfræði- eða sögulegar skýringar í þessari bók sem rýrir gildi hennar sem eiginlegar ferðasaga. Stöðugar vísanir til Lonely Planet-ferðahandbókanna fannst mér einnig hvítleið áreiting þess að bók Andreu er mjög langt frá tæmandi upplýsingar um Asíu-ferðir.


### BÆKUR

Spennilegt beltin: til Ástu með Andreu Róbertsdóttir JPV útgáfa

★★

er vaðið úr einu í annað, persónulegar hugleiðingar hennar um eins ólík efni og Johnny Cash, teygir og jafnréttismál renna saman við lýsingar á staðhættum og samferðafólki. En textinn flestir samt ekki, hann er brotinn upp í litla kafla, strekað rofnum með myndum og fróðleikasmólum. Sérlega finnst mér vanta myndatexta í bókina og svo var eins og það setti eftir að þrjú bókum um aðra texta hennar.

Andreu útskýrir í bókinni að hún vilji geta trúnaðar við samferðafólk sitt og nafngreini það því ekki. Fyrir vikið er öll frásögnin, allar 170 síðurnar eins og inni í höfðinu á henni einni. Þetta er persónuleg bók en ekki mjög djúpvitir og tilvísanaleg myndir stíllar er lýjandi þótt bókina sé fljótlesin.



➤ Ekki missa af ...

Jeff Buckley minningartónleikum í gamla lóni við Tjörnina í kvöld kl. 20. Þar ráðast íslenskir listamenn í túlkun á lögum þessa látna meistara og er hætt við að stemningin verði bæði brothætt og tregablandin.



MEÐ Á NÓTUNUM

Árni Heimir Ingólfsson

## Klassísk tónlist er fjölmiðlaefni

Í fjöldamörgu ár virðast íslenskir fjölmiðlar, að undanskilinni Rás 1 og Morgunblaðinu, hafa verið nokkurn veginn á einu máli um að klassísk tónlist sé ekki fjölmiðlaefni. Ég hef áður bent á að erlendar kannanir sýna að klassísk tónlist nýtur mun meiri vinsælda en margir halda. Kannski eru þessar upplýsingar einmitt að skila sér á rétta staði, því að skyndilega virðist vera að birta til á hinum ýmsu vágstöðvum.

Ríkissjónvarpið hefur t.d. blásið til sóknar á þessu sviði, og væntanlega hvetur það Efstaleitismenn til frekari dáða að Græna herbergið, þáttur Jónasar Ingimundarsonar og Sigrúnar Hjálmtýsdóttur, er tilnefndur til Edduverðlauna sem sjónvarpsþáttur ársins. Þættir Jónasar Sen, Tíu fingur, hafa fengið prýðilegar viðtökur og vonandi verður framhald á þeim eftir að fyrsta þáttaröðin rennur sitt skeið á enda. Við eigum a.m.k. nóg af frambærilegu tónlistarfólki til að halda þeim gangandi í mörg ár í viðbót. Það væri hægt að gera heila þáttaröð um íslensk tónskáld, aðra um kórstjóra, þá þriðju um ungt og efnilegt tónlistarfólk, o.s.frv. Þannig yrði líka til dýrmæt þekking á framleiðslu slíkra þátta, sem er einmitt það sem hefur skort fram til þessa. Tónlist lýtur öðrum lögmálum en fótbolti, líka sem sjónvarpsefni. Það þarf önnur efnistöð, og dagskrárgerðarfélagið þarf tíma til að tileinka sér þau.

### Bandarískir frumkvöðlar

Það kemur kannski einhverjum á óvart, en Bandaríkjamenn hafa svo áratugum skiptir staðið öðrum þjóðum frammar í að gera klassíska tónlist aðgengilega í sjónvarpi. Það var hljómsveitarstjórnin og tónskáldið Leonard Bernstein sem ruddi brautina með mögnuðum fræðsluþáttum sínum, Young People's Concerts, sem fóru í loftið 1958 og gengu í fimmtán ár. Bernstein var hinn fullkomni sjónvarpsmaður: hann myndaðist vel, gleislaði af lífsorku og áhugi hans á tónlist var bókstaflega smitandi.

Nú virðist arftaki Bernsteins hafa stigið fram á sjónarsviðið. Michael Tilson Thomas, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í San Fransískó, er umsjónarmaður nýrrar þáttaraðar, Keeping Score, sem bandaríska ríkissjónvarpið (PBS) framleiðir. Verkefnið mun standa í fimm ár og kostnaðaráætlun hljóðar upp á rúman einn og hálfan milljarð króna. Markmið þáttanna er að miðla upplýsingum um helstu hljómsveitarverk sögunnar á áhrifamikinn og spennandi hátt. Í fyrstu þáttaröðinni tekur Tilson Thomas m.a. fyrir tvö byltingarkenndustu tónverk allra tíma: Eroicu-sinfóníu Beethovens og Vorblót Stravinskis. Hann fer til Vínarborgar og Parísar og útskýrir fyrir áhorfendum á heillandi hátt, bæði við flygillinn og fyrir framan hljómsveitina, hvað það var í þessari kraftmiklu tónlist sem sló áheyrendur algjörlega út af laginu. Klippingarnar eru hraðar, athugasemdir stjórnandans eru skýrar og aðgengilegar, og hverjum þætti lýkur á að viðkomandi verk er flutt á tónleikum í Davies-tónleikahöllinni.

Keeping Score-þættirnir eru sýndir í Bandaríkjunum einmitt um þessar mundir. Hvernig væri að RÚV keypti þá og setti þá á dagskrá á sunnudagskvöldum þegar fyrsta þáttaröðin af Tíu fingrum hefur runnið sitt skeið á enda?

### Menning og netmiðlar

Vefsíða Keeping Score-þáttanna (www.keeping-score.org) er frábært dæmi um hvernig hægt er að gera fræðslu- og menningarefni lifandi og aðgengilegt á netinu. Þetta eiga Íslendingar eftir að læra ef marka má síðurnar mbl.is og visir.is. Þar er ekki fjallað um klassíska tónlist, leiklist eða myndlist nema í undantekningartilvikum, enda fellur efnid ekki að þeim efnisflokkum sem lagt er upp með. Fréttir af listum rúmast helst undir flokkunum „Fólkið“ eða „Lífið“, en svo virðist sem umsjónarmönnum vefjanna þyki mikilvægara að Íslendingar viti hvað amerískum kvikmyndastjörnum finnst best að borða í morgunmat en hvað íslenskir listamenn eru að fást við hér heima og erlendis.

Þarf þetta að vera svona? Ágætt dæmi um gagnstæða nálgun er vefsíða breska dagblaðsins The Guardian, þar sem heil undirsíða er eingöngu helguð klassískri tónlist (music.guardian.co.uk/classical). Þar er hægt að lesa viðtöl við helstu tónlistarmenn samtímans, gagnrýni um tónleika og óperusýningar, og fréttir úr tónlistarheiminum. Nýlega hljóðritaði The Guardian fyrirlestarröð sem ungerski píanóleikarinn András Schiff hélt í Wigmore Hall og hlaut frábærar viðtökur. Viðfangsefnið var píanósónötur Beethovens og fjórir fyrstu fyrirlestarnir eru þegar komnir á netið. Hvenær skyldu íslensku netmiðlarnir brydda upp á einhverju jafn frumlegu? Það virðist a.m.k. vera séríslenskt viðhorf að klassísk tónlist sé ekki fjölmiðlaefni. Enda skulum við vona að það sé á hröðu undanholdi.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

## Frumeðli og mannvönska

Stúdentaléikhúsið sýnir verk sitt „Þú ert enginn Johnny Depp“ í Austurbæ. Þetta óvenjulega verk er í raun stúdía á valniðslu og varnarleysi mannskepnunnar og könnun á því hvernig of mikið eða of lítið frelsi getur leikið okkur öll.

Hörður Ellert Ólafsson, formaður Stúdentaléikhússins, útskýrir að verkið byggi á frægri rannsókn sem gerð var í Stanford-háskóla árið 1971. Rannsóknin sé jafnan kölluð „The Stanford Prison Experiment“ en henni var stjórnað af Dr. Philip G. Zimbardo, sálfræðiprófessor við Stanford-háskóla. „Rannsókn þessi beindist að því að kanna hvernig maðurinn bregst við þegar honum er haldið föngnum,“ útskýrir Hörður. „Upphaflega átti rannsóknin að standa yfir í tvær vikur en henni var hætt á sjötta degi því það fór allt úr böndunum, þá voru þátttakendur í rannsókninni farnir að beita hver annan andlegu ofbeldi.“

Tuttugu og fjórir heilbrigðir karlkyns stúdentar úr millistéttu tóku þátt í rannsókninni á sínum tíma og réðst það af tilviljun hverjir urðu fangar og verðir. Leitast var við að skapa aðstæður og líkja eftir raunverulegri fangelsisvist, þátttakendur voru til að mynda innilokaðir í klefum, klæddir búningum og beittu verðirnir þá harðræði en þeir höfðu frjálisar hendur um hvernig þeir komu fram við fangana nema að ekki mátti beita þá líkamlegu ofbeldi. Línan milli raunveruleikans og þessa sviðsetta hryllings varð hins vegar óskýrari en rannsakendurnar óraði fyrir. „Við byggjum leiksýninguna á heimildum um þessa rannsókn,“



„ÞÚ ERT ENGINN JOHNNY DEPP“ Stúdentaléikhúsið frumsýnir nýtt verk byggt á heimspekktri sálfræðirannsókn.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

útskýrir Hörður og bendir á að mikla upplýsingar sé að finna um hana á netinu en á heimasíðu hennar sé einnig hægt að nálgast myndbandsupptökur af atburðunum. „Við erum hins vegar ekki að sviðsetja rannsóknina heldur okkar eigin sýningu og þess vegna setjum við ýmist tvíst á hlutina.“

Hugmyndin að baki sýningunni er komin frá Birni Hlyni Haraldssyni leikstjóra. „Hann hafði lengi langað að vinna sýningu úr þessari rannsókn. Vikingur Kristjánsson gerir síðan leikgerðina en þeir tveir og leikhópurinn allur eru höfundar verksins því sýningin er einnig mikið til unnin út frá spuna.“

Átján leikarar Stúdentaléikhússins taka þátt í sýningunni og segir

Hörður að vinnuferlið hafi verið mjög áhugavert. „Við höfum unnið talsvert með einlægni, nálægð og tilfinningar,“ áréttar Hörður og bætir því við að fróðlegast hafi verið að finna hversu stutt er í frumeðlið hjá mannskepnunni eins og fyrrgreind rannsókn staðfesti að nokkur leyti. Ísland samtímans sé annað talandi dæmi því Hörður vísar til átaksins Növényber gegn nauðgunum sem beint er gegn ofbeldis- og kynferðisglæpum. „Það er fánlega stutt í frumhvatar mannsins sem brjóstast til dæmis út í einhverju vímurugli eða þegar menn kunna sér ekki hóf. Þetta félagslega taumhald getur hætt að virka allt í einu.“

kristrun@frettabladid.is

## Fangar í eigin landi

Fundnar eru ljósmyndir eftir bandaríska ljósmyndarann Dorotheu Lange sem hún tók veturinn 1943 þegar alríkisstjórn Bandaríkjanna fyrirskipaði að þúsundir bandarískra þegna af japönskum uppruna skyldu hnepttir í fangelsi. Eru ljósmyndirnar um 800 talsins og hafa lengi verið taldar glataðar. Lange var heimspekkur fyrir ljósmyndir sínar af flóttafólki frá landbúnaðarhéruðum á kreppearunum. Áður var ljósmyndarinn Ansel Adams búinn að birta myndir frá herleiðingu japanskra Bandaríkjamanna en örlög þeirra hafa lengi legið í þagnargildi vestanhafs og þykir þetta smánarblettur í stjórnfari stríðsáranna þar í landi.

Myndir Lange eru sagðar bera öll einkenni hennar; myndefnið er ekki sviðsett heldur sótt til raunverulegra aðstæðna. Myndbygging ber öll einkenni meistara og sýnir mannlega hlið fanganna. Talið er að vel yfir hundrað þúsund hafi verið fangelsaðir og var reynt að leynd aðbúnaði þeirra lengi vel. Mun Lange hafa heimsótt 21 fangelsi og víðast var henni meinaður



AFI MED SONARSON Á HERÐUM SÉR Í MANSANAR-BÚÐUNUM Í KALIFORNÍU SUMARÍÐ 1943 Særð sómatilfinning og angist var lífbrauð þeirra sem voru í haldi um árabil í fangabúðum bandarískra stjórnvalda.

DOROTHEA LANGE/NATIONAL ARCHIVE

aðgangur að myndefni eins og gaddavirsgirðingum, húsakosti sem var lélegur og hreinlætis-aðstæðum eins og opnum klóokum. Talið er að fangarnir hafi tapað samtals 2,5-6,2 milljörðum dala, en langflestir voru neyddir til að láta eignir sínar af hendi og fengu engar skaðabætur að stríðinu loknu.

Úrval mynda Lange frá þessum tíma eru nú komnar út á bók,

Impounded, hjá Norton. Þar er að finna ritgerð um handtökurnar og aðstæður fanganna, en fjölskyldunum var safnað saman í bráðabirgðabyrgi og gripahús og haldið þar til loka stríðsins.

Lange sá mikið eftir myndunum, en hún hafði lagt mikla vinnu í þær, þegar þær hurfu. Hún lést árið 1965 og er talin með fremstu ljósmyndurum Bandaríkjanna á síðustu öld. Ljósmyndir hennar eru listrænar í myndbyggingu og í þeim má sjá samúð hennar með þeim sem minna mega sín og órétti eru beittir.

Útgáfa myndanna frá japönsku fangabúðunum snertir strengi í sál Bandaríkjamanna. Sjá má skýra samsvörun milli mynda Lange og ljósmynda af helför gyðinga í Evrópu. Örlög fanganna á þeim tíma eru þau sömu og við sjáum á myndum frá stríðshráðum svæðum heimansins nú á tímum. Það rifjast upp að nýsett lög í Bandaríkjunum um fangelsun án dóms og laga eiga sér eldri dæmi í framkomu stjórnvalda Vestanhafs við þegna sína.

- pbb



# SKÍFAN KYNNIR

# GLÆNÝJAR PLÖTUR

## OG DVD DISKA SEM KOMA ÚT Í DAG!



CD  
2.199kr.

Í svörtum fötum  
Órð




CD+DVD  
2.599kr.

Depeche Mode  
The Best of - Vol 1



CD  
2.199kr.

Yusuf (Cat Stevens)  
An Other Cup




CD  
2.199kr.

Sugababes  
The Singles Collection



2xCD  
2.599kr.

George Michael  
Twenty Five




CD  
2.199kr.

The Game  
Doctor's Advocate



DVD  
2.999kr.

Nirvana Live DVD  
Live Tonight! Sold Out!!



2xDVD  
3.299kr.

Robbie Williams Live DVD  
And Through It All

**TRYGGÐU!  
ÞÉR EINTAK!**





Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

## SKUGGALEIKUR

Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur

Frumssýning 18. nóvember kl. 20 - 2. sýning 25. nóvember kl. 20  
3. sýning 2. desember kl. 20

ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRjár SÝNINGAR

ARJUR UM ÁSTINA - HÁDEGISTÓNLEIKAR ÞRIÐJUD. 14. NÓV. KL. 12.15  
Jónas Guðmundsson, tenór, og Kurt Kopecky, pianó, flytja rússneskar og ítalskar aríur í hádeginu

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðsalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.  
Símasala kl. 10-18 þriðjudega - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

## Þjóðleikhúsið fyrir alla!

**STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter  
8. sýn. lau. 18/11 örfá sæti laus, sun. 19/11 örfá sæti laus, lau. 25/11 örfá sæti laus, sun. 26/11 örfá sæti laus, fös. 1/12, lau. 2/12. Síðust sýningar fyrir jöl.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.  
Lau. 18/11 kl. 14:00 uppselt, sun. 19/11 kl. 14:00 uppselt, fös. 29/12 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00, sun. 7/1 kl. 14:00 og kl. 20:00.

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.  
Fim 16/11 örfá sæti laus, fös. 17/11 örfá sæti laus, fim. 23/11 örfá sæti laus, fös. 24/11 örfá sæti laus. Sýningum lýkur fyrir jöl!

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ** aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.  
Sun. 26/11, örfá sæti laus, sun. 26/11.  
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvisun skólaskirteinis.

**KÚLAN** Lindargötu 7, kl. 17:00 og 20:00

**UMBREYTING** – brúðsýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.  
Sun. 19/11 örfá sæti laus, fös. 24/11 kl. 20:00.  
Sýningum lýkur fyrir jöl!

**LEIKHÚSLOFTIÐ** aðalbyggingu

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.  
Lau. 18/11 kl. 11:00 uppselt og 12:15 uppselt. Sýningar hefjast í Kúlunni í janúar.

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson  
Lau. 25/11 kl. 13:00 uppselt og kl. 15:00 uppselt, sun. 26/11 kl. 13:00 uppselt og kl. 15:00 uppselt, lau. 2/12 kl. 13:00 örfá sæti laus og kl. 14:30 uppselt, sun. 3/12 kl. 13:00 örfá sæti laus og kl. 14:30.

**HVERS VEGNA LÁTA KONURNAR SVONA?**  
Námskeið fyrir almenning um Bakkyngur hefst 21/11.  
Skráning á midasala@leikhusid.is eða í síma 551 1200.  
Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is  
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

## „ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR.“

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

RONJA RÆNINGJADÓTTIR	MEIN KAMPF
Sun 19/11 kl. 14 Sun 3/12 kl. 14	Fös 17/11 kl. 20 Fös 24/11 kl. 20
Sun 26/11 kl. 14 Sun 10/12 kl. 14	Lau 18/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?	SAKAMÁL Á SVIÐ
Fim 16/11 kl. 20 Fös 1/12 kl. 20	Leiklestrar á 3ju hæðinni. Sun 19/11 kl. 20. Ókeypis aðgangur
Sun 26/11 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20	

FOOTLOOSE	AMADEUS
Fös 17/11 kl. 20 Lau 2/12 kl. 20	Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort Sun 19/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20
Fös 24/11 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20	

BRILLJANT SKILNAÐUR	ÚTGÁFUTÓNLEIKAR SNIGLABANDSINS
Fim 16/11 kl. 20 UPPS. Sun 3/12 kl. 20	Fim 23/11 kl. 21 Miðaverð 3.500
Fim 23/11 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20	

MANNTAFL	ÚTGÁFUTÓNLEIKAR STEBBA OG EYFA
Sun 19/11 kl. 20 Síðasta sýning.	Mið 29/11 kl. 20 og 22. Miðaverð 4.000

FJÖLSKYLDUSÝNING ÍD	JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN
Lau 18/11 kl. 14 Fritt fyrir 12 ára og yngri	Mið 22/11 kl. 18 og 20 Frums.UPPS. Fim 23/11, Fös 24/11, Mán 27/11 Sýnt kl. 9:30 og 13:00 Sýningartími í klst. Miðaverð 500 kr.

ÚTFÁFUTÓNLEIKAR HELGA RAFNS	WATCH MY BACK
Mið 22/11 kl. 20 Miðaverð 2.300	Kómískur spuni. Flutt á ensku. Sun 19/11, sun 26/11 kl. 20.10 Miðaverð 1.000 kr.
	Miðasala 568 8000 www.borgarleikhusid.is

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

# Lögmaður segir sínar sögur

Smásagan hefur átt á brattan að sækja í útgáfu um langt skeið. Lesendur hafa ekki áttað sig á hversu þægilegt form smásagan er, smásagnasöfn seljast illa og útgefendur halda sig frá þeim. Nýtt íslenskt forlag, Citizen Press, staðsett í London byrjar vel, sendir frá sér safn tíu smásagna eftir kunnann lögfræðing og forstjóra, Óskar Magnússon. Hann er kominn af sögufólki og er þaulvanur textasmíður. Og með þessu byrjandaverki sannar lögmaðurinn að hann er lunkinn smásagnahöfundur.

Óskar skrifar ísmeygilegan stíl, klæðir sig gjarna í þessum tíu sögum hempu eða annarri lánsflík, talar fyrir munn sóknarprests, gamals skipstjóra, útgerðarmanns, Íslending í útreiðartúr með útlendingum og manna í sturtu. Talsniðið er breytilegt, hann er vandur í orðavali og liðugur og dregur upp skýrar mannamyndir, bæði með lýsingum af einstaklingum og atvikum. Þetta er þaulhugsaður texti, hverfist um skýra fléttu hverrar sögu án útdúra. Og um allt leikur elskuleg hæðni sem veldur hlátri hjá grandalausum lesanda sem veit varla hvers er von. Og

flestar sögurnar enda á loka-hnykk.

Dramað er ekki fjarri, hér er ekki gert mikið úr því sem liggja víða undir en Óskar lætur liggja milli línanna. Þetta safn er bráðskemmtilegt og höfundurinn stekkur vítt og breitt um þjóðlífið, sækir á mið sem bókmenntamenn rata ekki á sökum lélegra samgangna um samfélagið. Þar nýtur Óskar þess að hann hefur víða farið og alltaf verið með opin augun og litið á mannlífið með sínu umburðarlynda skop-skyni.

Lesandinn leggur því bókina frá segir gjarn og glaður, jafnvel þótt síðasta sagan taki á væntanlegum gagnrýnanda þessa safns og dragi þann vesæla skrifbent sundur og saman í háði. Hér er sem sagt kominn fram skemmtilegur höfundur með persónulega rödd og þjóðlífið allt undir, örklar jafnvel á grimmi-legri þjóðfélagsgagnrýni sem lögd er í munn einstakra persóna. Sumt er þarna stórkarlalegt en annað viðkvæmnislegt. Þá er bara að vona að Óskar finni sér meiri tíma frá öðrum störfum til að skrifa meira, sem fyrst.

Páll Baldvin Baldvinsson



## BÆKUR

### Borðaði ég kvöldmat í gær?

Óskar Magnússon  
Citizen Press

★★★★

Bráðskemmtilegt smásagnasafn eftir lunkinn og stílfæran höfund.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

10 11 12 13 14 15 16

### Mánudagur

#### ■ SÝNINGAR

- 10.00 Myndlistarkonan **Alice Clarke** heldur sýninguna **Take away** á efri hæð **Café Oliver** á Laugavegi. Sýningin er opin á þjónustutíma staðarins.
- 10.00 Yfirlitssýningin **Málverkið eftir 1980** stendur yfir í **Listasafni Íslands** við **Frikirkjuveg**. Sýningarstjórar eru **dr. Halldór Björn Runólfsson** og **Laufey Helgadóttir**.
- 10.00 **Hanna Hlíf Bjarnadóttir** sýnir **Puntustykki** á **Café Karólínu** á **Akureyri**. Verkið sem Hanna Hlíf sýnir er um stöðu og sögu kvenna fyrr og nú. Sýningin stendur til 1. desember.

#### ■ BÆKUR

- 18.00 **Norræna bókasafnavikan** í **Kópavogi** hefst með því að **Ómar Ragnarsson** les úr spennusögunni **Grafarþögn** eftir **Arnald Indriðason**. Norrænar veitingar, allir velkomnir, ókeypis aðgangur.

120 1886 2006

## Maður, náttúra og mynd

Ingálvur av Reyni  
Sámal Joensen-Míkines  
Zacharias Heinesen

Í Landsbankanum, Austurstræti, í afgreiðslusal og á 2. hæð, eru sýnd málverk í eigu Færeyjabanka eftir þrjú af helstu listamönnum færeysku þjóðarinnar.

Sýningin er opin á afgreiðslutíma bankans til 30. nóvember.

**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna í 120 ár

## HAFIÐ BLÁA

Fékk áhorfendaverðlaun grímunar 2006. Þrjár tilnefningar til grímuverðlaunanna:

- Barnasýning ársins.
- Búningaverðlaun ársins.
- Áhorfendaverðlaun ársins.

Sýningar  
Sun 19. nóv kl. 13:30  
síðasta sýning fyrir jöl

IsMedia SPARISDÖÐURINN TM

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

## Vinkjallarinn.is

Víngerðarefni fyrir kröfuharðal!

HELDIÐ BAY  
TILBOÐ Í NÓVEMBER  
ENSÍM ehf.  
Suðurhraun 2  
210 Garðabær

Sími: 564-4299

Sýnt í lönó

Fim. Auk. uppt. 9. nóv	10. nóv	Miðasala virka daga
Lau. 11. nóv	11. nóv	frá kl. 11-16 og 2
Lau. 18. nóv	18. nóv	tímum fyrir sýningar.
Sun. 19. nóv	19. nóv	Sími 5629700
Fös. 24. nóv	24. nóv	www.icno.is
Lau. 25. nóv	25. nóv	Sýningar kl. 20

## BEST Í HEIMI

# VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



## Blanchett leikhússtjóri

Hjónakornin, leikkonan Cate Blanchett og Andrew Upton, leikskáld og þýðandi, sem hér dvöldu í sumar hafa tekið að sér stjórn Sidney Theatre Company í árslok 2007. Blanchett starfaði með þessum ástralska leikflokki með hléum milli kvikmynda, lék þar Heddu Gabler, var í aðalhlutverki í Klassapíum eftir Caryl Churchill og Oleanna eftir David Mamet, en öll þessi verk eru kunn íslenskum leikhúsgestum. Nú hyggst hún snúa sér að leikstjórn. Saman munu hjónin leikstýra einþáttungunum Einskonar Alaska eftir Pinter og Reunion eftir Mamet, en síðan ætlafrúin að stýra Blackbird eftir David Harrow sem frum-

sýnt var á Edinborgarhátíðinni í fyrra í leikstjórn Peter Stein og vakti þá gríðarlega athygli. Þar segir af misnotkun ungrar stúlku og eru persónur aðeins tvær. Hún og ofbeldismaðurinn. Maður Blanchett, Upton, vinnur jöfnum höndum sem leikskáld og handritshöfundur. Hinn kunnileikari, Philip Seymour Hoffman (Capote og fleira), leikstýrir á næsta ári nýju verki Uptons, Riflemind.

**CATE BLANCHETT** Hyggst snúa sér að leikstjórn með manni sínum Andrew Upton.



## Söngleikur floppar

The Times They Are A-Changin', söngleikurinn sem saminn var út frá sönglögum Bobs Dylan og frumsýndur á Broadway hinn 28. október lýkur göngu sinni sunnudaginn 19. nóvember.

Þá verða að baki 28 sýningar á þessu verki sem danshöfundurinn Twyla Tharp átti upphafið að, auk 35 forsýninga. Á máli leikhúsmanna vestanhafs er slakt gengi sýningarinnar kallað flopp en til slíkra verkefna er yfirleitt stofnað með margra ára göngu í huga.

Sýningin var upphaflega sett upp í San Diego í janúar, en það er gjarnan háttur framleiðenda stór-söngleikja vestanhafs að reyna þá í smærri borgum áður en ráðist er á stóru markaðssvæðin. Þar var



**BOB DYLAN**

verkið leikið í tæpan mánuð. Tharp er merkilegur danshöfundur og hefur gert það gott með ýmsum dansverkum. Enn er í gangi sýning hennar við söngva Billy Joel.

- pbb

## NÝJAR BARNABÆKUR

Þriðji og síðasti hlutinn í sögunni um Edda Dickens er kominn út á forlagi Uppheima og ber hann heitið Vátíðindi. Það er sem fyrr Kristín R. Thorlacius sem þýðir hina vinsælu sögu eftir Philip Ardagh en myndskreytingar við söguna eru eftir David Roberts. Fyrrri sögurnar í þrileiknum heita Heljarþröm og Voðaverk og hafa glatt unga lesendur frá því þær komu út. Ardagh hefur skrifað yfir fimmtíu barnabækur fyrir fólk á öllum aldri.



Snúður og Tuðra eru rammíslenskar hetjur sem hafa kætt kynslóðir undanfarinna ára með skessulátum sínum. Mamma þeirra þarf oft að vera þolinmód en hún vill að þær systur læri fyrst og fremst af reynslunni. Ungir foreldrar sem ólust upp með Snúðru og Tuðru geta nú endurnýjað kynnin við þær með börnum sínum. Íðunn Steinsdóttir hefur skrifað fyrir börn í áratugi. Nú hafa fyrstu fjórar sögurnar verið endurútgefnar á forlagi Söllu með nýjum myndskreytingum eftir listakonuna Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur.

Fyrsta saga hins vinsæla höfundar G.P. Taylor, Skuggahirðir, er komin út hjá Hljóðbók og er þetta eina verkið sem kemur út á prenti hjá því fyrirtæki. Sögusviðið er England á átjándu öld. Obadiah Demurral er sóknarprestur en líka skuggahirðir því hann talar við hina dauðu. Hann stjórnar íbúunum í þorpunum Peak og Thorpe af mikilli hörku. Vinirnir Tómas, Kata og Rapha dragast inn í æsispennandi baráttu milli góðs og ills. Furðulegar verur eru á sveimi og dularfullir atburðir gerast. Óvíst er hvort smygjaranum Jakobi Crane sé treystandi og hvort þau ná um borð í skip hans í tæka tíð. Þessi fyrsta bók G.P. Taylor er spennubók fyrir alla aldurshópa. Hún hefur selst í yfir milljón eintökum og verið þýdd á 32 tungumál. Bókin var tuttugu vikur á metsölulista í Lundúnum og í New York fór hún í efsta sætið. Herdis Hallvarðsdóttir þýddi.



# NÝR OG BETRI!

## FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

60 MANNA FRÉTTASTOFA  
BEINTENGD VIÐ TÖLVUNA ÞÍNA

[www.visir.is](http://www.visir.is)

**GERÐU VÍSI AÐ UPPHAFSSÍÐU ÞINNI  
OG VIÐ GÆTUM KOMIÐ ÞÉR SKEMMTILEGA Á ÓVART.**



# Í minningu Johns Lennon

Tónleikar til heiðurs Johns Lennon verða haldnir í Háskólabíói föstudaginn 1. desember. Flutt verða lög eftir Lennon sem hafa verið sérstaklega útsett fyrir símfónuhljómsveit og rokkhljómsveit af þessu tilefni.

„Þetta verða dúndurtónleikar, það er engin spurning,“ segir Sigurður Kaiser, sem annast sviðsetningu. „Við Jón Ólafsson [tónlistarstjóri] tókum okkur til fyrir næstum tíu árum og létum útsetja plötuna Sgt. Peppers Lonely Hearts Club Band. Ólafur Gaukur útsetti hana fyrir símfóniuna og hún var flutt á þrjátíu ára útgáfuafmæli plötunnar. Þannig hófst þessi þæling okkar að koma þessari tónlist, sem er

unnin að mörgu leyti með stóra símfónuhljómsveit í huga, í almennilegt form,“ segir hann. Um útsetningar sér Haraldur Vignir Sveinbjörnsson, konsertmeistari er Sigrún Eðvaldsdóttir og hljómsveitarstjórn er í höndum Árna Harðarsonar. Fjörutíu hljóðfæraleikarar úr Símfónuhljómsveit Íslands koma fram á tónleikunum auk rokkhljómsveitar og tólf söngvara. Fram koma söngvararnir Björn Jörundur, Hildur Vala, KK, Páll Rósinkranz, Magnús Þór Sigmundsson, Jón Ólafsson, Sigurjón Brink, Pétur Örn Guðmundsson, Jens Ólafsson úr Brain Police, Haukur Heiðar Hauksson úr Diktu og Eivör Pálsdóttir. Kynn-

ir verður Sigurður Skúlason leikari.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 og er miðaverð 6.500 krónur. Almenn miðasala hefst 13. nóvember kl. 10 á [midi.is](http://midi.is) og í verslunum Skífunnar. Netfang miðasölu er [midasala@lennon.is](mailto:midasala@lennon.is) og miðasölusími er 552 3000.



JOHN LENNON

Tónleikar til heiðurs Johns Lennon verða haldnir föstudaginn 1. desember.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



PARÍÐ VIÐFRÆGA Brosir væntanlega ekki svona blítt ef ekki verður af brúðkaupinu.

## Í brúðkaupsbobba

Það hefur varla farið fram hjá mörgum að stjörnuþarið Tom Cruise og Katie Holmes áforma að gifta sig á Ítalíu í þessum mánuði. Reyndar er stóri dagurinn nú örskammt undan, því vígslan á að fara fram eftir viku. Dagblaðið *Il Messaggero* kvaðst hafa heimildir fyrir því að parið myndi játaast hvort öðru í gullfallegum kastala í smábænum Bracciano. Nú virðist hins vegar vera komið babb í bátinn, því embættismenn í Bracciano segja það ólíklegt að brúðkaupið geti átt sér stað, parið hafi ekki skilað þeim eyðublöðum sem til þarf svo að hjónavígslan teljist lögleg. Háðuglar spauga nú með að Cruise tækist enn og aftur á við „mission impossible“.

## 36 stjórnur í myndbandi

Alls munu 36 stjórnur koma fram í nýju myndbandi sveitasöngvarans Johnnys Cash sem var tekið upp eftir andlát hans. Á meðal þeirra eru Justin Timberlake, Bono, Iggy Pop, Johnny Depp, Keith Richards og Jay-Z.

Myndbandið var tekið upp fyrir lagið *God's Gonna Cut You Down* sem er á síðustu plötu Cash, *American V: A Hundred Highways*.

Tony Kaye leikstýrði myndbandinu, sem er í svart/hvítu. Fékk hann sjálfur hugmyndina og vann hana áfram í samvinnu við Timberlake, upptökustjóranum Rick Rubin og Mark Romanek, sem leikstýrði öðru myndbandi Cash við lagið *Hurt*. Meðal þeirra sem sjást í myndbandinu eru Kris Kristofferson, Patti Smith, Chris Rock og Dennis Hopper.



JOHNNY CASH Sveitasöngvarinn Johnny Cash nýtur mikillar virðingar meðal tónlistarhugamanna.

# Öllum brögðum beitt hjá stjórnunum

Lífið er ekki alltaf dans á rósum hjá stjórnunum og ríka fólkinu. Ef hjónabandið fer í vaskinn endar þær oft í harðri baráttu í réttarsalunum og oft virðist litlu skipta hvort börn eru í spilinu eða ekki.

Ef til vill lýsir setning Ivönu Trump úr kvikmyndinni *The First Wives Club* skilnuðum hjá fræga og fína fólkinu hvað best. „Don't get mad, get everything,“ sem myndi útleggjast upp á hið ylhýra: „ekki láta reiðina ná tókum á ykkur, hirðið frekar allt.“ Ivana ætti að þekkja þessi fræði manna best. Tékkneska ofurfyrirsætan giftist margmilljóneranum Donald Trump árið 1977 og tók virkan þátt í að byggja upp veldi hans og var með í ráðum er hinn víðfrægi Trump Tower, sem stendur á Manhattan-eyjunni, var reistur. Þegar Ivana komst á snóðir um ástarsamband eiginmanns síns og Mörlu Maples árið 1991 sótti hún um skilnað. Krafa hennar var há enda hélt Ivana því fram að hún hefði tekið virkan þátt í uppbygg-



BYGGDI VELDI SITT Á GÖMLU HJÓNABANDI Ivana Trump komst í lykilstöðu þegar hún skildi við auðkýfinginn Donald Trump, fékk bæði háar fjárhæðir og miklar eignir í sinn hlut. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

ingu Trump-veldisins. Dómstólar tóku röksemdir hennar til greina og þrátt fyrir að dómsniðurstaðan sé enn trúnaðarmál er talið að Ivana hafi fengið yfir tuttugu milljónir dollara, fjölda eigna og hlutabréfa í sinn hlut.

### Hlutverkaskipti

Hlutverkin snúast hins vegar við hjá Reese Witherspoon og Ryan Phillippe. Witherspoon gæti þurft að greiða eiginmanni sínum ansi háar fjárhæðir en parið gerði ekki kaupmála á sínum tíma. Reese og Ryan hafa hins vegar lýst því yfir að þau muni ekki karpa um fjárhæðir eða forræði yfir börnunum þeirra tveimur því það sé eins og gefur að skilja smáfolkið sem öllu máli skipti.

Sama gildir ekki um skilnað Britney Spears og dansarans Kevins Federline. Þó að þau hafi einungis verið gift í tvö ár hefur Federline krafist hárra greiðslna frá eigin konu sinni fyrrverandi og einnig sótt um fullt forræði yfir báðum sonum þeirra. Málið gæti því orðið nokkuð illviðráðanlegt en fjölmiðlar þar vestra halda óbeint með Spears og eru sáttir við að hún skuli loks hafa losað sig við vandræðargemsann.

Federline gæti því lent í sömu orrahrið og Heather Mills en gula pressan í Bretlandi hefur verið iðin við kolann á undanförunum mánuðum við að grafa upp ýmislegt gruggugt úr fortíð fyrirsætunnar. Almennir í Bretlandi hefur ekki mikla samúð með Mills jafnvel þótt hún haldi því fram að bitillinn fyrrverandi, sir Paul McCartney, hafi lagt hendur á sig.

### Öllum brögðum beitt

Þegar Jerry Hall uppgötvaði að eiginmaður hennar, Mick Jagger, átti barn með brasilískri fyrirsætu sótti hún strax um skilnað. Lögfræðingar Jagers beittu öllum brögðum til að halda fyrirsætunni frá eignun hans og lýstu því meðal annars yfir að giftingarsins á Bali árið 1990 stæðist ekki lög. Hall og Jagger höfðu verið gift í tuttugu ár og því var búist við því að hún myndi hagn-



SKILNAÐURINN KOSTAÐI SKILDINGINN Harrison Ford og Melissa Mathison voru hamingjusamlega gift í rúma tvo áratugi en þegar þau skildu fékk Mathison sinn skerf af auðfæum leikarans.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

ast umtalsvert á skilnaðinum. Herbragð Jagers mæltist ekki vel fyrir heima í Englandi en virtist engu að síður hafa dugað því Hall fékk ekki nema fimmtíu milljónir punda eða sex milljarða króna.

Melissa Mathison kom af fjöllum þegar eiginmaður hennar og Íslandsvinurinn Harrison Ford sótti um skilnað og byrjaði með Calissa Flockhart. Mathison, sem sjálf er vel staður handritshöfundur, sótti gull í greipar Fords því auk þess að fá 85 milljónir

dollara eða rúma fimm milljarða fór Mathison einfaldlega fram á að hún fengi greiddan hluta af ágóða þeirra mynda sem Ford hefði leikið í á meðan þau voru gift. Að gamni skal þess getið að hjónaband Mathison og Fords stóð í rúma tvo áratugi og meðal þeirra mynda sem gulldregurinn lék í þá voru Indiana Jones-þrilekurinn, *The Fugitive* og *Witness*.

-fgr



VINSÆLT UMFJÖLLUNAR- EFNI Paul og Heather hafa deilt sín á milli á síðum blaðanna en skilnaður þeirra gæti orðið sá dýrasti í sögu Bretlands.

GÆTI ORÐIÐ LJÓTUR LEIKUR Skilnaður Britney Spears og Kevins Federline gæti orðið mjög erfiður því dansarinn vill fá sinn skerf af kókunni.

# Holdgervingur míns innri manns

Tónlistarmaðurinn Johnny sexual gefur í febrúar út sína fyrstu plötu sem nefnist *Nifty Fingerwork*. Johnny, sem er vafalítið betur þekktur sem Kalli úr Dáðadregjum, ætlaði upphaflega að gefa út plötuna í þessum mánuði en einhverjar tafir urðu á vinnslu hennar.

Kalli byrjaði að vinna að sínu eigin efni sumarið 2005 og hefur hann einbeitt sér afarið að því eftir að Dáðadregir spiluðu á sínum síðustu tónleikum á Iceland Airwaves það ár.

„Johnny sexual er allt sem ég vildi að ég væri. Hann er í rauninni ákveðinn holdgervingur míns innri manns,“ segir Kalli um sitt annað sjálf. Hann játar að Johnny sé kyntákn en samt ekki þetta hefðbundna sem allir þekkja. „Hann er það á aðeins einlægari

máta en þessar hórur sem eru vanalega settar í hlutverk kyntákn.“

Kalli lýsir tónlistinni sem elektró-poppi með hiphop-áhrifum. „Þetta er aðallega einlæg melódísk músík sem er að mestu leyti hédan og þaðan, úr tölvuleikjum og svoleiðis, og ævintýrabíómyndum. Ég held ég leiti mest í eitthvað svoleiðis og einhvers konar óhljóð líka.“

Johnny sexual hefur verið duglegur við að spila upp á síðkastíð ásamt aðstoðarmanni sínum Sigurði Eggertssyni og komu þeir meðal annars fram á Iceland Airwaves við góðar undirtektir. Einnig hafa þeir spilað í París og Kaupmannahöfn. „Það gekk vonum fram. Það er furðulegt hvað útlendingar eru spennir fyrir svona íslenskri poppmúsík,“ segir hann. Kalli segir



JOHNNY SEXUAL Johnny sexual ásamt aðstoðarmanni sínum. Ný plata með kappanum er væntanleg á næsta ári.

muninn á Dáðadregjum og Johnny sexual vera þann að hann geti núna gert það sem honum dettur í hug. „Maður er hættur að þæla hvort

þetta passi inn í einhverja stefnu. Þetta er skemmtilegt frelsi en getur verið einmanalegt.“

freyr@frettabladid.is



## Tilnefning veldur velgju

Þokkagjöfan Ashley Judd var ekki þar hrifin af að hafa komist inn á lista blaðsins FHM yfir kynþokkafyllstu konur í heiminum. Hún tjáði sig um reynsluna í viðtali við útvarpsstöð í Minneapolis, og sagði tilhugsunina valda sér velgju. Hún sagði þetta vera ógeðslegt, og spurði hvort heimurinn yrði ekki mun betri staður ef blöð á borð við FHM væru ekki til. Judd virðist þó ekki hafa jafn mikla óbeit á tískuritinu Marie Claire, en hún mun þrýða forsiðu tölublaðs þess í desember, í litlum sem engum fötum.

### ASHLEY JUDD

Fækkar fötum fyrir Marie Claire en fyrir FHM.



## Faðirinn tjáir sig

Faðir söngvarans Jim Morrison tjáir sig í fyrsta sinn opinberlega um son sinn í ævisöggunni The Doors by the Doors sem kemur út á næstunni.

„Við minnumst hans með mikilli gleði. Sú staðreynd að hann er látinn er sorgleg en ef maður horfir til baka og minnst ævi hans er sú minning ánægjuleg,“ sagði George Morrison. Þrjú eftirlifandi meðlimir The Doors, yngri bróðir Jim og systir eru á meðal þeirra sem talað er við í bókinni.

Í bókinni kemur meðal annars fram að Jim hafi verið erfiður unglingur og sett sig upp á móti uppeldi föður síns, sem var hermaður. Hélt sú gremja áfram

eftir að hann varð frægur. Þá neitaði hann til dæmis að hitta móður sína eftir tónleika og olli það henni mikilli sorg.

Jim Morrison lést úr hjartaáfalli í París árið 1971, aðeins 27 ára gamall. Fjölmargir ferðamenn heimsækja gróf hans á hverju ári. Faðir hans segir það vera töluverðan heiður fyrir fjölskylduna að sonur hans skuli vera grafinn skammt frá menningarfrömuðum á borð við Oscar Wilde, Edith Piaf og Frederic Chopin.

### JIM MORRISON

Söngvari og textasmiður The Doors lést úr hjartaáfalli í París árið 1971.



## Tíu þúsund pund á viku

Fyrrum strandvarðafurúin Pamela Bach krefst heilla tíu þúsund punda, eða tæplega 1,3 milljóna króna, á viku af eiginmanni sínum David Hasselhoff vegna skilnaðar. Þessi upphæð á að duga dómnum fyrir handsnyrtingum og hátískufötum, en hún segir að á meðan á hjónabandi þeirra stóð hafi hún séð um að versla fyrir sig og tvær dætur þeirra hjóna. Hún hafi þá heimsótt hönnunarbúðir og eytt að minnsta kosti því sem samsvarar um 350 þúsund íslenskum krónum á viku. Í skjölunum sem Bach lagði fyrir dóm, tekur hún fram að þessi tíu þúsund pund séu það sem henni reiknist til að duga muni fyrir nauðsynjavörum.



STRANDVARÐAHIJÓNIN Á SÆLLI TÍMUM Það væri áhugavert að vita hvert Bach fer í handsnyrtingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Kæra Borat

Tveir bandarískir vinir sem eru saman í bræðrafélagi háskólans í Suður Karólínu ætla að höfða mál gegn Sacha Baron Cohen fyrir að gera lítið úr þeim í gamanmyndinni Borat.

Þeir félagar eru ölvaðir í myndinni og segja ýmislegt í henni sem þeir sjái eftir núna. Segjast þeir hafa verið gabbaðir í að koma fram í myndinni. Var þeim sagt að um væri að ræða heimildarmynd sem ætti að vera sýnd utan Bandaríkjanna. Þvert á móti þá hefur myndin verið sú vinsælasta í Bandaríkjunum að undanförunu og þótt víðar væri leitað.



BORAT Sacha Baron Cohen fer með hlutverk fréttamannsins Borat í myndinni.

# Glæsileg jólatilboð

**Stærsti rúmaframléiðandi í heimi!**

Sealy Posturepedic eru vinsælastu heilsurúm Bandaríkjanna síðastliðin 30 ár. Sealy eyðir meiri fjármunum í vörubrúun en allir aðrir dýnframléiðendur heims.

Einkaleyfin 4 frá Sealy:

Ert þú með þitt svefn DNA á hreinu?

**Hátæknirúm**

Besta svefnkerfið samkvæmt samanburðarránnsóknun. Svæðaskiptur stífleiki, fjáðureiningar með minni.

Heilsan framur öllu

**mediline+**

**Hin** mikla breidd MediLine línunnar uppfyllir flestar kröfur um fjölbreytileika og þægindi.

**Rúmin** í MediLine línunni eru til í fjölmörgum gerðum, stærðum og stífleikum þannig að flestir ættu að geta fundið hvílu við sitt hæfi.

## JÓLAGJÖF FYLGIR HVERJU KEYPTU RÚMI

# 15%

afsláttur  
af sængum og koddum

**Mjúka deildin** Hágæða sængur og heilsukoddar. Úrval af sængurfatnaði og rúmteppum. Gjafavara í miklu úrvali frá þekktum vörumerkjum. Rúmföt, rúkteppi, handklæði, sloppar, baðmottur og baðvara. Veisludúkar, hördúkar og löberar.

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

Opið virka daga: 10-18 og laug.: 11-16



**Nýtt í bíó**

**DÝRIN TAKA VÖLDIN!**

**SKÓGARSTRÍÐ**

MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

**BORAT!**

ERU ÞIÐ TILBÚIN FYRIR EINA FYNDNUSTU MYND ALLRA TÍMA?

**60 ÞÚSUND GESTIR**

**MYRIN**

20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVIÐ OG PLÁTINUM GLITNIS, EF GREITT ER MEÐ GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI

**FEARLESS**

**THE DEVIL WEARS PRADA**

**CASINO ROYALE**

**FORSALA AÐGÖNGUMIDA ER HAFIN Á MIDI.IS**

ATH: EINNIG ER HÆGT AÐ VERSLA MIÐA Í FÖRSÖLU Í KVIKMYNDAHÚSUNUM

<p><b>SMÁRA BÍÓ</b> SÍMI 564 0000</p> <p>SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL. kl. 4 og 6</p> <p>OPEN SEASON ENSKT TAL. kl. 4, 6, 8 og 10</p> <p>BORAT kl. 4, 6, 8 og 10 B.L. 12 ÁRA</p> <p>MYRIN kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 B.L. 12 ÁRA</p> <p>SYND Í LÚXUS kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20</p> <p>FEARLESS kl. 10.20 B.L. 16 ÁRA</p> <p>DEVIL WEARS PRADA kl. 8</p>	<p><b>REGNBÖGINN</b> SÍMI 551 9000</p> <p>SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL. kl. 6</p> <p>OPEN SEASON ENSKT TAL. kl. 6, 8, og 10</p> <p>MYRIN kl. 6, 8.30 og 10.30 B.L. 12 ÁRA</p> <p>FEARLESS kl. 8 og 10.20 B.L. 16 ÁRA</p> <p>DEVIL WEARS PRADA kl. 8 og 10.20</p> <p>DRAUGHÚSIÐ ISL. TAL. kl. 6 B.L. 7 ÁRA</p> <p><b>450 kr. í bíó!</b></p>	<p><b>Borgarbíó</b> SÍMI 462 3500</p> <p>SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL. kl. 6</p> <p>BORAT kl. 8 og 10 B.L. 12 ÁRA</p> <p>MYRIN kl. 6, 8 og 10 B.L. 12 ÁRA</p>
--	--	---

**midí.is** **BIÓ.IS** – allt á einum stað

Sími 553 2075

**LAUGARAS BÍÓ** - bara lúxus

**DÝRIN TAKA VÖLDIN!**

**SKÓGARSTRÍÐ**

Sýnd kl. 4 og 6 ISL. TAL.

**DISASTER!**

Sýnd kl. 8 og 10 B.L. 14

**MYRIN**

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.L. 12

**FORSALA AÐGÖNGU MIÐA HAFIN!**

**CASINO ROYALE**

Upplýsingar í síma 680 2525  
Textavarp: Stöð 2 • 150-153  
RÚV • 281, 283 og 284

**LOTTO**

Vinningstölur laugardaginn 11.11.2006

3 10 12 14 27

Tvöfaldur 1. vinningur næsta laugardag

Bónustala 35

Jóker 0 4 9 8 9

1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 08.11.2006

Aðaltölur 11 14 39 46 47 48

Bónustölur Ofurtala 23 33 48

Tvöfaldur 1. vinningur næsta miðvikudag

Jóker 2 8 3 1 2

1. vinningur gekk ekki út

Birt með fyrirvara um prentvilla

## Tilþrífalítil Regína

Regína Ósk var þekkt fyrir að syngja bakraddir hjá mörgum af fremstu tónlistarmönnum landsins en í fyrra flutti hún sig um set og fór fremst á sviðið með ágætis árangri. Á sinni nýjustu plötu, Í djúpum dal, fer söngkonan nýjar leiðir, mikill metnaður er lagður í útsetningar og sjálfur Barði Jóhannesson fenginn til að stjórna upptökunum.

Platan lullar hægt og bitandi af stað, fangar hlustandann ekkert sérstaklega og hann bíður eftir einhverju sem grípur, fær hann til að dilla fótunum í takt eða brosa út í annað eins og góð popplata ætti að gera. Því miður eru lögin á Í djúpum dal flest öll lítt eftirminnileg þótt þau séu kannski ekki beint leiðinleg. Útsetningarnar eru flestar til fyrirmyndar en undirritaður átti erfitt með fanga laglínur, eitthvað sem hann gæti sönglað með, lögin fóru bara inn um annað eyrað og út um hitt. Regína reynir fyrir sér með lagi Magnúsar Sigmundssonar, Hjartans lag, sem er svona dæmigert söngkonulag, fer að sjálfsgöðu létt með það enda með prýðisgóða rödd en engu nýju er bætt við, ekkert fær áheyranda-ann til að spá í hvort þetta sé besti flutningurinn á laginu eða ekki. Þá er lagið ljósin komu eftir Karl Olgeirsson óþægilega líkt einhverjum smelli með r&b söngkonunni Toni Braxton en á örugg-



**TÓNLIST**  
Í djúpum dal  
Regína Ósk

★★

Í djúpum dal er vel unnin og fátt út á vinnsluna að setja. Hún er hins vegar tilþrífalítil og ekki til þess fallin að stækka aðdáendahóp söngkonunnar.

lega eftir að gera góða hluti á öldum ljósvakans, það er hjá þeim útvarpsstöðum sem spila svona tónlist.

Regína Ósk hefur gert mikið úr samstarfi sínu við Barða og honum tekst vel við upptökustjórnina. Í djúpum dal er í það minnsta betri en frumburður söngkonunnar fyrir ári. Hún er hins vegar tilþrífalítil, fátt kemur á óvart og diskurinn á vafalítið eftir að falla í grýttan jarðveg hjá þeim sem ef til vill ætluðu að gefa söngkonunni tækifæri.

Freyr Gígja Gunnarsson

## Sú fyrsta í þrjátíu ár

Söngvarinn og lagahöfundurinn Yusuf Islam, betur þekktur sem Cat Stevens, gefur út nýja plötu á mánudaginn sem nefnist An Other Cup. Er þetta fyrsta plata hans með nýjum popplögum í næstum þrjátíu ár.

„Það eru hundrað ástæður fyrir því að ég yfirgef tónlistarbransann árið 1979. Núna má eflaust finna hundrað og eina ástæðu fyrir því af hverju mér finnst ég knúinn til að búa til tónlist aftur og syngja um lífið í þessum brothætta heimi,“ sagði Islam.

Þessi plata er samansafn nýrra laga sem Yusuf hefur samið í gegnum árin og hafa verið geymd í huga hans síðan hann lagði Cat Stevens á hilluna. Öll lögin voru tekin upp á einu ári og upptökum lauk fyrir á þessu ári. Meðal þekktustu laga sem Islam samdi sem Cat Stevens eru Father and Son, Wild World og Morning Has Broken.

Yusuf Islam er einn fremsti og þekktasti tónlistarmaður sem Bretland hefur alið. Sem Cat Stevens ávann hann sér gríðarlega virðingu og velgengni á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Árið 1977 tók hann upp islam, breytti nafni sínu í Yusuf Islam og hætti í kjölfarið í tónlistinni.



**YUSUF ISLAM** Tónlistarmaðurinn þekkti, sem áður hét Cat Stevens, er mættur aftur með nýja plötu.

Nýja platan mun koma út um það leyti sem 40 ár eru liðin frá því Cat Stevens sendi frá sér sína fyrstu plötu, en það var smáskífan I Love My Dog sem kom út árið 1966.

## Nokkrar staðreyndir

**Fæðingardagur:** 21. júlí 1941 í London.

**Skirnarnafn:** Steven Demetre Georgiou.

**Foreldrar:** Grísk-kýpverskur faðir og sænsk móðir.

**Trú:** Islam, árið 1977.

**Nafn:** Yusuf Islam frá árinu 1979.

**Hjúskaparstaða:** Býr með eiginkonu og börnum í London.

**Plötusala:** Yfir 60 milljónir.

**Síðasta popplata:** Back to Earth árið 1978.

**Árið 2004:** Söng Father and Son með Ronan Keating.

**Tea for the Tillerman:** Aðallag grínþáttarins Extras.



**Xit**  
hárstofa

Sími 564 6444  
Hlíðasmára 9

**OPÍÐ**  
Alla daga kl. 9-18  
miðvikud. kl. 9-20  
laugard. kl. 10-14

**DMK**

DEBET MEÐ KREDIT

DMK – fyrir  
Kynntu þér



Mogga **BÍÓ** á mánudögum **2 fyrir 1** í bíó  
sjá miða framan á morgunblaðinu í dag


kæru gestir vinsamlegast athugið að tilboð þetta  
**Gildir EKKI á BORAT og MÝRINA**



Sex vinir leggja í afdrifaríka siglingu

**ADRIFT**

Undirbúðu þig undir magnþrungna spennu. sem byggð er á raunverulegum atburðum.



www.haskolabio.is

MYRIN	kl. 5:50 - 7 - 9 - 10:15	B.1.12	THE LAST KISS	kl. 8	B.1.12
MOGGA TILBOÐ GILDIR EKKI Á MYRINA			THE QUEEN	kl. 5:50	B.1.12
FLY BOYS	kl. 6 - 9	B.1.12	BÖRN	kl. 8	B.1.12
THE DEPARTED	kl. 9	B.1.16	THE GUARDIAN	kl. 10:30	B.1.12

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBIÓN / ÁLFABAKKA			SAMBIÓN / KRINGLUNNI			SAMBIÓN / KEFLAVÍK			SAMBIÓN / AKUREYRI		
FLY BOYS	kl. 5:50 - 8 - 10:30	B.1.12	BÆJARHLAÐIÐ M/-listal	kl. 4 - 6	Leyfð	BORAT	kl. 8 - 10	B.1.12	FLY BOYS	kl. 8 - 10:30	B.1.12
FLY BOYS VIP	kl. 8 - 10:30		BARNYARD M/-Einkulal	kl. 6	Leyfð	MOGGA TILBOÐ GILDIR EKKI Á BORAT			BARNYARD M/-listal	kl. 6	Leyfð
ADRIFT	kl. 5:45 - 8 - 10:10	B.1.12	JACKASS NUMBER TWO	kl. 4 - 8	B.1.12	BÖRN	kl. 8	B.1.12	MATERIAL GIRLS	kl. 6	Leyfð
THE DEPARTED	kl. 8:30 - 10:10	B.1.16	ÖBYGGÐIRNAR M/-listal	kl. 3:50	Leyfð	THE DEPARTED	kl. 10	B.1.16	BÖRN	kl. 8	B.1.12
THE DEPARTED VIP	kl. 5								THE DEPARTED	kl. 10	B.1.16
THE LAST KISS	kl. 5:45 - 8 - 10:30	B.1.12									

www.sambion.is (373 8900) www.sambion.is



AXL ROSE Söngvari Guns N' Roses bað aðdáendur sína afsökunar á heimasíðu sveitarinnar.

**Máttu ekki drekka**

Rokksveitin Guns N' Roses hefur hætt við tónleika sem hún ætlaði að halda í Portland vegna þess að hún fær ekki drekka áfengi á sviðinu. Nokkrum klukkustundum eftir að þeim var bannað að nota áfengi ákváðu þeir að hætta við allt saman.

Söngvarinn Axl Rose bað aðdáendur sína afsökun á heimasíðu sveitarinnar. „Þetta er synd því þetta hefði verið frábært kvöld fyrir okkur öll.“



GWYNETH PALTROW færir út kvíarnir og sést nú varla öðruvísi en syngjandi.

**Syngur í auglýsingu**

Gwyneth Paltrow mun láta reyna á raddböndin í nýrri auglýsingu fyrir Estée Lauder, en leikkonan er andlit snyrtivörutækisins. Auglýsingin er fyrir hinn vinsæla ilm Pure White Linen, og er greint frá því að leikkonan muni raula auglýsingastefið. Henni væri þó væntanlega treystandi til þess að gera meira en raula, því hún syngur nú inn á fyrstu plötu sína og er þegar búin að senda frá sér smáskífu..

**Óður til ógæfunnar**

Útvarpsmennirnir Freyr Eyjólfsson og Magnús Einarsson hafa gefið út sorglega kántriplötu. Davíð Þór Jónsson semur alla textana á plötunni.

Fyrir helgi leit afsprengi hljómsveitarinnar Sviðin jörð dagsins ljós. Platan, sem ber hið hljómfagra nafn Lög til að skjóta sig við, var þó að miklu leyti getin og samin í rökkri. „Þetta er sorglegasta kántriplata Íslandssögunnar. Hún kostaði þrjá hjónaskilnaði, áfengismeðferð og mjög háan barreikning,“ sagði útvarpsmaðurinn Freyr Eyjólfsson, en hann skipar Sviðna jörð ásamt Magnúsi Einarssyni, einnig útvarpsmanni. Tónlistin er spröttin úr mörgum tegundum kántrítónlistar, en á plötunni má heyrja tex mex kántrí, djassskotið kántrí, rokkad kántrí og þjóðlagakántrí. Davíð Þór Jónsson, sem sér um textasmíði, segir plötuna vera ód til ógæfunnar, en hugmyndin kviknaði fyrir um tveimur árum þegar félagarnir þrír höfðu allir lent í hrömmum óhamingjunnar, þó ekki skuli fjallað sérstaklega um ástæðuna.

„Við veltum því fyrir okkur að hafa aðvörunarmiða utan á plötunni: textar á þessari plötu geta valdið alvarlegu þunglyndi hjá unglingum og öðru viðkvæmu fólki,“ sagði Davíð, og Freyr skýtur inn í: „Ef þú spilar plötuna aftur á bak kemur konan aftur til þín, hundurinn lifnar við, bíllinn fer í gang og þú hættir að drekka.“

Hugmyndin fæddist í þunglyndi, depurð og deyfð yfir glasi á Grand rokki. „Það var verið að spila einhverja voðalega niðurdrepandi tónlist og við vorum allir svo daprir eitthvað og niðurdregnir yfir hlutskipti okkar í lífinu að það var einhver sem hreytti út úr sér: Parf að spila þessi lög til að skjóta sig við herna?“ sagði Davíð, en Freyr segir margt vera byggt á



FREYR, MAGNÚS OG DAVÍÐ ÞÓR Þungbúnir á svip, enda segja þeir plötuna vera sorglegustu kántriplötu Íslandssögunnar.

sannri reynslu.

„Textarnir eru mjög áhrifamiklir, og við reyndum að fylgja því eftir með því að semja lög sem eru einföld en grípanði í allri sinni óhamingju. Upphaflega hugmyndin var að fá helstu eðalsöngvara landsins með okkur, en við ákváðum á endanum að syngja þetta sjálfir, þó við værum með litlar raddir og ljótar,“ sagði Magnús. „Okkur fannst það verða meira ekta þannig, því við vissum úr hvaða jarðvegi þetta kom.“

Þar sem hugmyndin fæddist á Grand rokki, en Sviðin jörð kom fyrst fram þar og mörg laganna og textanna voru skrifaðir á sama stað, segir Freyr það eiginlega óhjákvæmilegt að þeir verði með útgáfutónleika á staðnum líka. „Svo vona ég bara að þeir fari að rífa þennan stað sem fyrst! Þá verður þetta ekkert nema sviðin jörð, í bókstaflegri merkingu,“ bætti hann hlægjandi við.

sunna@frettabladid.is



PETE DOHERTY Átti ekki pening til að boga sektina sem hann fékk fyrir að sparka í hendi sjónvarpsmanns.

**Fátækur**

Ólátabelgurinn og rokkarinn Pete Doherty þurfti enn á ný að mæta fyrir rétt í Bretlandi. Í þetta skiptið var það fyrir að sparka míkronfóni úr hendinni á sjónvarpsmanni í mars síðastliðnum. Doherty var dæmdur til að greiða tæpar 100.000 íslenskar krónur í skaðabætur en gat ekki borgað sektina. Doherty var víst bara með nokkra smáaura á sér og fékk undanþágu hjá dómranum til að borga sektina innan sjö daga.

Keramík fyrir alla

**Jólin nálgastr**

Nú er rétti tíminn til að mála jólagjafirnar.

Bókaðu eigin hóp, eða komdu þegar þér hentar.

Keramík fyrir alla  
sími 552 2882, Laugavegi 48b.  
Sjá lýsingu: www.keramik.is

K 90% íbúðalán  
þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð!



DMK 90% íbúðalán og aðra þjónustubætti DMK á spron.is



## > Birgir Leifur í 11. til 20. sæti

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson er þessa dagana að keppa á lokastigi úrtökumótsins fyrir Evrópumótaröðina. Birgir Leifur lék sinn annan hring í gær á 72 höggum eða á pari vallarins. Birgir Leifur var tveimur höggum undir pari þegar þrjár holur voru eftir en fékk tvo skolla á síðustu þremur holunum og endaði á pari. Birgir Leifur er í 11. til 20. sæti eftir tvo keppnisdaga, á þremur höggum undir pari samtals. Eftir fjóra hringi verður keppendum fækkað niður í 70. Þeir keppendur munu leika tvo hringi og 30 efstu kylfingarnir komast á Evrópumótaröðina á næsta ári.

**spor**  
sport@fre



## AUÐUNN JÓNSSON: VARÐ Á LAUGARDAGINN HEIMSMEISTARI Í KRAFTLYFTINGUM Í 125 KG FLOKKI

# Getur vel verið að maður segi þetta bara gott

Auðunn Jónsson kraftlyftingamaður varð á laugardaginn heimsmeistari í 125 kg flokki þegar hann lyfti samtals 1.040 kg. Þetta er í fyrsta sinn sem Auðunn vinnur heimsmeistaratitilinn og hann var í skýjunum þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær.

„Þetta er eitthvað sem ég hef stefnt að frá því ég byrjaði að æfa kraftlyftingar tólf ára gamall. Mig hefur alltaf langaði til að verða heimsmeistari í kraftlyftingum. Ég hef nánast verið að æfa með það að markmiði síðan. Ég er búinn að gera margar tilraunir. Ég á tvö silfur frá heimsmeistaramótinu og ég hef einu sinni fengið brons og tvisvar verið í fjórða sæti,“ sagði Auðunn Jónsson sem varð Evrópumeistari fyrir átta árum.

Þessi þyngd sem Auðunn lyfti á mótinu er alveg við Íslandsmetið sem hann á sjálfur, en metið er 1.050 kg. „Ég setti nýtt Íslandsmet í bekknum en var aðeins lægri í hnébeygjunni af því að ég var bara að spila þetta örugglega. Ég var bara að einbeita mér að því að vinna,“ sagði Auðunn



og bætti því við hann væri í sínu besta formi núna.

„Ég er í mínu allra besta formi. Ég var alveg við mitt besta í öllum og var að auki að bæta mig í bekknum. Þetta gekk alveg eins og í sögu, ég tók níu lyftur af níu mögulegum og tók allt sem ég reyndi við.“

Auðunn sagði að kraftlyftingamenn væru lengi að jafna sig eftir svona mót. „Ég er lengi að jafna mig eftir svona mót. Síðustu þungu æfingarnar eru teknar 2 til 3 vikum fyrir mót. Eftir svona mót er bara eins og að járnbrautarlest hafi keyrt yfir mann. Það er allt tekið út,“ sagði Auðunn og bætti því við að framtíðin væri óljós.

„Ég hef stefnt svo lengi að þessu og nú er markmiðinu náð. Maður kemst ekki lengra en þetta. Nú ætla ég bara að hugsa málið, það getur vel verið að ég segi þetta bara gott og svo getur líka vel verið að ég mæti alveg trylltur á næsta ári.“

Auðunn fékk höfðinglegar móttökur í Leifstöð í gær þegar hann kom heim af heimsmeistaramótinu.

# Ragna sigraði í einliðaleik

Ragna Ingólfssdóttir fór með sigur af hólmi í einliðaleik á alþjóðlegu badmintonmóti sem fram fór hér á landi um helgina. Ragna og Tinna Helgadóttir enduðu í öðru sæti í tvíliðaleik eftir æsispennandi úrslitaleik.

**BADMINTON** Í gær lauk alþjóðlegu badmintonmóti, Iceland Express International, sem fram fór hér á landi. Fjölmargir erlendingar leikmenn tóku þátt í mótinu. Íslendingar unnu tvenn verðlaun á móti en Ragna Ingólfssdóttir vann gullverðlaun í einliðaleik kvenna og hún vann silfurverðlaun í tvíliðaleik ásamt Tinnu Helgadóttur.

Ragna mætti Susan Hughes í úrslitum í gær og vann fyrstu lotuna 21-14. Ragna lenti í erfiðleikum í annarri lotu þar sem sú skoska hafði betur 21-11. Í oddalotunni fór svo Ragna með sigur af hólmi 21-12 og tryggði sér þar með sigurinn í einliðaleik.

„Það var mjög skemmtilegt fyrir mig persónulega að vinna þessa stelpu í úrslitum. Þetta var í fjórða skiptið sem ég mætti þessari stelpu og ég hafði tapað fyrir henni tvisvar áður og unnið hana einu sinni. Þannig að það var komið að mér að vinna núna. Það er líka gott fyrir sjálfstraustið að vinna mót og þá sérstaklega hérna heima.“

Ég vann mót í Tékklandi í síðasta mánuði og það eiginlega skipti engan máli þar en hérna er gaman af fá þessa hvatningu,“ sagði Ragna mjög ánægð með árangur á mótinu.

„Ef maður þekkir andstæðinginn þá veit maður alveg í hverju hún er góð og í hverju hún er slök. Ég hafði ekki spilað við neinn annan andstæðing minna á þessu móti og kom því í leikina án þess að vita neitt um andstæðinginn. Þá finnur maður það í leiknum og þegar líður á í hverju hún er léleg. En fyrir þennan úrslitaleik vissi ég alveg hvernig ég ætlaði að spila,“ bætti Ragna við.

Það er nóg að gera hjá Rögnu og hún spilar grimmt víðsvegar um Evrópu. „Ég fer út á fimmtu-



RAGNA INGÓLFSSDÓTTIR Tekur hér við gullverðlaunum sínum fyrir sigurinn í einliðaleik kvenna.

daginn og spila í Noregi. Síðan fer ég til Ítalíu í desember og eftir það kemur smá frí. Þá þarf ég að byggja mig aftur upp.

Það er annað stórt mót hér á landi í janúar, Evrópukeppni Blandslíða, og það gæti verið að það verði mitt fyrsta mót eftir áramót.“

Ragna og spilafélagi hennar í tvíliðaleik, Tinna Helgadóttir þurftu að sætta sig við annað sætið í tvíliðaleik á mótinu. Þær stóllur mættu skosku stelpunum Emmu

Mason og Imogen Bankier í úrslitum og leikurinn var mjög spennandi. Svo fór að skosku stelpurnar sigruðu í tveimur lotum, 21-16 og 21-19.

Magnus Sahlberg frá Svíþjóð vann í einliðaleik karla á mótinu og Danirnir Christopher Bruun Jensen og Morten T. Kronborg sigruðu í tvíliðaleik karla. Í tvenndarleik voru það þau Henri Hurskainen og Emma Wengberg frá Svíþjóð sem sigruðu.

dagur@frettabladid.is



ÚR LEIK Fylkismenn töpuðu samanlagt með tveimur mörkum gegn TVS St. Otmár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Evrópukeppnin í handbolta: Fylkismenn eru úr leik

**HANDBOLTI** Fylkir mætti TVS St. Otmár frá Sviss í síðari leik liðanna í Evrópukeppninni í handbolta í gær. Fylkir þurfti að bíta í það súra epli að tapa leiknum í gær með einungis einu marki, 29-30.

Fylkir tapaði einnig fyrri leiknum með sömu markatölu og er því úr leik í Evrópukeppninni að þessu sinni.

Sigurður Sveinsson, þjálfari Fylkis, sagði eftir fyrri leikinn að hans menn ættu að vinna þetta lið en því miður gekk það ekki upp. Því miður náðist ekki í Sigurð Sveinsson eftir leikinn í gær.

- dsd

## ÚRSLIT Í GÆR

Evrópukeppnin í handb.

**HAUKAR-PARIS HANDBALL** 19-29  
Mörk Hauka (skot): Jón Karl Björnsson 5/3 (8/3), Gisli Jón Þórisson 4 (8), Kári Kristjánsson 3 (5), Árni Þór Sigtryggsson 3 (11), Andri Stefan 2 (7), Freyr Brynjarsson 1 (3), Ólafur Björnsson 1 (1).  
Varin skot: Magnús Sigmundsson 9, Björn Víðar Björnsson 2.

Haukar úr leik í EHF-keppninni eftir stórt tap gegn Paris Handball í síðari leik liðanna að Ásvöllum í gær:

# Ömurleg frammistaða hjá Haukum

**HANDBOLTI** Karlalið Hauka varð sér til skammar með frammistöðu sinni gegn franska liðinu Paris Handball í gær. Liðið sýndi átakanlega andlausan og lélegan leik gegn Frökkunum og töpuðu með tíu marka mun, 19-29. Síðari hálfleikur var glæpsamlega lélegur og leikmenn Hauka hefðu með réttu átt að standa fyrir utan húsið eftir leik og endurgreiða þeim fáu sem greiddu fyrir að horfa upp á þessa hörmung. Þeir skoruðu „heil“ níu mörk í síðari hálfleik.

Það var vitað fyrir leikinn að það yrði á brattann að sækja fyrir Hauka en þeir töpuðu fyrri leiknum ytra með tíu mörkum og þess utan hefur liðið lítið sem ekkert getað í vetur og því vart við því að búast að liðið springi út í gær.

Haukastrákarnir byrjuðu leikinn ágætlega, skoruðu tvö fyrstu mörk leiksins en lítið meir en það. Smám saman tóku Frakkarnir

völdin og þeir voru ekki í vandræðum með finna glufur á arfaslakri vörn Hauka þótt flest allt sem þeir gerðu væru einstaklingsframtök. Fyrir aftan varnarlinuna vorðu markverðirnir síðan ekki skot og verður að segjast eins og er að örg mörk Frakkanna voru ódýr og þurftu Frakkarnir lítið að hafa fyrir þeim.

Sóknarleikurinn var ágætur til að byrja með en það fjaraði fljótt undan honum, leikmenn misstu agann, fóru að taka illa ígrunduð skot og fengu oftar en ekki á sig ódýr mörk í kjölfarið. Ballið var endanlega búið í hálfleik þegar Frakkarnir leiddu með fimm mörkum, 10-15, og fimmtán mörkum samtals.

Það var hrein pína að horfa á síðari hálfleik. Haukamenn höfðu algjörlega lagt niður vopnin en Frakkarnir höfðu örliðið meiri vilja til að spila. Leikurinn breytt-



JÓN KARL BJÖRNSSON Er hér kominn í gott færi í leiknum í gær, þar sem ekkert gekk upp hjá Haukum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ist í skrípaleik þar sem áhorfendur töldu niður mínúturnar fram að leikslökum. Þegar upp var staðið

vann Paris tíu marka sigur, 19-29, og komst því áfram með 20 mörkum samtals.

- hbg



DAVID BECKHAM Mikil óvissa virðist vera um framtíð hans hjá Real Madrid.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Martin Jol stjóri Tottenham:

## Mun ekki bjóða í Beckham

**FÓTBOLTI** Martin Jol, framkvæmdastjóri Tottenham, hefur látið hafa það eftir sér að hann muni ekki bjóða í David Beckham. Fréttir herma að bandaríska knattspyrnudeildin vilji fá Beckham en samkvæmt sömu heimildum er Beckham tilbúinn til að taka á sig mikla launalækkun til að fara til Manchester United næsta sumar.

„Ég ber mikla virðingu fyrir David Beckham en ég hef aldrei sagt að ég vilji kaupa hann. Við erum vel mannaðir. Við erum með Aaron Lennon í stöðu hægri kantmanns,“ sagði Jol.

Tottenham hefur farið illa af stað í deildinni og í gær tapaði liðið fyrir Reading á útivelli, 3-1.

- dsd



AFTUR TIL MILAN? Berlusconi segir að Shevchenko vilji fara aftur til AC Milan.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Forseti AC Milan:

## Shevchenko vill koma aftur

**FÓTBOLTI** Silvio Berlusconi, forseti AC Milan, segir að Andrei Shevchenko vilji snúa aftur til ítalska liðsins. Shevchenko var keyptur til Chelsea í sumar fyrir metfé og hefur ekki náð sér almennilega á strík á Englandi.

„Ég talaði við Shevchenko nýlega. Hann hringdi í mig og það var mjög gaman. Eg var með öðru fólki og það fóru allir að biðja hann að koma aftur. Hann svaraði því til að hann myndi vilja það mjög mikið,“ sagði Berlusconi en Shevchenko hefur skorað fimm mörk í fimmtán leikjum fyrir Chelsea hingað til.

- dsd





ALBERT LUQUE Er ekki í náðinni hjá Roeder og vill komast burt frá Newcastle.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Albert Luque:

## Líður mjög illa hjá Newcastle

**FÓTBOLTI** Spænski sóknarmaðurinn Albert Luque er ekki þar hrifinn af dvöl sinni hjá Newcastle. Nú virðist hann vera búinn að missa þolinmæðina og vill snúa aftur til Spánar. Luque hefur fengið sárfaða tækifæri eftir að Glenn Roeder tók við Newcastle.

Luque var ekki í liði Newcastle sem mætti Watford í deildarbikarnum í vikunni þrátt fyrir að meiðli hrjái framherja liðsins. „Það er ótrúlegt að ég hafi ekki verið í liðinu gegn Watford. Lokaákvörðunin er hjá stjóranum og ef hann hefur ekki áhuga á því að velja mig í liðið þá er sennilega best fyrir mig að yfirgefa félagið og það strax í janúar. Mér líður mjög illa hérna,“ sagði Luque en líklegt þykir að hans gamla félag, Deportivo La Coruna, reyni að kaupa kappann í janúar.

- dsd

Sir Alex Ferguson:

## Vill að Scolari hvíli Ronaldo

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, framkvæmdastjóri Manchester United, hefur beðið Scolari, þjálfara Portúgal, að hvíla Ronaldo en Portúgal mætir Kazakhstan á miðvikudaginn í undankeppni EM.

„Ronaldo er meiddur á ökkla en það er Scolari sem ræður því hvort strákurinn spilar leikinn. Leikurinn er gegn Kasakstan og maður skyldi ætla að Portúgal gæti unnið án Ronaldos og ef hann er tæpur þá vona ég að hann spili ekki leikinn,“ sagði Ferguson en Gary Neville á líka við meiðli að stríða og missir af leik Hollands og Englands á miðvikudaginn.

- dsd



VAN NISTELROOY Fór á kostum í gær og skoraði fjögur mörk í sigri Real Madrid.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Real Madrid vann Osasuna:

## Van Nistelrooy með fjögur

**FÓTBOLTI** Real Madrid vann góðan sigur á Osasuna í spænsku deildinni í gær, 4-1. Leikurinn var á heimavelli Real Madrid og það var Hollendingurinn Ruud van Nistelrooy sem stal senunni en hann skoraði öll mörk heimamanna í leiknum.

Þessi markaskorari sýndi sitt rétta andlit í gær og átti gríðarlega góðan leik. Nistelrooy kom Real í 3-0 áður en gestirnir náðu að klóra í bakkann. Van Nistelrooy rak svo smíðhöggið á undir lok leiksins með sínu fjórða marki.

Sigurinn færði Real Madrid upp í þriðja sæti deildarinnar.

- dsd

Haukar unnu uppgjör efstu liðanna í kvennakörfuboltanum:

## Keflavík alltaf skrefi á eftir Haukum

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar Hauka standa vel í baráttunni um titilinn eftir sigur á erkifjendunum í Keflavík, 90-81. Haukar eru því enn taplausir en tapið var það fyrsta hjá Keflavík í vetur.

Haukarnir byrjuðu leikinn af geysilegum krafti og áður en Keflavíkurstúlkur voru vaknaðar var staðan 10-0 fyrir Hauka. „Það var hrikalegt að gefa þessa forgjöf og ég vil meina að leikurinn hafi tapast á þessum upphafskafli,“ sagði Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, eftir leikinn.

Hann hafði hugsanlega eitt-hvað til síns máls því Keflavík elti allan leikinn og munaði svo sannarlega um stigin tíu sem Haukar fengu nánast í forgjöf. Keflavík lét mótlætið ekki buga sig heldur spýtti í lófana og gaf allt til að komast inn í leikinn á ný. Staðan var 48-40 í hálfleik og enn möguleiki hjá Keflavík.

Þriðji leikhluti var mjög góður hjá gestunum úr Keflavík og þá sérstaklega hjá Bryndísi Guðmundsdóttur sem skoraði 13 góð stig í leikhlutanum. Staðan fyrir lokafjórðunginn 69-63 og nokkur spennan að myndast.

Þrátt fyrir mikinn vilja og fina baráttu tókst Keflavík ekki að brúa bilið og Haukar lönduðu mikilvægum sigri, 90-81. Munaði nokkuð um hjá Keflavík að Birna Valgarðsdóttir gat ekki leikið vegna meiðsla og svo fann Kanninn, Takesha Watson sig engan veginn og munar um minna.

Það sat nokkur þreyta í Haukaliðinu eftir Evrópuleikinn en þær sýndu alltaf styrk sinn þegar Keflavík nálgadist. Í raun stýrðu þær leiknum og héldu algjörlega ró sinni. Þær stigu svo á bensínið þegar á þurfti að halda. Klassalið sem erfitt verður að stöðva.

„Það er ekkert launungarmál að við ætlum okkur að halda titlinum og teljum okkur geta haldið honum. Það er samt of snemmt að vera með einhverjar yfirlýsingar um hvort það sé hægt að stöðva okkur,“ sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hauka.

- hbg

**LÝSANDI FYRIR LEIKINN** Ifeoma Okonwo er hér komin fram hjá Ingibjörgu Vilbergsdóttur leikmanni Keflavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



# Hyundai hefur gæðin

Hefur gæðin



Hyundai er í 3. sæti í nýjstu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus.

Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.

### Top 5 Nameplates in 2006 Initial Quality Study

Problems per 100 Vehicles

Lower score indicates higher initial quality

Rank	Nameplate	Problems per 100 Vehicles
1	Porsche	91
2	Lexus	93
3	Hyundai	102
4	Toyota	106
5	Jaguar	109
	Industry Average	124

Source: J.D. Power and Associates 2006 Initial Quality Study™ (IQS)

Með mesta rýmið í sínum flokki



Frá kr. 1.390.000

**Getz**

- ESP stöðugleikastýring
- ABS bremsujöfnun
- 4 loftþúðar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður
- CD/MP3 spilari, 4 hátalarar



Nú fáanlegur 2.0 dísel - sjálfskiptur

Frá kr. 2.290.000

**SONATA**

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftþúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- ofl.

**HYUNDAI** hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is



Með bílinn handa þér



## ÚRSLIT Í GÆR

### Iceland Express deild kk:

HAUKUR-SKALLAGRÍMUR	79-98
<b>Stig Hauka:</b> Roni Leimu 27, Kevin Smith 17, Kristinn Jónsson 15, Marel Guðlaugsson 8, Sævar Haraldsson 4, Sveinn Sveinsson 4, Vilhjálmur Steinsson 2, Lúðvík Bjarnason 2.	
<b>Stig Skallagríms:</b> Darryl Flake 27, Jovan Zdravovski 23, Hafþór Ingi Gunnarsson 14, Pétur Már Sigurðsson 12, Dimitar Karadzovski 9, Sveinn Blöndal 8, Axel Kárasón 5.	
PÓR PÓRLÁKSHÖFN-FJÖLNIR	97-95
ÍR-KR	66-81
TINDASTÖLL-GRINDAÐVÍK	82-101

### STADAN:

KR	6	5	1	561:473	10
SNÆFELL	6	5	1	454:413	10
UMFN	6	5	1	482:449	10
UMFG	6	5	1	534:449	10
KEFLAVÍK	6	4	2	573:505	8
SKALLAGR.	6	4	2	528:490	8
TINDASTÖLL	6	2	4	518:520	4
FJÖLNIR	6	2	4	495:539	4
ÍR	6	1	5	453:514	2
PÓR PÓRL.	6	1	5	459:547	2
HAUKAR	6	1	5	489:568	2
HAMAR/SELF.	6	1	5	410:489	2

### Iceland Express deild kvk:

HAUKAR-KEFLAVÍK	90-81
<b>Stig Hauka:</b> Ifeoma Okonkwo 32, Helena Sverrisdóttir 31, Krístrún Sigurjónsdóttir 9, Guðrún Ámundadóttir 8, Sigrún Ámundadóttir 7, Hanna Hálfánardóttir 2, Pálína Gunnlaugsdóttir 1.	
<b>Stig Keflavíkur:</b> Bryndís Guðmundsdóttir 24, Takesha Watson 14, Margrét Kara Sturludóttir 11, María Ben Erlingsdóttir 10, Rannveig Randversdóttir 9, Svava Ósk Stefánsdóttir 7, Ingibjörg Vilbergisdóttir 6.	
HAMAR-BREIÐABLIK	84-59

### STADAN:

HAUKAR	4	4	0	417:239	8
KEFLAVÍK	4	4	0	361:237	8
UMFG	4	2	2	317:314	4
ÍS	4	2	2	251:297	4
HAMAR	4	0	4	246:356	0
BREIÐABLIK	4	0	4	220:369	0

### DHL-deild karla:

STJARNAN-AKUREYRI	22-23
<b>Mörk Stjörnunnar:</b> Tite Kalandaze 6/1 (8/1), Gunnar Jóhannsson 5 (5) Elias Halldórsson 4/1 (7/2), David Kekelia 3 (5), Björn Friðriksson 3 (7), Hermann Björnsson 1 (1).	
<b>Varin skot:</b> Roland Eradze 13.	
<b>Fiskuð víti:</b> 3 (Gunnar 2, Elias).	
<b>Hraðauppþröppun:</b> 7 (Elias 3, Gunnar 3, Kekelia).	
<b>Utan vallar:</b> 10 mínútur.	
<b>Mörk Akureyrar:</b> Ásbjörn Friðriksson 6 (10), Goram Gucis 4/2 (4/2), Hörður Sigþórsson 4/1 (5/1), Aigalo Lazdins 2 (2), Alex Kusminz 2 (3), Andri Stefánsson 2 (5), Magnús Stefánsson 2 (8), Þorvaldur Þorvaldsson 1 (1).	
<b>Varin skot:</b> Hreiðar Guðmundsson 11/1, Sveinbjörn Pétursson 2.	
<b>Fiskuð víti:</b> 3 (Lazdins 3).	
<b>Hraðauppþröppun:</b> 2 (Hörður, Ásbjörn).	
<b>Utan vallar:</b> 8 mínútur.	

### STADAN:

VALUR	6	5	0	1	170:154	10
HK	6	4	1	1	154:138	9
AKUREYRI	5	3	1	1	142:133	7
FYLKIR	5	2	1	2	131:137	5
STJARNAN	6	2	0	4	163:165	4
HAUKAR	6	1	2	3	167:181	4
FRAM	4	1	1	2	106:108	3
ÍR	6	1	0	5	158:175	2

### DHL-deild kvenna:

ÍBV-HK	29-27
FH-GRÓTTA	18-24

### STADAN:

VALUR	9	7	1	1	247:209	15
GRÓTTA	9	7	0	2	235:208	14
STJARNAN	6	5	0	1	202:120	10
HAUKAR	8	5	0	3	231:193	10
ÍBV	8	4	1	3	214:201	9
FRAM	9	3	3	3	212:234	9
HK	9	3	0	6	232:271	6
FH	9	1	1	7	198:237	3
AKUREYRI	9	0	0	9	171:257	0

### Evrópukeppnin í handb.:

TVS ST. OTMAR-FYLKIR	30-29
----------------------	-------

### Enska úrvalsdeildin:

READING-TOTTENHAM	3-1
0-1 Keane, víti (24.), 1-1 Shorey (38.), 2-1 Sidwell (45.), 3-1 Doyle (79.).	
ARSENAL-LIVERPOOL	3-0
1-0 Flamini (41.), 2-0 Toure (56.), 3-0 Gallas (79.).	

### Spænska úrvalsdeildin:

CELTA VIGO-RECREATIVO	1-2
GETAFA-MALLORCA	1-0
GIMNASTIC-DEPORTIVO	0-0
RACING SANTANDER-SEVILLA	0-0
REAL BETIS-LEVANTE	2-1
REAL SOCIEDAD-ESPANYOL	1-1
OSASUNA-REAL MADRID	1-4
BARCELONA-ZARAGOZA	3-1

Eiður Smári var í byrjunarliði Barcelona en var skipt út á 67. mínútu.

Skallagrímur vann þriðja útileikinn í röð þegar liðið sigraði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði:

# Árangursríkur sunnudagsbíltúr hjá Sköllunum

**KÖRFUBOLTI** Skallagrímur frá Borgarnesi fékk sér fínan bíltúr í höfuðborgina í gær og yfirgaf svæðið með ís í annarri og tvö stig í hinni eftir öruggan sigur á Haukum á Ásvöllum, 79-98.

Gestirnir tóku völdin strax frá upphafi og náðu ágætis forskoti, þökk sé góðum leik þeirra Zdravevskis og Flakes sem fóru mikinn í sókninni. Haukarnir héldu þó Sköllunum í um tíu stiga fjarlægð lengst af en Roni Leimu hélt þeim lengi vel á floti í sókninni á meðan lítið kom út úr Kevin Smith. Sex stiga munur var á liðunum í leikhli, 45-51.

Skallarnir voru mun sterkari í þriðja leikhli og virtust ætla að stinga af. Haukar neituðu að gefast upp, unnu sig inn í leikinn aftur og munurinn tíu stig fyrir

síðasta leikhli, 69-79.

Í lokaleikhliutanum sýndu Skallarnir raunverulegan styrk sinn, hreinlega keyrðu yfir heimamenn og kláruðu leikinn þegar nokkuð var eftir af honum. Það var engu líkara en þeir hefðu verið á hálfum hraða fram að því og þeir lítið á leikinn sem hluta af huggulegum sunnudagsbílturnum.

„Við spiludum vel og héldum dampi í nánast fjórutíu mínútur. Það voru fimm slakar mínútur hjá okkur, annars var þetta mjög gott, sagði kátur þjálfari Skallanna, Valur Snjólfur Ingimundarson. „Við spiludum góða vörn og þegar það gerist þá vinnum við. Svo var sóknin líka að virka enda skorum við um hundrað stig sem er gott.“

- hbg



KEMST LÍTIÐ ÁLEIÐIS Kevin Smith, leikmaður Hauka, á hér í höggi við varnarmúr Skallagríms.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Arsenal rótburstaði Liverpool

Leikmenn Arsenal fóru illa með erkifjendur sína í Liverpool í gær. Ívar lék allan leikinn fyrir Reading þegar liðið vann góðan heimasigur á Tottenham.

**FÓTBOLTI** Tveir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær. Það var stórleikur á Emirates Stadium þar sem Arsenal tók á móti Liverpool. Svo fór að Arsenal sigraði Liverpool 3-0 þar sem ólíklegustu menn komust á blað sem markaskorarar. Reading vann góðan sigur á Tottenham, 3-1, á heimavelli sínum eftir að Tottenham hafði komist yfir í leiknum.

Leiks Arsenal og Liverpool var beðið með mikilli eftirvæntingu enda um tvö stórlíð að ræða. Leikurinn fór fjórlega af stað og Peter Crouch náði að skora fyrir Liverpool en það mark var réttilega dæmt af vegna rangstöðu. Mathieu Flamini kom svo Arsenal yfir stuttu fyrir leikhli eftir góðan undirbúning frá Cesc Fabregas.

Leikmenn Arsenal slógu ekki slöku við í síðari hálfleik og bættu við tveimur mörkum. Fyrst var það varnarmaðurinn Kolo Toure sem komst einn inn fyrir vörn Liverpool og skoraði af öryggi og þegar tíu mínútur lifðu eftir af leiknum náði William Gallas að innsigla sigurinn fyrir Arsenal með góðu marki.

„Við þurfum á þessum sigri að halda. Tímabilið snýst um að rífa sig upp eftir slæmt gengi og við vorum óþæginn á móti West Ham um síðustu helgi. Ég vissi að þetta yrði mikilvægur leikur fyrir okkur. Við lékum gegn góðu liði Liverpool og fyrsta markið gerði



SIGURLEIÐI Leikmenn Arsenal fagna hér marki William Gallas í leiknum í gær þar sem Arsenal rúllaði yfir Liverpool.

NORDIC PHOTOS/GETTY

gæfumuninn,“ sagði Arsene Wenger stjóri Arsenal eftir leikinn.

Ívar Ingimarsson lék allan leikinn í liði Reading sem vann góðan sigur á Tottenham á heimavelli sínum. Brynjar Björn Gunnarsson kom inn á þegar fimm mínútur voru til leiklok.

Tottenham skoraði fyrsta markið úr vítaspyrnu en tvö mörk fyrir leikhli komu heimamönnum yfir. Reading tryggði sér síðan sigur í leiknum með marki skömmu fyrir leiklok og 3-1 sigur liðsins stað-

reynd.

Martin Jol stjóri Tottenham var að vonum ósáttur með tapið. „Við ætluðum að gera betur í þessum leik en það vantaði alla baráttu í liðið. Það er pirrandi. Ef við hefðum unnið þennan leik þá hefði það verið frábært. Við erum komnir í átta liða úrslit í deildarbikarnum, erum að spila vel í Evrópukeppninni og hefðum sennilega farið í sjöunda sæti í deildinni. En við klúðruðum því.“

dagur@frettabladid.is

Leikmenn Stjörnunnar og Akureyrar buðu upp á mikla dramatík þegar liðin áttust við í Garðabæ í gær:

# Akureyri vann ótrúlegan sigur á Stjörnunni

**HANDBOLTI** Það var ótrúlegur leikur sem áhorfendur í Ásgarði fengu að sjá í gær. Akureyri komst einu sinni yfir í leiknum og það var á mikilvægasta augnablikinu, sekúndu áður en flautið var til leiklok. Lokatölur urðu 22-23 og dramatíkin var mikil í leiklok.

Stjörnumenn léku án Patreks Jóhannessonar í gær en hann á við meðli að stríða í baki og Kristján Halldórsson tók enga áhættu með leikmanninn. Ekki nóg með það heldur byrjaði Tite Kalandaze á bekknum í gær.

Leikurinn var mjög jafn í byrjun en Stjörnumenn höfðu þó yfirleitt yfirhöndina og lið Akureyrar komst aldrei nær Stjörnunni en svo að jafna leikinn. Það var oft á tíðum ekki falllegur handbolti sem leikmenn buðu áhorfendum upp á í gær og til að mynda var sóknarleikur Akureyrar oft frekar vandræðalegur á köflum.

Þegar um fimm mínútur voru eftir af fyrri hálfleik tóku Stjörnumenn leikhli í stöðunni 9-8. Eitthvað hefur það verið sem Kristján þjálfari liðsins hefur sagt sem virtust vera vítamínsprautu fyrir heimamenn. Stjarnan skoraði fimm næstu mörk



HART BARIST Tite Kalandaze er hér tekinn föstum tökum af Herði Sigþórssyni, leikmanni Akureyrar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

og breytti stöðunni úr 9-8 í 14-8.

Akureyri náði þó að skora síðasta mark hálfleiksins og staðan í hálfleik var 14-9, Stjörnunni í vil. Stjarnan hélt forskoti sínu fram-

an af síðari hálfleik en norðanmenn börðust grimmilega. Smátt og smátt minnkaði bilið á milli liðanna og Akureyri náði að jafna metin í fyrsta sinn í síðari hálfleik þegar

rúm mínúta var eftir af leiknum.

Stjörnumenn fóru illa að ráði sínu og misstu boltann. Akureyri brunaði upp völlinn og Tite Kalandaze tók á það ráð að brjóta gróflega á einum leikmanni Akureyrar og fékk fyrir vikið að líta rauða spjaldið. Þegar þetta gerðist voru fjórar sekúndur eftir af leiknum.

Akureyri tók aukakastið og fékk víti þegar brotið var á Aigalo Lazdins. Úr vítinu skoraði Goran Gucis og tryggði Akureyri sigur. Þetta var í fyrsta og eins skiptið sem Akureyri komst yfir leiknum.

Sævar Árnason þjálfari Akureyrar var að vonum ánægður eftir leikinn. „Þetta er ótrúlega sætur sigur. Við vorum yfir í eina sekúndu í leiknum og það var sekúndan sem skipti máli,“ sagði Sævar en það vakti athygli að Hreiðar Guðmundsson, markvörður Akureyrar, fór fram í síðustu sókn liðsins.

„Hann kann ekkert að spila sókn og það kom aldrei til greina að senda á hann. Ég trúi heldur ekki að þeir hafi ætlað að setja mann á hann.“


- dsd



# „GRÆJAÐU ÞIG EINS OG BOND“ 7<sup>F</sup>



**SONY**



KDL32S2010  
SONY 32" BRAVIA LCD SJÓNVARP  
32 Bravia LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Bravia Engine myndstýring  
Stafrænn og analog móttakari  
HDMI tengi

Kaupauki:  
Bond skjalataska með öllum Bondmyndunum.  
40 diskar í endurbættri útgáfu.

**199.950,-**

16.663,- á mánuði í  
12 mánuði vaxtalaust

\*\*Takmarkað magn

**39.950,-**

Fylgir með sony 32"

**Sony Center Kringlunni**  
www.sonycenter.is sími: 588 7669



## > Jerry Orbach

Fæddist í New York árið 1935 og lést árið 2004 úr krabbameini. Jerry er þekktastur fyrir hlutverk sitt í myndinni Dirty Dancing og einnig sem lögfróðingurinn Lennie Briscoe í Law & Order sem verður á Skjá Einum í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ: SVAVAR HÁVARÐSSON SETUR SIG Í STELLINGAR

# Amma Stína og göngugrindin hennar

Amma Stína átti forlata sjónvarpsstól. Í honum sat hún jafnan og þrjónaði. Stóllinn var gegnt sjónvarpinu en oftast var slökkt á því, helst kveikti hún til að sjá fréttir. Gamla konan hafði á langri ævi komið sér upp stellingu í stólnum sem hún gat haldið klukkustundum saman, hvort sem hún var að þrjóna eða horfa á fréttatímann. Hún virtist aldrei þurfa að laga sig neitt til. Á þessu var aðeins ein undantekning. Kappléikir í handbolta, eins og hún kallaði beinar útsendingar frá leikjum íslenska landsliðsins í handknattleik, voru í sérstöku uppáhaldi Stínu ömmu. Mörgum dögum áður en stólmót hófust í þessari þjóðaríprótt okkar fór að hýrna yfir gömlu konunni. Hún talaði meira, borðaði meira og hreyfði sig meira. Á venjulegum degi notaði hún göngugrind eina mikla til að bera sig um. Síðan, þegar landsleikirnir stóðu sem hæst, notaði hún göngugrindina til að æða um gólf á hraða sem teldist sennilega ólöglegur úti á vegum landsins. Svo spennt varð sú gamla. Ein-



hverju sinni, þegar ég horfði á leik með henni, taldi ég mig finna brunalykt þegar hún stormaði framhjá stólnum þar sem ég sat. Sem dæmi um berserkjaæðið sem rann á ömmu Stínu þegar hún horfði á handbolta þá þurfti ég einu sinni að hjálpa henni ofan af göngugrindinni, þar sem hún hafði komið sér fyrir til að ná betra sambandi við þá sem hún þurfti að úthúða á meðan á útsendingunni stóð. Það var gott að ég var með henni í gömlu stofunni hennar þennan dag, því annars hefði hún sennilega farið sér að voða. Þegar stórmóti lauk, fór hún aftur í stólinn sinn, setti sig í stellinguna og beiddi eftir því næsta.

Ég er ekki eins og amma, ég hreyfi mig ekkert þegar ég horfi á sjónvarp. Það er miður, því ég virkilega þarf á hreyfingunni að halda. Móral sögunnar er þó þessi: Gott sjónvarpsefni er hollt fyrir líkama og sál.

### AMMA STÍNA

Þessi mynd var tekin skömmu eftir að amma fékk stólinn. Eins og sést var myndin tekin á milli móta.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.40** Jamie Oliver STÖÐ 2



▶ **20.00** Truman Show STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** Law & Order SKJÁR EINN



▶ **22.30** KF Nörd SÝN



▶ **23.55** 24 SIRKUS

## SIJÓNVARPIÐ

- 15.45 Helgarsportíð**
- 16.10 Ensku mörkin** Sýndir verða valdir kaflar úr leikjum síðustu umferðar í enska fótboltaum.
- 17.05 Leiðarljós**
- 17.50 Táknmálsfréttir**
- 18.00 Myndasafnið**
- 18.01 Alda og Bára (24:26)**
- 18.08 Bú! (13:26)** (Bool)
- 18.16 Lubbi læknir (36:52)**
- 18.30 Vistaskipti (24:26)** (Foreign Exchange) Þáttaröð um ástralskan strák og írsku stelpu sem finna gátt sem þau geta farið um milli landanna tveggja og á ferðalögum sínum lenda þau í margvíslegum ævintýrum.
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.10 Edduverðlaunin 2006** Kynntar verða tilnefningar til Edduverðlaunanna 2006 sem afhent verða í beinni útsendingu frá Hótel Nordica á sunnudagskvöld.
- 20.20 Márar (1:2)** (The Moors) Bresk heimildamynd í tveimur hlutum um Mára sem ríktu yfir Spáni í 700 ár og sögu þeirra.
- 21.15 Glæpahneigð (18:22)** (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsvit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Mandy Patinkin, Thomas Gibson, Lola Claudini og Shemar Moore.
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.25 Ensku mörkin**
- 23.20 Spaugstofan** Endursýndur þáttur frá laugardagskvöldi.
- 23.45 Kastljós**
- 0.20 Dagskrárlok**

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 6.05 Emil í Kattholti**
- 8.00 Salsa**
- 10.00 Full Court Miracle**
- 12.00 The Truman Show**
- 14.00 Emil í Kattholti**
- 16.00 Salsa**
- 18.00 Full Court Miracle**
- ▶ **20.00 The Truman Show**
- 22.00 The Manchurian Candidate**
- 0.05 Intermission** Stranglega bönnuð börnum.
- 2.00 Knockaround Guys** Stranglega bönnuð börnum.
- 3.55 The Manchurian Candidate**



- 6.58 Ísland í bítíð** Fjölbreyttur fréttatengdur dægumáláttur þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi hverju sinni. Umsjónarmenn eru Heimir Karlsson og Sigríður Arnardóttir, betur þekkt sem Sirný.
- 9.00 Bold and the Beautiful**
- 9.20 Í finu formi 2005**
- 9.35 Oprah (120:145)**
- 10.20 Ísland í bítíð (e)**
- 12.00 Hádegisfréttir**
- 12.40 Neighbours**
- 13.05 Valentína (My Sweet Fat Valentína)**
- 13.50 Mr. Bean (Herra Bean)(13:14)**
- 14.15 Daddy and Them** (Pabbi og þau) Ljúfsár og léttgeggjuð gamanmynd eftir Billy Bob Thornton þar sem hann og Laura Dern leika ástfangin hjón sem þó eiga í stormasömu sambandi. Þegar frændi hans er dæmdur til fangelsisvistar fyrir að hafa framið morð þurfa þau hjón að setja eigin ágreining til hliðar, snúa bókum saman og veita fjölskyldunni huggun. Aðalhlutverk: Laura Dern, Billy Bob Thornton, Diana Ladd. Leikstjóri: Billy Bob Thornton. Leyfð öllum aldurshópum.
- 16.00 Ljónagrín (Father of the Pride)**
- 16.25 Skrimslaspilið (28:49)**
- 16.45 Títeuf**
- 17.05 Ginger segir frá**
- 17.30 Véla-Villi (Engie Benji)**
- 17.40 Bold and the Beautiful**
- 18.05 Neighbours**
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
- 19.00 Ísland í dag**
- ▶ **19.40 Jamie Oliver - með sínu nefi (6:26)**
- 20.05 Extreme Makeover: Home Edition (16:25)** Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington og handlagna gengið hans góðhjarða halda áfram að koma fjárvana fjölskyldum í opna skjöldu með að gera rækleigar endurbætur á hýbýlum þeirra. Leyfð öllum aldurshópum.
- 20.50 Grey's Anatomy - NÝTT (1:22)**
- 21.35 Crossing Jordan (8:21)**
- 22.20 60 mínútur (60 Minutes)**
- 23.05 Prison Break**
- 23.50 Bad Apple (Skemmt epli)**
- 1.25 The Inside (10:13) Stranglega bönnuð börnum.**
- 2.10 NCIS (18:24)**
- 2.55 Ísland í bítíð e**
- 4.20 Crossing Jordan (8:21)**
- 5.05 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrir í kvöld.
- 6.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ**

## SKJÁREINN

- 7.00 6 til sjö (e)**
- 8.00 Rachael Ray (e)**
- 8.45 Gegndrepa (e)**
- 15.55 Game tívi (e)**
- 16.20 Beverly Hills 90210** Bandarísk unglingsasería.
- 17.05 Rachael Ray** Glænyfir spjallþættir sem hafa vakið mikla athygli í Bandaríkjunum. Rachael Ray hefur verið kölluð hin nýja Oprah, enda er Oprah Winfrey hennar mesti aðdáandi og einn af framleiðendum þáttanna.
- 18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveru SkjásEins.
- 19.00 Everybody Loves Raymond (e)** Bandarísk gamansería um Ray Barone og skrautlega fjölskyldu hans.
- 19.30 Gegndrepa (e)** Ný, íslensk þáttaröð þar sem barist er með vatn að vopni.
- 20.00 One Tree Hill** Fjórða þáttaröð þessarar vinsælu unglingsaseríu þar sem áhorfendur fá húmor, drama og bullandi rómantík - allt í einum pakka!
- 21.00 Survivor: Cook Islands** Survivor keppnin fer nú fram í þrettánda sinn og í þetta skiptið fer keppnin fram á Cook Islands í Kyrrahafi. Líkt og í síðustu þáttaröð er alltaf einn keppandi sendur í útleð þar sem hann er einangraður frá félögum sínum en fær um leið tækifæri til að leita að friðhelgisgoðinu sem getur komið sér vel seinna meir.
- ▶ **22.00 Law & Order** Bandarískur þáttur um stórf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.
- 22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarísk gamansería.
- 23.20 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum.
- 0.05 C.S.I: New York (e)** Bandarísk saka-málasería.
- 1.05 Casino (e)** Bandarísk raunveruleika-sería.
- 1.55 Beverly Hills 90210 (e)**
- 2.40 Óstöðvandi tónlist**

## SIJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

- 18.00 Insider (e)** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórndurmið með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood.
- 18.30 Fréttir NFS**
- 19.00 Ísland í dag**
- 19.30 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
- 20.00 Entertainment Tonight**
- 20.30 My Name is Earl**
- 21.00 Tekinn** Skemmtikrafturinn og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal stjórna þættinum Tekinn, þætti sem er í anda Punk' d með Ashton Kutcher. Auðið hrekkir þjóðþekta einstaklinga og tekur allt saman upp á faldar myndavélar. Með aðstoð vina og ættingja „fórnarlambanna“ verða stjórnumar leiddar í gildur þar sem leikarar í hinum ýmsum gervum gera allt sem í þeirra valdi stendur til að pirra, hræða og hrella viðkomandi. Allt þetta er gert undir stjórn Auða. Hvernig bregðast íslensku stjórnumar við að vera hrelltar af Auða Blö? Hversu langt eru vinir og ættingjar þeirra tilbúnir að ganga í stríðinni? Dagskrárframleiðandi þáttarins er Kristófer Dignus, sem stjórnaði Auða og Strákunum á Stöð 2.
- 21.30 So You Think You Can Dance 2**
- 23.00 Weeds (e)**
- 23.30 Insider**
- ▶ **23.55 24 (19:24) (e) Bönnuð börnum.**
- 0.40 24 (20:24) (e) Bönnuð börnum.**
- 1.25 Seinfeld (e)** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
- 1.50 Entertainment Tonight (e) 2.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

- 14.00 Middlesbrough - West Ham** (frá 11. nóv)
- 16.00 Blackburn - Man. Utd.** (frá 11. nóv)
- 18.00 Prumuskot**
- 19.00 Arsenal - Liverpool** (frá 12. nóv)
- 21.00 Að leikslokum 22.00 Ítölsku mörkin**
- 23.00 Prumuskot (e)**
- 0.00 Man. City - Newcastle** (frá 11. nóv)
- 2.00 Dagskrárlok**

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

VINSELASTI ÞÁTTUR BANDARÍKJANNA  
FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD!




# GREY'S ANATOMY

Í kvöld kl. 20:50





Í KVÖLD



SYN

RÁS 1 FM 92,4/93,5

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp  
tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin /  
Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun  
/ Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora  
efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

DR 1

NK1

1 SVT 1



## Í KVÖLD

## Sirkus kl 21.50.

## WEEDS

Önnur þáttaröðin um húsmóðurina Nancy sem er einn drjúgasti eiturlyfjasalinn í úthverfum Los Angeles. Eftir að eiginmaður hennar fellur skyndilega frá lendir Nancy í miklum fjárhagsörðugleikum. Til þess að bjarga sér út úr vandræðunum tekur Nancy upp á því að selja maríjúana í úthverfum Los Angeles. Þessir gamansömu dramabættir slógu óvænt í gegn í fyrra og hafa hlotið einróma lof gagnrýnenda. Til marks um það hlaut Mary-Louise Parker Golden Globe-verðlaunin 2006 fyrir frammistöðu sína í þáttunum.

Í þætti kvöldsins fer Cecile, besta vinkona Nancy, alvarlega að velta fyrir sér hvað vinkona hennar gerir eiginlega í frítíma sínum. En sjálf verður Nancy ekkert vör við hnýsnina í vinkonu sinni því hún hefur öðrum hnöppum að hneppa, er upptekin við að skipuleggja nýtt sóluátak í armenska hverfinu – þar sem hún ætlar sér að sjálfsgöðu stóra hluti.



## ▶ VIÐ MÆLUM MED SPAUGSTOFUNNI

## Í SJÓNVARPINU KL. 23.30

Strákarnir í Spaugstofunni eru langt frá því að vera af baki dottnir. Sjónvarpið sýnir í kvöld enn einn snilldarþátt af Spaugstofunni. Grínistarnir hafa verið að í mörg ár og við megum búast við meira fjöri frá þeim í framtíðinni. Þættirnir eru sýndir á laugardagskvöldum og endursýndir á mánudagskvöldum svo að enginn missi af neinu. Góða skemmtun.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfregnir 6.50 Bæn 7.00 Fréttir 16.13 Hlaupanótan  
7.05 Morgunvaktin 8.00 Fréttir 9.00 Fréttir 17.00 Fréttir  
9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 17.03 Viðsjá  
10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 18.00 Kvöldfréttir  
Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið 18.24 Auglýsingar  
í nærmynd 18.25 Spegillinn  
12.03 Hádegisútlarp 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar  
12.20 Hádegisfréttir 19.00 Vítinn  
12.45 Veðurfregnir 19.30 Laufskálinn  
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar 20.10 Söngvamáll  
13.00 Vitt og breitt 21.00 Heimurinn okkar  
14.00 Fréttir 21.55 Orð kvöldsins  
14.03 Útlarpssagan: Bréf til Brands 22.00 Fréttir  
14.30 Miðdegistónar 22.10 Veðurfregnir  
15.00 Fréttir 22.15 Úr tónlistarlífinu: Reykholtshátíð  
15.03 Krossgötur 2006  
16.00 Fréttir 0.00 Fréttir  
16.10 Veðurfregnir 0.10 Útlarpáð á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

## SYN

15.30 NFL - ameríska ruðningsdeildin (Cincinnati - San Diego)

17.30 Golf - Meryll Lynch Shootout (Golf - Meryll Lynch Shootout) Útsending frá lokadegi Meryll Lynch-mótsins sem Greg Norman stendur fyrir.

19.30 Meistaradeild Evrópu í handbol (Fram - Sandefjord) Útsending frá leik Fram og Sandefjord sem fram fór í gær í Meistaradeild Evrópu.

20.45 Sterkasti maður í heimi 2005 (World's Strongest Man 2005)

Keppnin um sterkasta mann heims er ávalt skemmtileg. Mótið fór fram í Kína í nóvember á síðasta ári. Íslendingar áttu fulltrúa á þessu móti en það var hinn nautsterki Boris Haraldsson.

21.15 Spænsku mörkin Íarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrífín og umdeildu atvikin. 22.00 Ensku mörkin

▶ 22.30 KF Nörd (11:15) (KF Nörd) Logi Ólafsson þjálfari Nördana grípur á það ráð að senda Nördana í sveit. Þar sem Nördarnir hafa fengið stjómmeðferð að undanförmu grípur Logi á það ráð að koma þeim niður á jörðina. Það þeir og strita í íslensku bændasamfélagi og þar sem þeir eru þangað komnir er ekki úr vegi að leika knattspyrnu við sanna karlmenn úr sveitinni.

23.15 Heimsmótaröðin í Póker (Gold Strike World Poker Open) Snjöllustu pókerspilarar heims koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til er ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur póker átt miklum vinsældum að fagna víða um heim og kemur margt til. Ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra. Á mótaröðinni er spilað fyrirkomulagið Texas hold'em sem er hvað skemmtilegast fyrir áhorfendur.

## DR 1

11.40 Debatten 12.20 Udefra 13.20 Danmark Ekspeditionen 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Hjerteflimmer 15.30 Boogie Update 16.00 Vestens største skurk 16.05 Yu-Gi-Oh! 16.30 Troldspejlet 17.00 Den hvide sten 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Genbrugsguld 19.00 DR 1 Dokumentaren - Bombernes bagmaend 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Hun så et mord: Den keltiske gåde 22.25 OBS 22.30 Viden om 23.00 Boogie Update

## NRK1

12.00 Siste nytt 12.05 Schrödingers katt 12.30 Arbeidsliv 13.00 Siste nytt 13.05 Norge rundt 13.30 Åpen himmel: Salmesus fra Sørlandet 14.00 Siste nytt 14.05 lan tar regien 14.30 Den blå sandens hemmelighet 15.00 Siste nytt 15.03 Nedlanding 15.30 Ekspedisjon erken 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Harry med bitta full av dinosaurer 17.10 Gubben og katten 17.25 Vennene på Solflekken 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Arven etter Myllarguten 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Koht i familien 21.00 Dok 1: Min mann, Andréj Sakharov 22.00 Kveldsnytt 22.10 Store Studio 22.50 Inspektør Morse

## 1 SVT 1

12.00 Sportspegeln 13.15 Den ofrivillige golfaren 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Garage - Ålska film! 16.30 Krokodill 17.00 Små Einsteins 17.30 Zoé Kézako 17.45 Klister 18.00 Lilla sportspegeln 18.30 Rapport 19.00 En uppstoppad hund 20.00 Plus 20.30 Kobra 21.00 Supernatural 21.45 Rapport 21.55 Kulturmyheterna 22.05 Bingo Royale 22.50 Humorlabbet 23.20 Sändning från SVT24

# Superman Batman Armann\* Spiderman

\*fyrir okkur hin





## HRÓSÍÐ ...



... fá Pórunn Inga Sigurðardóttir og hennar fólk í Ey-mundsson Austurstræti sem hefur lífgað upp á mannlífið með opnun nýs bókakaffihúss.

1	2	3	4	5
6	7	8		
9		10	11	
12			13	
	14			15
16			17	
18		19		20
21				

## LÁRÉTT

2 hirsla 6 málmur 8 samstæða 9 þrjóna-  
varningur 11 sjó 12 sykurefni 14 einskis 16  
skóli 17 tala 18 flana 20 bor 21 stagl.

## LÓÐRÉTT

1 líkamshluti 3 hróp 4 ítalskur ofnréttur  
5 frjó 7 dyljast 10 gerast 13 þakhað 15  
kaups 16 blaður 19 samtök.

## LAUSN

LÁRÉTT: 2 hólf, 6 ál, 8 par, 9 les, 11 sár, 12  
sýkera, 14 nígla, 16 ma, 17 stjól, 18 asa, 20  
al, 21 staga.  
LÓÐRÉTT: 1 háls, 3 óp, 4 lasanla, 5 fæ,  
7 leynd, 10 ske, 13 rís, 15 sólu, 16 mas,  
19 aa.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Steinunn Valdis Óskarsdóttir.
- 2 Múm.
- 3 Erlendur Ísfeld.

PAKKA FERÐIR  
VIÐ ALLRA HÆFI

## Sheraton Real de Faula

+ Valfrjást Verð frá 59.180 kr.

Frábært hótél með öllum þægindum. Tveir einstakir gólfvelli, annar par 72 og hinn er par 62. Krefjandi brautir og útsýni yfir Miðjarðarhafið. Einstök lífsreynsla fyrir alla gólfara, reynda sem byrjendur.

## Tottenham-Wigan

— 24.-27. nóv. 58.900 kr.

## Berlín í jólaundirbúningi

— 24.-27. nóv. 51.900 kr.

## George Michael

— 27.-29. nóv. 69.900 kr.

## Aðventuferð til Trier

— 8.-11. des. 59.900 kr.

## Chelsea-Arsenal

+ 9.-11. des. 69.900 kr.

Risaslagur af bestu gerð á Stamford Bridge! Síðustu leikir þessara liða hafa verið magnaðir og verður eflaust hart barist að þessu sinni. Innifalið: Flug með sköttum, gisting á St. Giles í tvær nætur og miði á leikinn.

## Arsenal-Portsmouth

— 15.-17. des. 59.900 kr.

## Óli Palli og The Pogues

— 16.-18. des. 59.900 kr.

## Arsenal-Man. City

— 30.-31. jan. 54.900 kr.

## Liverpool-Everton

— 2.-4. feb. 84.900 kr.

Öll verð miðast við að tveir séu saman í herbergi.  
Nánar á [www.expressferdir.is](http://www.expressferdir.is) eða í síma 5 900 100



Express Ferðir

## Tilfinninga-Daði tjáir sig

Daði Sveinsson á sér mjúka hlið. Á bloggsíðunni sinni gengur hann undir nafninu Tilfinninga-Daði og túlkar þar hinar ýmsu tilfinningar fyrir framan myndavél. „Hver sem er getur sent inn ósk um tilfinningu. Ég reyni að gera henni góð skil og tek svo mynd af mér,“ útskýrði Daði í samtali við Fréttablaðið. Hugmyndina segir hann vera stolna og ekkert annað. „Þetta er úr hinum stóra heimi. Ég sá einhverja síðu hjá strák sem var að gera þetta og vissi að þetta hefði ekki verið gert hérna á Íslandi. Maður hefur nú séð verri hugmyndum stolið!“

Daði segir ýmsar fátíðlegar óskir hafa borist til hans en hann á þó nokkrar upphaldstilfinningar. „Tilhugsunin um að amma sé ófrísk

er í upphaldi hjá mér. Ég er mjög stoltur af myndinni við það. Og líka geðshræringin yfir því að klósett-pappírinn sé búinn.“ Því hefur löngum verið fleygt að íslenskir karlmenn eigi erfitt með að tjá tilfinningar sínar, eða geri í það minnsta lítið af því. Aðspurður hvort hann sé mikil tilfinningavera svarar Daði: „Ég fer að grenja yfir Lord of the Rings. Fólk má svo skera úr um það sjálft.“ Hann segir síðuna geta þjónað bældum íslenskum karlmönnum. „Ég get bara séð um tilfinningatjáningu fyrir þá sem nenna því ekki sjálfir,“ sagði Daði.

DAÐI SVEINSSON Tjáir tilfinningar á bloggsíðu sinni en er hér í sinni eðlilegu mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/PB



PÉTUR OG VILHJÁLMMUR: ALFRÆÐIORDABÆKUR UM JAMES BOND

## Craig rétti maðurinn

„Ég tek alla seríuna á fimm ára fresti og rifja upp gamla takta,“ segir Pétur Ívarsson, verslunarstjóri Boss í Kringlunni og mikill aðdáandi James Bond, en nýjasta myndin um kappann, Casino Royal, verður frumsýnd á fimmtudaginn. „Kosturinn við Bond og Star Wars er sá að maður fær ekki klígu yfir gömlu myndunum,“ bætir Pétur við.

Viðskiptavinir tiskuverslunarinnar ættu ekki að koma að tómun kofanum þegar Pétur og samstarfsfélagi hans, Vilhjálmmur Svan Vilhjálmsson, eru annars vegar því sjálfir segjast þeir vera hálfgerðar alfræðiorðabækur um Bond og allt sem viðkemur þeim fræðum. Sjálfur segir Pétur að Sean Connery sé sinn maður en bætir því við að hann hafi tekið þá George Lazenby og Roger Moore í sátt að undanfögnu.

Þeir Pétur og Vilhjálmmur viðurkendu að þeir væru orðnir ansi spennir fyrir myndinni en hún er byggð á fyrstu sögu Ian Flemming um leyniþjónustumanninn. „Miðað við það sem ég hef séð úr myndinni líst mér bara vel á þetta,“ segir Pétur og vísar þar til stikla sem sýndar hafa verið í kvikmyndahúsum borgarinnar að undanfögnu. „Ég vona innilega að þær verði aftur „svalar“. Þrjár síðustu hafa bara verið einhverjir „sketsar en ekki heildstæðar, flottar myndir og mér finnst þær hafa skort alla kaldhæðni,“ útskýrir Pétur og heyrir má að Vilhjálmmur tekur undir þau orð. „Mér finnst þær



LOKSINS ARFTAKI? Daniel Craig hefur fengið mikið lof fyrir leik sinn sem James Bond og telja sumir að hann gæti hugsanlega velt Sean Connery úr sessi.



PÉTUR OG VILHJÁLMMUR Segjast vera alfræðiorðabækur um James Bond og allt sem viðkemur honum.

hafa reynt að fara í einhverja samkeppni við nútíma hasarmyndir á borð við XXX en það er einfaldlega ekki rétti takturinn fyrir Bond,“ heldur Pétur áfram, augljóslega sáttur við að nýr maður skyldi vera fenginn til að bregða sér í hlutverk kvennabósans og mannsins með leyfi til að drepa.

Skrautlegar umræður spunnust um hver yrði næsti Bond eftir að ljóst varð að Pierce Brosnan myndi ekki snúa aftur. Fjöldi stórleikara voru nefndir til sögunnar og þeir Pétur

og Vilhjálmmur bjuggust báðir við að breski stórleikarinn Clive Owen myndi hreppa hnosið. „En Daniel Craig var fljótur að sannfæra mig um að hann væri rétti maðurinn í starfið,“ segir Pétur sem bjóst þó ekki við því að standa í röð í kvikmyndahúsum borgarinnar. „Skiptir vodalega litlu máli hvenær maður sér hana, á hvort eð er eftir að sjá hana fjórum eða fimm sinnum.“

KÓNGURINN Sean Connery hefur verið ókrýndur konungur Bond-hlutverksins og er í miklu upphaldi hjá gallhörðum aðdáendum.

## Skiptir á klukku og flugferð

„Hugmyndin er fengin frá manninum í Bandaríkjunum sem byrjaði með eina rauða bréfaflakku í höndunum og náði með skiptum að fá fyrir hana hús,“ segir Óskar Þór Þráinsson um framtak sitt, en hann heldur nú úti bloggsíðu um nokkuð merkilegt verkefni. Óskar vill á tæpu ári ná að fá ferð til Þýskalands í skiptum fyrir hestalyklakippu.

„Ég er fátækur námsmaður og hef lengi verið á leiðinni að heimsækja systur mína í Þýskalandi, en aldrei komist. Mér datt í hug að fara af stað með íslenskan skiptileik, og vil komast út næsta sumar,“ sagði Óskar, sem hefur nú þegar gert þrjú skipti.

Hestalyklakippunni skipti hann fyrir kaffikort upp á tvo fría kaffidrykki, því næst fékk hann hitamáli fyrir kaffi sem

hann skipti fyrir forláta vekjarklukku. „Hugmyndafræðin á bak við þetta er sú að menn meta hluti misjafnlega. Hingað til hafa öll skiptin gagnast fólki að einhverju leyti, en fyrir mig skiptir máli að fá jafn veglegan eða veglegri hlut,“ sagði Óskar, sem segir nokkur tilboð hafa borist í hvern hlut. „Það stefnir í mjög skemmtileg skipti næst, ef allt gengur eftir,“ sagði Óskar, sem tekur á móti tilboðum í vekjaraklukkuna til 12. nóvember. Hann er bjartsýnn á að ná markmiði sínu. „Ekki spurning. Annars hefði ég aldrei lagt í þetta.“

ÓSKAR ÞÓR ÞRÁINSSON MÆÐ VEKJARAKLUKKUNA GÓÐU Kom af stað skiptileik til að komast í heimsókn til Þýskalands.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Vinsældir Magna virðast ekkert vera farnar að dvína því eins og greint var frá í laugardagsblaði Fréttablaðsins er nú uppselt á tónleika hans með Á móti Sól, Dilönu, Toby og Storm í Laugardalshöllinni.

Færi vita hins vegar að Magni er mjög vinsæll í Kanada og er á leiðinni þangað í þessari viku til að spila á tónleikastaðnum Party like a Rock Star í Ottawa. Magni sagði í samtali við Fréttablaðið að Kanada-búar hefðu verið álíka sólgnir í raunveruleikaþættina.

Og meira af afmælistónleikum Magna í Laugardalshöllinni því sögusagnir hafa verið á kreiki um að sigurvegari Rock Star: Supernova, Lukas Rossi, hygðist einnig koma fram á þessum stórtónleikum. Rossi mun hafa haft samband við Magna af fyrra garði og lýst yfir áhuga sínum en varð síðan frá að hverfa þegar ljóst var að hann yrði of upptekinn með hljómsveitar-meðlimum sínum, þeim Gilby Clarke og Tommy Lee. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þó ansi miklar líkur á því að rokkhundarnir leggi leið sína hingað til lands fyrr en síðar og skemmti rokkþyrstum Íslendingum.

Baltasar Kormákur gerir það ekki síður gott en Magni því samkvæmt síðustu tölum hafa yfir sextíu þúsund Íslendingar nú séð myndina hans Mýrina. Grunnskólar og framhaldsskólar hafa sýnt myndinni mikinn áhuga og hafa bæði Garðaskóli og Fjölbautaskóli Garðabæjar nú þegar verið með einkasýningar á myndinni en í kjölfarið mun leikstjórnin síðan hafa heimsótt þessar skólastofnanir og rætt við nemendurna um myndina. - fgg



# LENNON & SINFÓNÍAN

hljómleikar til heiðurs John Lennon  
háskólabíói 1. desember 2006



:: söngvarar

björn jörundur

hildur vala

kk

eivör pálsdóttir

jón ólafsson

páll rósinkrans

sigurjón brink

magnús þór sigmundsson

haukur heiðar hauksson (dikta)

jens ólafsson (brain police)

:: rokkhljómsveit

jón ólafsson

guðmundur pétursson

stefán már magnússon

pétur örn guðmundsson

friðrik sturluson

jóhann hjörleifsson

tónlistarstjóri :: jón ólafsson

útsetningar :: haraldur vignir sveinbjörnsson

konsertmeistari :: sigrún eðvaldsdóttir

hljómsveitarstjóri :: árne harðarson

kynnir :: sigurður skúlason

:: flutt verða lög eftir John Lennon sem  
hafa verið útsett fyrir sinfóníuhljómsveitina  
og rokkhljómsveit af þessu tilefni

give  
peace  
a  
chance

*John Lennon*

miðasala hefst í dag kl 10



Coca-Cola



EXTON



OFUR  
HETJUR

lennon.is

midi.is





## BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

### Fertug töfrakista


Fyrsta íslenska kvikmyndin sem ég sá hét „Síðasti bærinn í dalnum“ og sú síðasta var „Mýrin“. Þetta eru ólíkar myndir og erfitt að bera þær saman, ekki síst vegna þess að tímans tönn hefur nagað sundur fyrir mér söguþráðinn í fyrri myndinni svo að eftir sitja aðeins fáeinir slittrur. Þó rámar mig í að aðalpersónurnar hafi verið mjög ungar, eins og Ísland var þá; stelpa og strákur sem bjuggu í sveit. Forvitni og nýjungagirni æskunnar leiddi síðan til þess að börnin fundu sér kraftmikið farartæki sem var töfrakista og flugu af stað á vit ævintýra; gott ef þau lentu ekki um stund í tröllahöndum; en allt fór það vel að lokum.

PESSI bernska kvikmynd frá upphafsárum íslenskrar kvikmyndagerðar inniheldur ýmis tímanna tákn sem hægt er að túlka sem spásögn um þá framtíð sem beið þjóðarinnar: Ungir Íslendingar yfirgefa síðasta bæinn í dalnum og færa sér í nyt nær yfirnáttúrulega tækni, lenda í spennandi ævintýrum og finna fjársóð. Alla vega var „Síðasti bærinn í dalnum“ birtingarmynd draums um ævintýraferð inn í nútímann, en jafnframt angurvær kveðja til fornra búskaparháttanna og þeirra trölla og vætta sem höfðu byggt þetta land með okkur í meira en þúsund ár og voru orðin bæði tótraleg og hrum.

Í MÝRINI lifir ekkert eftir af fornum íslenskum hefðum utan einn sviðakjammí. Og persónanna í þeirri mynd bíður ekki spennandi ævintýraferð í tækniundri á borð við töfrakistu. Þvert á móti fjallar myndin um þá ógæfu sem getur hlotist af því þegar tæknin sviptir hulunni af vitneskju sem er ekki okkur ætluð.

BÁÐAR myndirnar „Mýrin“ og „Síðasti bærinn í dalnum“ endurspeglar sinn tíma eins og góð listaverk gjarnan gera. Barnsleg forvitni skín út úr fyrri myndinni og klunnaleg frásagnartækni sýnir okkur hversu óstyrk fyrstu skrefin voru. Mýrin er faguð, fótvis og veraldarvís - og í stað ámátlegra trölla eru komnar hræðilega mennskar óvættir. Félag kvikmyndagerðarmanna fagnar fjöru-tíu ára afmæli um þessar mundir. Töfrakista þeirra samtaka býður upp á ævintýralegar skoðunarferðir um íslenska þjóðarsál.

## Subaru kynnir Cross Wagon



LEGACY

SUBARU

HEY... ÞETTA ER ÍSLAND



Sedan verð frá 2.490.000,- Wagon verð frá 2.640.000,-

Subaru Cross Wagon er sérútbúinn fyrir Ísland. Hann er upphækkaður og á stærri dekkjum sem henta betur við þær erfiðu aðstæður sem fyrirfinnast hérlendis. Hann hefur sömu veghæð og flestir jepplingar og kemst því mun víðar en venjulegir fólkswílar. Subaru Cross Wagon er besti valkosturinn fyrir íslenskar akstursaðstæður.

Cross Wagon beinskiptur

**2.760.000,-**

Sjálfskiptur 2.890.000,-

SYMMETRICAL AWD

<b>Ingvar Helgason</b>	Sævarhöfða 2 Sími 525-8000 www.ih.is	Opíð: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00.	
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464-7940	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990 Reyðarfirði 474-1453

**SHARP**

Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANA

**SAMSUNG**

EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG

**Pioneer**

MEÐ FULLKOMNA FORUSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM

**LOEWE.**

MARG VERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN

**VEGGSJÓN VÖRÞ**  
Glæsilegt úrval!

**ORMSSON**

SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI